



FRÉTTABLAÐIÐ

12. mars 2005 – 69. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**


LAUGARDAGUR



HAFÍS VIÐ GRÍMSEY Grímseyingar sóttu í gær vír til Dalvíkur og var ætlunin að strengja hann fyrir höfnina til að verja báta og hafnarmannvirki fyrir hafís sem nálgast eyjuna. Sjá síðu 2

KASPAROV HÆTTIR Skáksnillingurinn Garrí Kasparov segist hættur taflmennsku þar sem hann hafi ekki lengur að neinu að stefna á þeim vettvangi. Hann ætlar að helga sig stjórnmalabaráttu í Rússlandi. Sjá síðu 4

SAMSTARFIÐ YRDI SKRÝTIÐ Formaður Félags fréttamanna segir vandasamt að sjá hvernig samstarf fréttamanna og nýráðsins fréttastjóra geti gengið upp án átaka og sérkennilegra vinnubragða. Sjá síðu 2




ÞAÐ VERÐUR SVELLKALT Í DAG OG NÆSTU DAGA og blæs af norðri. Bjart og þurr syðra en lítillhátar el fyrir norðan. Sjá síðu 4



ÁRSAFMÆLI Landsnefnd UNICEF býður til barnaafmælis í tilefni af eins árs afmæli sínu í dag. Afmælið verður í Skaftahlíð 24 milli 15 og 16 og verður boðið upp á afmælsköku, djús og blöðrudýr frá dýpstu frumskógum Afríku.

Kvikmyndir	54	Myndlist	50
Tónlist	50	Íþróttir	42
Leikhús	50	Sjónvarp	56

Fjöldi lesenda á laugardögum*



*Landið allt skv. fjölmildakönnun Gallup, feb. 2005.

Íslensk milljarðakaup í lyfjaverksmiðju á Spáni

Íslenskir fjárfestar hasla sér völl í samheitalyfjaframleiðslu á Spáni með kaupum á tveimur lyfjaverksmiðjum sem voru í eigu risafyrirtækisins Procter & Gamble. Kaupverðið er trúnaðarmál, en gera má ráð fyrir að verðmæti viðskiptanna sé á áttunda milljarð króna.

VIÐSKIPTI Hópur íslenskra fjárfesta hefur keypt tvö spænsk lyfjafyrirtæki sem sérhæfa sig í þróun og framleiðslu samheitalyfja. Íslenska fyrirtækið Invent Farma kaupir fyrirtækin, en forystumaður hópsins er Friðrik Steinn Kristjánsson, stofnandi Omega Farma sem nú tilheyrir samsteypu samheitalyfjafyrirtækisins Actavis.

Velta félaganna er 4,5 milljarðar króna, en þau voru samkvæmt heimildum Fréttablaðsins í eigu risafyrirtækisins Procter &

Gamble. Kaupverð er trúnaðarmál, en gera má ráð fyrir að verðmæti viðskiptanna liggi á bilinu sjö til átta milljarðar króna.

Fyrirtækin Inke og Laboratorios Lesvi eru í Barcelona og starfa samtals hjá þeim 290 manns. Inke sérhæfir sig í þróun og framleiðslu virkra lyfjaefna og á fjölda framleiðslueinkaleyfa. Helstu markaðir þess eru í Evrópu, Bandaríkjunum og Japan. Laboratorios Lesvi framleiðir samheitalyf, bæði undir eigin vörumerkjum á Spáni og undir vörumerkjum annarra. Sam-

kvæmt íslensku fjárfestunum hefur Lesvi náð merkjum áföngum í þróun á margvíslegum samheitalyfjum. Með félögum fylgja viðskiptasambönd, en meðal viðskiptavina eru lyfjafyrirtækin Bayer, Merck sem á í samstarfi við Decode, Ratiopharm, Sandoz og Stada.

Allir lykilstarfsmenn fyrirtækisins halda áfram störfum hjá fyrirtækinu og hafa tekið tilboði íslensku fjárfestanna um kaup á þrettán prósentu hlut í félaginu. Invent Farma er alfarið í eigu

íslenskra fjárfesta, en auk Friðriks eru meðal annarra í eignaþópnum Jón Árni Ágústsson, fyrrverandi stjórnarmaður Omega Farma, Ingi Guðjónsson, forstjóri Lyfju, og Frosti Bergsson, stofnandi og fyrrverandi stjórnarformaður Opinna kerfa.

Fyrirvarar eru í kaupsamningnum um samþykki samkeppnisyfirvalda á Spáni og er gert ráð fyrri að afstaða þeirra liggi fyrir í apríl. Fyrirtækjasvið KB banka hafði milligöngu um kaupin og lánar bankinn til þeirra. - hh



ÚRSLITIN TILKYNNT Hildur Vala Einarsdóttir, til vinstri, og Aðalheiður Ólafsdóttir, til hægri, biðu úrslitanna spenntar. Hildur fagnaði þegar úrslitin voru tilkynnt á tölfta tímanum í gærkvöldi. Hún segist hafa gert sér vonir um sigur en ekki verið viss um hann fyrir en úrslitin voru kynnt.

Hörkuspennandi keppni þar sem 135 þúsund atkvæði voru greidd:

Hildur Vala hrósaði sigri

SÖNGKEPPNI „Ég er himinlifandi. Þetta er árangur sem mig dreymdi ekki fyrir,“ segir Hildur Vala Einarsdóttir, sem í gær bar sigur úr býtum í Idol-stjörnuleit á Stöð 2.

Hildur segist ekki hafa gert sér grein fyrir því að staðan væri hnífjöfn og ekki verið viss um sigur fyrir en hún heyrði nafn sitt nefnt þegar úrslitin voru tilkynnt í gærkvöldi.

Hún atti kappi við Aðalheiði „Heiðu“ Ólafsdóttur og hafði betur í kosningu þar sem litlu munaði þrátt fyrir að 135 þúsund atkvæði væru greidd.

Hildur Vala söng lögin The Boy Who Giggled So Sweet, Slappaðu af og Líf; frumsamið lag Jóns Ólafssonar við texta Stefáns Hilmarssonar.

Hildur Vala er önnur Idolstjarnan á Íslandi, en Kalli Bjarni vann

Ídolkeppnina í fyrra, sem var sú fyrsta sem haldin var hérlendis.

Mikil stemning var í Smáralindinni í Kópavogi þar sem keppnin fór fram. Hún bliknaði þó í samanburði við kosningavökur sem fóru fram, annars vegar á Hólmavík þar sem stuðningsmenn Heiðu voru og hins vegar í Reykjavík þar sem stuðningsmenn Hildar Völu voru saman komnir. -aöe/-bþg

Dan Rather hættur störfum:

Ein radda guðs horfin á braut

SÍÐA 28 ▶

Frægir tónlistarmenn snúa baki við tónlistinni:

Í örmum almættisins

SÍÐA 30 ▶

Morgunblaðið: Átök um Árvakur

VIÐSKIPTI Hluthafar í Árvakri, útgáfufélagi Morgunblaðsins, vilja ekki að nýr hópur fjárfesta, með Meið og Einar Sveinsson innanborðs, eignist hlut í félaginu. Núverandi hluthafar hyggjast nýta forkaupsrétt á um sextán prósentu hlut sem tilboð hefur verið gert í.

Hópur núverandi hluthafa með Kristín Björnsson, stjórnarformann Straums, í fararbroddi leggur áherslu á að þeir hlutir sem séu falir falli í hendur núverandi hluthafa en ekki utanaðkomandi aðila. Þeir eru ósáttir við að stjórnarformaður Íslandsbanka, viðskiptabanka Morgunblaðsins, geri nafnlaust tilboð í hlut í félaginu.

Fjárfestahópurinn er mjög undrandi á neikvæðum viðbrögðum núverandi hluthafa. - hh / - þk Sjá síðu 20

uppgrip fyrir þig

Morgunmatur

Samloka & gos 380 kr.

olis



SPURNING DAGSINS

Ómar, kallast þetta ekki að fara ævintýralega langt yfir lækinn eftir vatninu?

„Meðan við vitum hvert við stefnum er þetta allt í lagi.“

Súðavíkurhreppur seldi nýlega einbýlishús sem hreppurinn lét reisa fyrir 20 milljónir króna á 16 milljónir og hyggst reisa annað slíkt á næstunni. Ómar Már Jónsson er sveitarstjóri Súðavíkurhrepps.

EFTA og Tailand: Samið um fríverslun

TAILAND. AP Viðræður um fríverslunarsamning milli Taílands og EFTA, Fríverslunarsamtaka Evrópu, hefjast í maí í vor. Frá þessu greindi talsmaður tælenska viðskiptaráðuneytisins í gær. Að mati ráðuneytisins má búast við því að viðskipti Taílands við EFTA-ríkin – sem auk Íslands eru Noregur, Sviss og Liechtenstein – muni með fríverslunarsamningnum aukast um 15% og auka fjárfestingar EFTA-ríkjanna í Taílandi.

Gert er ráð fyrir að samningurinn taki gildi um mitt næsta ár. ■

Eitt ár frá harmleiknum í Madrid:

Spánverjar sorgbitnir

SPÁNN. AP Spánverjar minntust þess í gær að rétt ár var liðið frá sprengjuárásum hryðjuverkanna á járnbrautarlestir í Madrid, sem kostuðu 191 mann lífið og særðu fleiri en 1.500.

Jóhann Karl Spánarkonungur og Soffía drottning fóru fyrir opinberri minningarhöfn sem spænskir og erlendir leiðtogar sóttu í Retiro-garðinum í Madrid. Við athöfnina var vígður minningarreitur um fórnarlömb hryðjuverkanna. Þar hefur verið plantað 192 ólífur og kýprustrjám, einu fyrir hvern sem dó í lestarsprengjutilræðunum og einu til fyrir lögreglumann sem dó í atögu gegn hryðjuverkamönnum. ■



FÓRNARLAMBA MINNST

Grímseyingar gera varúðarráðstafanir

Hafis nálgast landið:

HAFIS Hafis er nærri landi við Vestfirði, úti fyrir öllu Norðurlandi og austur fyrir Langanes. Hreppstjóri í Grímsey segir þungt hljóð í eyjarskeggjum en í gær sóttu Grímseyingar vír til Dalvíkur og var ætlunin að strengja hann fyrir höfnina til að verja báta og hafnar-mannvirki.

Bjarni Magnússon, hreppstjóri í Grímsey, segir að ísinn hafi verið kominn nálægt eyjunni í gærmorgun og sjáist þá vel frá byggðinni. „Þegar líða tók á daginn fjarlægðist hann aftur og rak austur eftir en nú er spáð norðaustlægum áttum og þá viðbúið að hann leggist alveg að eyjunni. Það er ekki gott hljóð í mann-

skapnum í eyjunni og allt útlit fyrir að landsins forni fjandi lami atvinnulífið í Grímsey,“ segir Bjarni.

Þór Jakobsson veðurfræðingur segir fulltrúa frá Almannavörnum hafa fundað með veðurfræðingum á Veðurstofunni í gær og vel sé fylgst með ísnum. Siglingaleiðin fyrir Horn var greiðfær í gær en Þór segir hana varasama í myrkri vegna stakra jaka. Sömuleiðis er siglingaleiðin við Óðinsboga í vestanverðum Húnaflóa varhugaverð.

- kk

BORGARÍS VIÐ SLÉTTU

Í fyrradag rak brot úr borgarísjaka á land á Melrakkaslétu og var auk þess töluvert íshröngl í fjörunni.



MYND/JS



ÁFRAM FUNDAD

Gísli Tryggvason, framkvæmdastjóri Bandalags háskólanna, fór yfir ýmis lagaleg atriði með fréttamönnum á Ríkisútvarpinu á fundi í hádeginu í gær.

Samstarfið yrði varla án átaka

Margir fréttamenn Útvarps íhuga uppsagnir vegna ráðningar fréttastjóra. Formaður Félags fréttamanna sér ekki fyrir sér að fréttamenn geti starfað með nýjum fréttastjóra í ljósi þess sem á undan er gengið.

RÍKISÚTVARPIÐ Jón Gunnar Grjetarson, formaður Félags fréttamanna á Ríkisútvarpinu, segist ekki sjá fyrir sér hvernig samstarf fréttamanna og nýráðins fréttastjóra fréttastofu Útvarps geti gengið upp án átaka og þess sem hann kallar sérkennilegra vinnubragða.

Ekkert varð af fundi þeim með Markúsi Erni Antonssyni útvarpsstjóra sem stjórn Félags fréttamanna á Ríkisútvarpinu fór fram á snemma í gærmorgun. Jón Gunnar sagði menn bíða viðbragða Markúsar en standa fast við þær ályktanir

sem honum hafi verið sendar.

Í þeim ályktunum er farið fram á að útvarpsstjóri endurskoði hið fyrsta þá ákvörðun sína að ráða Auðun Georg Ólafsson í starf fréttastjóra Ríkisútvarpsins. Enn fremur hefur verið skorað á Auðun Georg að endurskoða sína afstöðu í kjölfar þess uppnáms sem ráðning hans hefur ollið.

Jón Gunnar segir að meðan Markús Örn útvarpsstjóri sitji fastur við sinn keip standi Félag fréttamanna fast við samþykktir sínar og ályktanir. „Samþykkt okkar um að

lýsa yfir vantrausti á Markús Örn stendur meðan hann sér ekki ástæðu til að svara. Hvað Auðun Georg varðar áttum við stutt spjall saman en þar kom ekkert nýtt fram og það er því biðstaða áfram.“

Formaðurinn sagði enn fremur að margir veltu uppsögnum fyrir sér á fréttastofu Ríkisútvarpsins og hljóðið í starfsmönnum væri eðlilega afar þungt. Þegar hefur einn starfsmaður sagt formlega upp vegna ráðningar Auðuns; Jóhann Hauksson, dagskrárstjóri Rásar 2.

- aðe/jss

Hannes Hólmsteinn: Skilar inn gögnum

DÓMSMÁL Frestur Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar til að skila greinargerð vegna máls sem Auður Laxness, ekkja Halldórs Laxness, hefur höfðað gegn Hannesi rann út í gær. Heimir Örn Herbertsson, lögfræðingur Hannesar segir að öllum gögnum hafi verið skilað inn sem óskað var eftir.



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Auður stefndi Hannesi Hólmsteini fyrir að hafa brotið á höfundarrétti Halldórs „með ítrekuðum og grófum hætti“ í fyrsta bindi ævisögu skáldsins. Er Hannesi stefnt fyrir 120 atriði sem sögð eru framín af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Þess er krafist að Hannes verði dæmdur samkvæmt 54. grein höfundarlaga sem kveða á um fjársektir eða fangelsi í allt að tvö ár. Málið var þingfest fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í nóvember. - ss

Skotárás:

Þrjú myrt í dómsal

BANDARÍKIN. AP Þrjú létust og einn særðist lífshættulega í skotárás í dómsal í Atlanta í Bandaríkjunum í gær. Árásarmaðurinn var maður sem verið var að rétta yfir en hann var ákærður fyrir nauðgun.

Dómarinn, dómsritari og ótilgreindur einstaklingur létu lífið í árásinni. Árásarmaðurinn hljóp út úr réttarsalnum eftir árásina, rændi bíl af manni og notaði hann á flótta undan lögreglu. Hann gekk enn laus í gærkvöldi. ■

Dráp ítalska leyniþjónustumannsins:

Verðir Negropontes skutu

ÍRAK. AP Bandaríski sendiherrann John Negroponte var á fundi með yfirmanni bandaríska heraflans í Írak í nágrenni við flugvöllinn í Bagdad þegar hermenn, sem fallið hafði verið að gæta öryggis sendiherrans, skutu ítalskan leyniþjónustumann og særðu blaðakonuna Giulíonu Sgrena, rétt eftir að tekist hafði að leysa hana úr haldi íraskra mannræningja 4. mars síðastliðinn. Frá þessu greindi talsmaður bandaríska sendiráðsins í Bagdad í gær.

Ítölsk dagblöð greindu frá því í gær að komið hefði í ljós að stjórnendur bandaríska herliðsins í Írak hefðu að hluta til verið upplýstir um ferðir ítalska leyniþjónustumannsins Nicola Calipari og kollega hans. Lítið hafi hins vegar verið vitað um erindi þeirra í Bagdad.

Að Calipari skyldi hafa týnt lífi í skothríf bandarískra hermanna



BÍLL ÍTALANNA

Á þessari mynd, sem birt var í ítölsku sjónvarpi á þriðjudag, sést billinn sem sagt er að Calipari og Sgrena hafi verið farþegar í er skotið var á þau.

eftir að hafa frelsað gíslinn Sgrena hefur valdið mikilli hneykslan á Ítalíu. Fjölmenn minningarganga um hann fór fram í Róm í gærkvöld, réttri viku eftir andlát hans. ■

Fellihýsi, tjaldvagnar og húsbílar
SJÁÐU ÞAÐ NÝJASTA!



OPIÐ UM HELGINA

OPIÐ:
laugardag kl. 12-16
sunnudag kl. 13-17

Tjaldvagnaland
SEGLAGERÐIN ÆGIR
Verslaðu við traustan aðila!

EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2203 • www.seglagerdin.is



Innimálning, Jotun, 10 ltr.
Hefðbundin plastmálning á stofur og herbergi,
gljástig 7.
7119866-74




Mosaik flísar
Bláar, hamraðar, 25x26 mm
8620405

30%
afsláttur
Af listum og myndaflisum



Fínspartl
Jotun, 3 ltr.
7111004



Veggflís
Essence Beige, 10x10 sm
8610317
Essence Blanco, 10x10 sm
8610318

Mikið úrval af
flísum í 30x60 sm



Gólfflísar 33.3x33.3 sm
Alcazar
8610063



Eik, Elegant
3ja stafa, 8 mm.
146751
Verð áður 2.400 kr/m²
1.890 kr/m²



Karelia Eik, Robust
14 mm smelluparket
146564

Gólfflísar 30x60 sm
Nuance beige, frostþolin. Tilvalin
á bílskúrinn og svalirnar.
8630019

Verð áður 4.694 kr/m²
3.850 kr/m²

Málningar- og gólfefnadagar
allt að **40%** afsláttur



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 11.03.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	59,19	59,47
Sterlingspund GBP	113,59	114,15
Evra EUR	79,35	79,79
Dönsk króna DKK	10,66	10,72
Norsk króna NOK	9,71	9,77
Sænsk króna SEK	8,76	8,81
Japanskt jen JPY	0,57	0,57
SDR	XDR	91,03
		91,57

Gengisvísitala krónunnar
108,29 +0,46%

Heimild: Seðlabanki Íslands

4

Manni bjargað úr rjúkandi timburhúsi:

Skammaði bjargvætti sína

LÖGREGLUMÁL Feðgarnir Guðmann Guðmundsson og Eðvarð Guðmannsson komu náganna sínum til bjargar þar sem hann lá sofandi á eldhúsgólfi í rjúkandi íbúðarhúsi að Suðurtanga 2 á Ísafirði í fyrrinótt. Maðurinn rankaði við sér þegar komið var með hann út en hann kunni þó bjargvættum sínum minnstu þakkir fyrir og sagðist hafa verið í djúpri hugleiðslu.

Áð sögn lögreglu var maðurinn talsvert ölvaður og hafði ætlað að sjóða sér til matar með fyrrgreindum afleiðingum.

Bjargvættir mannsins búa á efri hæð hússins, sem er tvílyft



EÐVARÐ GUÐMANNSSON
Bjargaði náganna sínum úr rjúkandi húsi og fékk skammir fyrir.

timburhúsi, og réðust þeir til inn-göngu um glugga á neðri hæðinni þegar þeir urðu varir við megnan reyknfnyk sem lagði frá íbúð náganna síns. Þeir báru manninn rænulítinn út á götu, en ekki tók betra við þar þegar maðurinn rankaði við sér. Hann réðst með skömmum að bjargvættum sínum og kunni þeim engar þakkir fyrir afskiptasemina.

Maðurinn er frá Simbabve og kvaðst í samtali við Fréttablaðið einfaldlega hafa orðið hræddur við þessa tvo íslensku víkinga sem stóðu skyndilega yfir sér úti á götu á Ísafirði um miðja nótt.

- jse

Lyfjafyrirtæki: Bótaskyld vegna lyfja

DÓMSMÁL Lyfjafyrirtækið Glaxo-SmithKline og innflutningsaðili þess hér á landi, Líf ehf., voru dæmd skaðabótaskyld í Hæstarétti í máli konu sem varð alvarlega veik vegna aukaverkana sem hún hlaut af töku lyfsins Lamictal fyrir fimm árum síðan. Konan er með 65 prósent varanlega örorku vegna þessa.

Komst dómurinn að því að upplýsingar á fylgiseðli með lyfinu hefðu ekki verið jafn auðskildar og ítarlegar og reglugerðir gerðu ráð fyrir og þar að auki ekki á íslensku. Dótti ekki sannað að konan ætti að einhverju leyti sjálf sök og báru því bæði fyrirtækin óskipta bótaábyrgð. ■

Sveitarfélög áminnt: Trassa skil til ráðuneytis

SVEITARSTJÓRNARMÁL Fimmtán af 101 sveitarfélögum eiga enn eftir að skila fjárhagsáætlun fyrir árið 2005 til félagsmálaráðuneytisins. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum eiga öll sveitarfélög að skila inn fjárhagsáætlunum fyrir lok desembermánaðar.

Félagsmálaráðuneytið hefur því sent ítrekun til þeirra sveitarfélaga sem enn hafa ekki skilað inn fjárhagsáætlunum og gefst þeim frestur til 21. mars til að bæta úr þessari vanrækslu. Ef þeirri aðvörðun verður ekki sinnt, segir í tilkynningu frá félagsmálaráðuneytinu að heimild til að stöðva greiðslur til þessara sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði beitt. ■

Hestur fældist:

Sparkaði í höfuð konu

SLYS Hestur sparkaði í höfuð konu um hádegisbilið í gær. Konan var að teyma hestinn við bæinn Langholt, skammt frá Selfossi, þegar atvikið átti sér stað.

Hestinn brá við, sennilega vegna áreitiss frá öðrum hesti, og sparkaði í örvæntingu til konunnar. Konan missti meðvitund í nokkrar mínútur og kjálkabrotnaði. Hún var flutt með sjúkrabíl til Reykjavíkur til aðhlyningar og frekari rannsókna vegna höfuð-áverkanna. - jse

MIÐ-AMERÍKA

ÚR FANGELSI Á SJÚKRAHÚS Yvon Neptune, fyrrum forsætisráðherra Haítí, var í gær fluttur á sjúkrahús. Hann var við bága heilsu eftir níttján daga hungurverkfall sem hann hóf til að mótmæla því að hafa verið hneppur í fangelsi.

Kasparov ætlað að skáka Pútín

Garrí Kasparov, sterkasti skákmaður heims síðastliðna tvo áratugi, segist hætta atvinnumennsku í skák. Hann hyggst láta að sér kveða í rússneskum stjórnmálum þar sem hann mun etja kappi við Vladimir Pútín forseta.

RÚSSLAND, AP Skákgoðsögnin Garrí Kasparov tilkynnti í gær að hann væri hætta atvinnumennsku í íþróttinni sem hann varð fyrst heimsmeistari í fyrir tveimur áratugum, þá aðeins 22 ára gamall.

Kasparov lét hafa þetta eftir sér daginn eftir að alþjóðlega skákmótið í Linares á Spáni lauk á fimmtudag. Vann hann mótið, þrátt fyrir að tapa síðustu skákinni.

Kasparov hefur verið stíga-hæsti skákmaður heims frá því árið 1984 og hefur markað sér öruggan sess sem einn besti skákmaður allra tíma ef ekki sá besti.

„Fyrir þetta skákmót tók ég meðvitanda ákvörðun um að Linares 2005 yrði síðasta atvinnu-skákmótið sem ég tæki þátt í,“ sagði Kasparov á blaðamannafundi sem vistað er hjá skákvefritinu chessbase.com. Hann gaf þá ástæðu að ekki væru lengur að neinu að stefna fyrir sig á þessum vettvangi.

Friðrik Ólafsson stórmeistari segir í samtali við Fréttablaðið að mikil eftirsjá sé að Kasparov úr atvinnuskákinni – ef rétt reynist að hann sé hætta. „Ég tel bara ekki tímabært að tala um hann sem hætta. Það eru ýmis dæmi um að menn lýsi svona yfir en hætti svo við að hætta,“ segir Friðrik, en að hans mati er Kasparov langöflugasti og litríkasti skákmaður sem fram hefur komið frá því Bobby Fischer var upp á sitt besta.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

HÆTTUR ATVINNUMENNSKU

Garrí Kasparov segist ekki hafa lengur að neinu að stefna í skákinni eftir tuttugu ár á toppnum.

Kasparov lýsti því síðan yfir í gær að hann hygðist láta meira að sér kveða í rússneskum stjórnmálum. Hann hefur skipað sér í flokk með félagsskap sem nefnist „2008-nefndin: frjálst val“, en í honum eru nokkrir einörðustu gagnrýnendur Vladímírs Pútín forseta úr liði frjálslyndra í Rússlandi.

„Sem skákmaður hef ég gert allt sem hægt er og jafnvel meira

en það. Nú vil ég beita greind minni og skipulagðri hugsun í rússneskum stjórnmálum,“ segir hann í yfirlýsingu sem Interfax-fréttastofan vitnar til.

„Ég vil gera allt sem í mínu valdi stendur til að spyrna við alræðisstjórnarhátum Pútíns. Það er mjög erfitt að tefla fyrir land sem lýtur andlýðræðislegri stjórn,“ segir Kasparov. ■



MÆDIR Á BLAIR

Breski forsætisráðherra Blair þurfti á öllu sínu að halda til að fá báðar þingdeildir til að samþykka ný hryðjuverkavarnalög.

Hryðjuverkavarnir:

Blair nær málamiðlun

BRETLAND, AP Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, tókst loks síðdegis í gær að koma nýjum hryðjuverkavarnalögum í gegnum þingið, en frumvarpið mætti harðvítugri andstöðu sem um tíma virtist geta komið í veg fyrir samþykkt þess.

Frumvarpið kveður meðal annars á um nýjar heimildir til að handtaka menn sem eru grunaðir um að vera viðriðir hryðjuverkastarfsemi, úrskurða menn í stofufangelsi, setja útgöngubann og beita stafrænum persónunámsbúnaði. Andstæðingar ríkisstjórnarmeirihluta Verkamannaflokksins á þingi gáfu til kynna eftir meira en sólarhrings samningatogstreitu að þeir myndu fallast á frumvarpið, með umsömdum breytingum. ■

EVROPA

SNJÓFLÓÐ Í AUSTURRÍKI Austurrískir björgunarsveitarmenn fundu í gær lík þriggja skíðaferðamanna, Dana, Hollendinga og Þjóðverja, sem fórust í snjóflóðum á þremur skíðasvæðum í austurrísku Ölpunum. Alls hafa 32 látið lífið í snjóflóðum í Austurríki í vetur.


Veðrið

HANN ER NAPUR Í DAG

Það stóð ekki lengi þetta vor því nú kólnar svo um munar. Það verður svekkalt þessa næstu daga og fer frostið niður í tveggja stafa tölur inn til landsins. Það má búast við strekkingi eða allhvossum vindi í dag, en á morgun bætir heldur í vind og verður víða allhvasst, eða hvasst og lítillhátar el með norðurströndinni. Þessi vindur gengur ekki niður fyrr en seinni part mánudags og það er ekki að sjá að það hlýni neitt að gagni fyrr en undir næstu helgi.

Kveðja, Guðröður Arnardóttir náttúrufræðingur.

Í dag




Veðrið úti í heimi í dag


Kaupmannahöfn	2°C léttskýjað	Glasgow	6°C sk.m.köflum	Oslo	-4°C skýjað
London	8°C sk.m.köflum	Stokkhólmur	-5°C skýjað	Prag	2°C skýjað
Paris	0°C sk.m.köflum	Barcelona	13°C sk.m.köflum	Róm	13°C sk.m.köflum
Frankfurt	5°C skýjað	Helsinki	-7°C skýjað	Amsterdam	6°C rigning

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Á morgun



Mánudagur



HEIMS BÍLAR

S:567 4000


Ertu að selja bíl?

Komdu þá strax í dag, sýndu okkur hann og skráðu hann hjá okkur. Þá er páskaegg nr.5 frá Nóa Sírius þitt!

Heimsbílar er traust bilasala með reynslumikið og duglegt starfsfólk. Staðsett á nýju, stóru og sérhönnuðu bilasölusvæði við Klettháls. Næg bílastæði svo hver bíll hjá okkur fái hámarks athygli!

Opið virka daga 10-18
Laugardaga 12-16
Sunnudag 13.mars 12-16

www.heimsbilar.is
heimsbilar@heimsbilar.is



Tískuvika í Smáralind

Komdu á tískuviku í Smáralind

Dagana 12. til 20. mars stendur yfir tískuvika í Smáralind þar sem öllum konum býðst að bóka tíma í **ókeypis** ráðgjöf hjá tískuráðgjöfum Smáralindar eða persónulegum stílista Debenhams. Bókaðu tíma á þjónustuborði Smáralindar á 1. hæð.

VILTU VINNA FLUGEKK?

Smáralind, Nói Síriús og Icelandair verða með skemmtilegan páskaleik alla daga fram að páskum.

Komdu í Smáralind og taktu þátt – þú gætir unnið Flugegg, ferð til Evrópu fyrir fjóra, rafrænt gjafakort eða eitt af 100 páskaeggjum frá Nóa Síriusi.

ICELANDAIR

NÓI SÍRÍUS

Íslandsmót kaffibarþjóna 2005 er í Smáralind um helgina.





KJÖRKASSINN

Ætlaðu að skipta um bíl á þessu ári?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	26%
Nei	74%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er söknuður að Kasparov úr skákinni?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Slökkviliðsturninn í Skógarhlíð rifinn:

Eins konar erfidrykkja

TILVERAN „Við horfum á eftir honum með miklum söknuði,“ sagði Jón Viðar Matthíasson slökkviliðsstjóri meðan unnið var að því að rífa turninn við Slökkviliðstöðina í Skógarhlíð. Reyndar var tregi manna svo mikill að þegar fyrrverandi slökkviliðsmenn komu í sína mánaðarlegu kaffiheimsókn í fyrradag var stemmningin eins og í erfidrykkju, að sögn Jóns Viðars.

Turninn var reistur 1967 og var upphaflega notaður til að þjálfa slökkviliðsmenn en einnig til að þurrka strigaslóngur sem þá voru við lýði. Fyrir nokkrum árum var hann dæmdur ónýtur en þó hefur hann

fengið að tóra síðustu ár vegna hlýhugs manna til hans.

Turninn vakti hrifningu margra þegar hann var sveipaður jólastkrauti. Spurður hvort slökkviliðsmenn hafi fundið annan stað til að skreyta svaraði Jón Viðar því að það hefði verið Björn Hermannsson sem hefði komið þeim sífellt á óvart með skreytingu sinni. Þeir gætu trúð að hann komi þeim aftur á óvart þó að turninn verði farinn.

- jse

TURNINN VIÐ SLÖKKVILIÐSTÖÐINA
Þegar slökkviliðsmenn hittust í fyrradag ásamt kollegum sínum sem komnir eru á eftirlaun var engu líkara en að þeir væru í erfidrykkju.



Búnaðarþing:

Búnaðargjald leggist af

LANDBÚNAÐARMÁL Starfshópur sem landbúnaðarráðherra setti á fót til að fjalla um málefni Lánasjóðs landbúnaðarins hefur ekki lokið störfum sínum. Því varð minna úr umræðum um lánasjóðinn á Búnaðarþingi en við var búist.

Starfshópur á þinginu komst þó að þeirri niðurstöðu að í ljósi gjörbreyttra aðstæðna á lánamarkaði séu forsendur fyrir áframhaldandi innheimtu búnaðargjalds til sjóðsins brostnar. Verði niðurstaða starfshóps ráðherra sú að leggja beri sjóðinn niður verði að tryggja hagsmuni og réttarstöðu skuldara sjóðsins. ■

ATVINNUGREINAR

AUKNAR GJALDEYRISTEKJUR

Gjaldeyrstekjur ferðaþjónustunnar jukust um 5,4 prósent á milli árunna 2003 og 2004. Ferðaþjónustan hafði rúma 39 milljarða í gjaldeyrstekjur í fyrra. 26 milljarðar voru til komnir vegna eyðslu erlendra ferðamanna hér og þrettán milljarðar voru fargjaldatekjur.

ÁNÆGD MED ÍSLENSKT Almenníngur er jákvæður gagnvart íslenskum vörum samkvæmt nýrri könnun IMG Gallup fyrir Samtök iðnaðarins. 95,5% þeirra sem keyptu íslenska byggingarvöru voru jákvæð gagnvart henni, 97,8% gagnvart íslenskri hönnunarvöru, 98,2% gagnvart mat- og drykkjarvöru og 96,7% gagnvart neysluvöru til daglegra nota.

Drengileg kosninga-barátta heldur áfram

Kosið verður á fimmtudag í seinni umferð kosningar um rektor Háskóla Íslands. Þá verður kosið milli sigurvegara kjörsins í fyrradag, prófessoranna Ágústs Einarssonar og Kristínar Ingólfssdóttur.

REKTORSKJÖR Ágúst Einarsson, prófessor í rekstrarhagfræði, og Kristín Ingólfssdóttir, prófessor í lyfjafræði, urðu efst í rektorskjöri innan Háskóla Íslands á fimmtudag. Því verður kosið á milli þeirra tveggja næsta fimmtudag, en hinir frambjóðendurnir tveir, Einar Stefánsson, prófessor í augnlækningum, og Jón Torfi Jónasson, prófessor í uppeldis- og menntunarfræði, eru fallnir úr leik.

Í hádeginu á þriðjudaginn 15. mars verður haldinn kappæðufundur milli Ágústs og Kristínar í Háskólabíó.

Kristín hlaut 28,7 prósent gildra atkvæða, Ágúst hlaut 27,6 prósent, Jón Torfi hlaut 24,7 prósent og Einar hlaut 19,1 prósent gildra atkvæða. Allir frambjóðendur eru sammála um að kosningabaráttan hafi verið afar drengileg.

Ágúst segist mjög ánægður með þessa niðurstöðu og er bjartsýnn á

KOSNING TIL REKTORS

Öll gild atkvæði:	
Ágúst Einarsson	27,6%
Einar Stefánsson	19,1%
Jón Torfi Jónasson	24,7%
Kristín Ingólfssdóttir	28,7%
Háskólamenntaðir starfsmenn:	
Ágúst Einarsson	26,0%
Einar Stefánsson	21,1%
Jón Torfi Jónasson	21,8%
Kristín Ingólfssdóttir	31,2%

Áðrir starfsmenn:	
Ágúst Einarsson	31,5%
Einar Stefánsson	3,4%
Jón Torfi Jónasson	38,1%
Kristín Ingólfssdóttir	27,0%

Stúdentar:	
Ágúst Einarsson	28,4%
Einar Stefánsson	18,3%
Jón Torfi Jónasson	26,1%
Kristín Ingólfssdóttir	27,2%

Vægi atkvæða skiptist þannig; háskólamenntaðir starfsmenn 60%, áðrir starfsmenn 10% og stúdentar 30%.
Heimild: h.is, Heimasíða Háskóla Íslands

framhaldið. „Munurinn er tiltölulega lítill, ekkert sem skiptir máli, en nú byrjar þetta upp á nýtt.“ Hann segir jafnframt að hann hafi ákveðið að gegna starfinu einungis í fimm ár, nái hann kjöri sem rektor. „Þetta er eitthvað sem ég hef gert upp við mig. Þetta er verkefni og ég myndi helga mig því í fimm ár, en svo myndi ég snúa mér aftur að rannsóknunum og kennslu.“

Kristín segir niðurstöðuna hafa komið sér á óvart. Þarna hafi hún verið í hópi sterkra og verðugra meðframbjóðenda. „Þetta var auðvitað afskaplega ánægjulegt.“ Spurð að því hvort það titli ekki að vera komin skrefinu nær því að verða fyrsti kvenrektor Háskólans segir hún þetta vissulega mikilvægan áfanga til að ná loka markmiðinu. „Ég mun gera það sem ég get til að koma stefnumálum mínum og áherslum á framfæri þessa viku.“

Einar og Jón Torfi segjast báðir sáttrir sig við niðurstöðuna, en vilja ekki gefa upp hvorn frambjóðandann þeir styðji nú. „Nú ætla ég að draga mig úr baráttunni og fólk gerir það bara upp við sig sjálft hvern þá styður,“ segir Jón Torfi.

svanborg@frettabladid.is

MÖGULEG TÍMAMÓT

Ef Kristín Ingólfssdóttir verður kjörin rektor Háskóla Íslands verður hún fyrsta konan til að sinna því starfi.



EINUNGIS TIL FIMM ÁRA
Ágúst Einarsson segist líta á rektorsstarfið sem ákveðið verkefni sem hann hafi ákveðið að sinna eingöngu í fimm ár, verði hann kjörinn nú.

Rektorskosningar í Háskóla Íslands:

Starfsmönnum vísað frá kjörstað

KOSNINGAR Allnokkrir starfsmenn Háskóla Íslands áttu í erfiðleikum með að neyta atkvæðisréttar síns við rektorskjör á fimmtudag vegna ósamræmis í störfum kjörstjórnar.

Einn þessara starfsmanna, þeldökk kona, mætti á kjörstað með greiðslukort en var neitað um kjörseðil í fyrstu þar eð enga kennitölu var að finna á kortinu. Konan benti á að ljósmynd af sér væri á kortinu sem hefði fram að

þessu nægt henni til að kjósa í borgar- og alþingiskosningum. Henni var sagt að strangari reglu giltu við rektorskjör. Eftir nokkurt þóf fékk konan þó loks að neyta atkvæðisréttar síns.

Fréttablaðið hefur haft spurnir af fjölmörgum starfsmönnum og stúdentum Háskólans sem mættu á kjörstað á fimmtudag með skil-

ríki án kennitölu og áttu ekki í neinum vandræðum með að kjósa. Þeldökkka konan virðist skera sig úr þeim hópi.

Þá virðast einhverjir starfsmenn skólans hafa dottið út af kjörskrá. Þannig var Arnfríði Guðmundsdóttur, dósent í guðfræði, neitað að kjósa, en hún er í fæðingarorlofi.

Ekki náðist í Aðalheiði Jónsdóttur, formann kjörnefndar, í gær vegna þessa ósamræmis. - jse



Stór og fallegur humar

Fullt af girnilegum fiskréttum

Opið LAUGARDAG 10 -14:30



Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

GLEÐILEGT SUMAR



ENN ER LAUST Í ORLOFSFERÐIR VR Í SUMAR

Sólin bíður eftir þér úti

Við viljum vekja athygli félagsmanna á því að enn er laust í orlofsferðir í sólna og hitann í sumar.

Nánari upplýsingar á www.vr.is

Starf okkar
efflir
þitt starf

VR

Er vorhugur í húsfélaginu?



Inngöngutilboð!

Nýjum húsfélögum býðst ókeypis mánaðargjald fyrstu þrjá mánuðina.

Íslandsbanki býður hagstæð framkvæmdalán

Framkvæmdalán Íslandsbanka eru hagkvæm og einföld leið til að fjármagna framkvæmdir við húseignina. Lánin eru á hagstæðum kjörum og öll umsýsla einföld og þægileg. Það er því auðvelt fyrir alla íbúana að öðlast yfirsýn yfir stöðu sína gagnvart framkvæmdunum.

Húsfélagþjónusta Íslandsbanka er framúrskarandi. Ef ætlunin er að ráðast í framkvæmdir á næstunni, byggja upp framkvæmdasjóð eða einfaldlega að ná heildaryfirsýn yfir fjármál húsfélagsins þá er Íslandsbanki rétti samstarfsaðilinn.

Kynntu þér framkvæmdalánin og húsfélagþjónustuna á isb.is eða í síma 440 4000.

Húsfélagþjónustan í hnotskurn:

- Sérstakur þjónustufulltrúi heldur utan um málin
- Greiðsluáætlun fyrir hverja íbúð
- Innheimtuþjónusta
- Sérhannaður Félagabanki á isb.is



ÍSLANDBANKI | 100%



VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvað heitir nýr hjálfiari spænska handboltaliðsins Ciudad Real?
- 2 Eftir hvern er leikritið Draumleikur sem frumsýnt var í Borgarleikhúsinu í gærkvöldi?
- 3 Hvar eiga flest umferðarslys á Akureyri sér stað?

SVÖRIN ERU Á BLS. 58

Framkvæmdir í Hafnarfirði valda skemmdum: Sprengingum hætt í bili

FRAMKVÆMDIR Öllum sprengingum hefur verið hætt við hafnarbakkann í Hafnarfirði segir Pétur Vilberg Guðnason, verkfræðingur hjá Strendingi, sem hefur eftirlit með niðurrifi húsa sem þar eru og öðrum framkvæmdum. Íbúi í nágrenninu hefur kvartað undan því að sprengingarnar valdi skemmdum á húsnæði hans.

Pétur Vilberg segir að sprengt hafi verið svo fjarri byggð að við venjulegar aðstæður ættu sprengingarnar ekki að valda skaða. Nú sé rannsakað hvað hafi farið úrskeiðis og hafi sprengingum því verið hætt í bili.

Örn Arnarson, sem býr á Vest-

urgötunni, segir að hús sitt hafi allt hristst við sprengingu í fyrradag. „Parkettið gekk til, sprunga kom í rúðu og allt hrundi úr hillum. Við vorum heppin að verða ekki fyrir hlutum sem flugu um,“ sagði Örn. Einnig komu sprungur við burðarbita niðri í kjallara. Örn segist hafa heyrt tvö flaut áður en sprengt var og finnst hann eiga skilið að fá meiri fyrirvara en það.

- jse

ÖRN ARNARSON
Örn er mjög ósáttur við það hvernig staðið hefur verið að sprengingum á hafnarbakkannum.



Héraðsdómur Reykjavíkur: Landsvirkjun sýkn af kröfum

DÓMSMÁL Landsvirkjun var í gær sýknuð fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af kröfum landeigenda Reykjahlíðar í Mývatnssveit en krafist var skaðabóta vegna töku Landsvirkjunar á jarðefni og köldu vatni úr landi Reykjahlíðar.

Var krafan byggð á samkomulagi sem gert var við ríkið 1971 um jarðhitaréttindi gegn því að landeigendur á svæðinu fengju ákveðið magn af heitu vatni í staðinn. Þótti dóminum sýnt að ekki væri sannað að taka jarðefnanna bryti í bága við samkomulagið sem gert var og Landsvirkjun sýknuð af öllum kröfum. - aðe

NORÐUR-AMÉRIKA

CLINTON HRESSARI Bill Clinton, fyrrverandi Bandaríkjaforseti, var að sögn eiginkonu hans hinn hressasti á sjúkrahúsi í New York í gær eftir skurðaðgerð þar sem fjarlægja þurfti dauðan vef og vökva úr vinstra lunga, hliðarverkanir af hjarta- aðgerðinni sem hann gekkst undir fyrir hálfu ári.

DÓMARI MYRTUR Dómari í réttarhaldi vegna nauðgunarmáls í Atlanta í Bandaríkjunum var skotinn til bana í dómhúsinu í gær. Þrír aðrir hlutu skotsár í árásinni, þar af tveir banvæn. Árásarmaðurinn, sem var hinn ákærði í nauðgunarmálinu, komst undan.

Umsókn Fischers:

Enn í allsherjarnefnd

FISCHER Umsókn Bobbys Fischer um íslenskan ríkisborgararétt er enn á borði allsherjarnefndar. Bjarni Benediktsson, formaður nefndarinnar, segir engar ákvarðanir hafa verið teknar um umsókn Fischers. Á sínum tíma hafi verið ákveðið að

taka málið ekki til endanlegrar afgreiðslu heldur láta reyna á hvort útgáfa vegabréfs nægði. Ekki sé ljóst hvort umsókn hans verði tekin til skoðunar með öðrum ríkisborgarumsóknum í vor eða hvort hún verði tekin sérstaklega fyrir. - sg



ÍSLENSKA SENDINEFNDIN

Hefur ekki haft erindi sem erfiði í baráttu sinni til að frelsa Bobby Fischer.



VÍÐA POTTUR BROTTINN

Það aldraða fólk sem þjáist af heilabilun fær víðast hvar ekki þá aðstöðu á heimilum og stofnunum sem kveðið er á um í lögum. Á elliheimilinu Grund er þó sérstök deild fyrir heilabilaða en þeir þurfa til að mynda mun meiri gæslu en aðrir vistmenn.

Lög brotin á heilabiluðum

Lög um að sérstök aðstaða skuli vera á öldrunarstofnunum fyrir aldraða með heilabilunareinkenni eru virt að vettugi.

HEILBRIGÐISMÁL „Ég er með í undirbúningi að skipa starfshóp til að fara yfir málefni þessa hóps sérstaklega,“ segir Jón Kristjánsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, vegna nýrrar skýrslu þar sem fram kemur að víða sé pottur brotinn í málefnum aldraðra með heilabilun. Skýrt stendur í lögum að slíkir sjúklingar skuli njóta sérstakrar aðstöðu á öldrunarstofnunum en raunin er önnur.

Í nýútkominni skýrslu eftir Hönnu Láru Steinsson, félagsráðgjafa á Landspítala – háskóla-sjúkrahúsi, kemur fram að lög séu þverbrotin gagnvart þeim einstaklingum sem þjáist af heilabilun. Skýrt sé tekið fram í 14. grein í lögum um málefni aldraðra að slíkir einstaklingar skuli hafa sérstaka aðstöðu en reyndin sé að slíkt sé fátítt. Lausleg könnun Fréttablaðsins á tíu hjúkrunarheimilum víða um landið staðfestir þetta og í tveimur tilvikum var slíkum sjúklingum komið fyrir á sjúkrahúsi. Víðast verða heilabilaðir að dvelja ásamt öðrum á almennum deildum.

Dæmi eru einnig um að lög þessi séu virt að vettugi þegar kemur að hönnun og byggingu nýrra hjúkrunarheimila. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri aðstöðu þessa fólks við byggingu nýs heimilis á Selfossi og ekki var heldur tekið tillit til þess þegar Vífilsstöðum var breytt í hjúkrunarheimili fyrir aldraða. Engu að síður gera áætlanir ráð fyrir að sjúklingum með heilabilun fjölgi um helming og verði tæplega sex þúsund talsins á næstu tuttugu árum.

Heilbrigðisráðherra segir að þjónusta við heilabilaða hafi aukist undanfarin ár en viðurkennir að betur megi ef duga skal. „Auðvitað skiptir máli hvernig þjónusta þetta fólk fær og ég tel að það fái hana á þeim stöðum þar sem það er en stefnan er að sjálf-sögðu að allir fái þá þjónustu sem lögbundin er. Líta verður þó á að sums staðar eru fáir sjúklingar og annars staðar talsverður fjöldi og haga verður seglum að einhverju leyti eftir vindi hvað það varðar.“

albert@frettabladid.is



FLUGHÓTEL

ÞEGAR HALDA Á GÓÐAN FUND

- 52 KM TIL REYKJAVÍKUR
- SAUNA OG HEITUR POTTUR
- SALIR TIL FUNDAR- OG VEISLUHALDA
- UPPHITUÐ BÍLAGEYMSLA
- FYRSTA FLOKKS VEITINGAR

Á Flughótelu í Keflavík er góð aðstaða til fundar- og veisluhalda auk þess sem hótelið er mjög góður kostur fyrir þá sem eru í leit að afþreyingu og endurnæringu. Verið velkomin!

IH
ICELANDAIRHOTELS
FLUGHÓTEL

Sími: 421 5222
www.icehotels.is

Nordica • Loffleidir • Flughotel • Flúðir • Rangá • Klaustur • Hérað

Páskasýpris (lime)

499 kr.



Páska

BLÓMAMARKAÐUR

Páskablómin:



Begonía

699 kr.



Páskakrísi

599 kr.

Páskaskraut

Páskagreinar
í búnti

499 kr.



Páskaliljur
í potti og
páskaegg
frá Mónu

499 kr.



Sýpris 100 sm

999 kr.

Malasíupottar

33 sm **990 kr.**

26 sm **790 kr.**

20 sm **590 kr.**

14 sm **199 kr.**



Reykjavík • Kópavogi • Akureyri
Selfoss • Reykjanesbær
www.blomaval.is

FBL GREINING: LÖG UM RÍKISÚTVARPIÐ

Starfsmenn ráðnir af útvarpsstjóra

Vart hefur farið framhjá nokkrum að mikil ólga hefur verið á fréttastofu Ríkisútvarpsins síðan útvarpsstjóri tilkynnti um ráðningu Auðuns Georgs Ólafssonar í stöðu fréttastjóra. Er honum ætlað að fylla skarð Kára Jónssonar, sem lét af því starfi í október síðastliðnum og tók við stöðu ritstjóra Fréttablaðsins. Samkvæmt niundu grein laga um Ríkisútvarpið frá 30. júní árið 2000 skulu allir starfsmenn stofnunarinnar persónulega ráðnir af útvarpsstjóra, Markúsi Erni Antonssyni, þó að fengnum tillögum frá útvarpsráði ef um starfsfólk dagskrár er að ræða. Það á ekki við um framkvæmdastjóra stofnunarinnar sem eru ráðnir af menntamálaráðherra að fengnum tillögum útvarpsstjóra og útvarps-



ráðs. Framkvæmdastjórnar eru fyrir hverja af þremur deildum Ríkisútvarpsins; fjármáladéild, hljóðvarpsdeild og sjónvarpsdeild en framkvæmdastjórn skipa þeir ásamt útvarpsstjóra sjálfum og formanni útvarpsráðs. Samkvæmt sjöundu grein sömu laga segir að útvarpsráð skuli skipa sjö menn. Skulu þeir kosnir hlutfallskosningu á Alþingi eftir hverjar alþingiskosningar og menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi hinna kjörnu. Útvarpsstjóri hefur rétt til setu á fundum ráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt. Útvarpsráð tekur einnig ákvarðanir um stefnumótun stofnunarinnar varðandi efni og efnistöð og eru ákvarðanir ráðsins endanlegar.



SPURT & SVARÐ
AÐSKILNABUR RÍKIS OG KIRKJU



SR. HJÖRTUR MAGNI JÓHANSSON

Ekki mótfallinn kristinfræði

Séra Hjörtur Magni Jóhannsson, safnaðarprestur Fríkirkjunnar í Reykjavík, er einn þeirra sem kjörinn var í stjórn samtaka Samtaka um aðskilnað ríkis og kirkju (SARK). Hann telur að of náið samband ríkisins og eins tiltekins trúfélags sé ótrúverðugt og jafnvel ókristilegt.

Ertu mótfallinn því að kristinfræði sé kennd í grunnskólum landsins?

Nei, í rauninni ekki. En ég hef mikið út á þennan hræðsluáróður þjóðkirkjunnar að setja, um að ef greint verði á milli ríkis og kirkju muni Ísland afkristnast á einni nóttu. Þetta þykir mér hreint fánlegt. Ég tel hins vegar að ef greint verði þarna á milli verði kristinfræði kennd eftir sem áður í skólum því þetta er einfaldlega trú meirihluta fólks í landinu. Og þó ekki væri nema fyrir það að kristnin er það stór hluti af íslenski sögu og menningu. Ég hef búið í löndum þar sem önnur trú en kristin trú hefur verið í meirihluta og þar var hlutum hagað með allt öðrum hætti. Það væri kristinninn til framdráttar að greint yrði þarna á milli.

Taldi sig aðeins eiga einn kost

Fréttamenn RÚV ætla að fara fram á rökstuðning frá útvarpsstjóra vegna ráðningar nýs fréttastjóra. Heimildir innan Útvarpsins herma að útvarpsstjóri hafi metið það svo að þar sem enginn annar umsækjandi hafi komist á blað hjá útvarpsráði ætti hann þann kost einan í stöðunni að skipa Auðun Georg Ólafsson fréttastjóra.

Stjórn Félags fréttamanna á Ríkisútvarpinu ætla að fara fram á rökstuðning frá Markúsi Erni Antonssyni útvarpsstjóra á þeirri ákvörðun sinni að ráða Auðun Georg Ólafsson í starf fréttastjóra, en hafna fimm reyndum umsækjendum. Stjórnin fer fram á slíkan rökstuðning verði útvarpsstjóri ekki við þeirri áskorun þeirra að draga ráðningu Auðuns Georgs til baka.

Þetta sagði Jón Gunnar Grjetarsson, formaður félagsins, í gær.

Markús Örn hefur neitað fjölmörgum um viðtöl en heimildir Fréttablaðsins innan Ríkisútvarpsins segja Markús hafa bent á það ráðningunni til stuðnings að Auðun Georg hafi fengið stuðning meirihluta fulltrúa í útvarpsráði. Eng-



FUNDUR HJÁ FRÉTTAMÖNNUM Fréttamenn lýstu strax andstöðu við ráðningu Auðuns Georgs Ólafssonar í starf fréttastjóra Útvarps. Þeir hafa fundað tvo síðustu daga og rætt til hvaða aðgerða skuli gripið.

inn annar en Auðun hafi fengið atkvæði hjá þessum lögbundna umsagnaraðila og ekki sé vitað um nein dæmi þess í sögu Ríkisútvarpsins að útvarpsstjóri hafi hunsað niðurstöðu ráðsins svo rækilega að ráða til starfa umsækjanda, sem ekki hafi komst á blað hjá útvarpsráði, eftir að fyrir

hafi legið stuðningur meirihluta þess við annan umsækjanda.

Útvarpsstjóri mun jafnframt hafa litið til þess að fréttastofa útvarps hafi mörg undanfarin ár farið sex til átta prósent fram úr fjárheimildum. Það séu umtalsverðar fjárhæðir fyrir deild sem hafi fengið vel á annað hundrað milljónir króna til ráðstöfunar samkvæmt áætlun hvers árs, rúmar 150 milljónir á ári síðustu tvö árin. Útvarpsráð, sem fjalli um fjármál Ríkisútvarpsins í höfuðdráttum, hafi gert athugasemdir við þetta og því sé engin goðgá að hugað sé að þessu þegar nýr fréttastjóri er ráðinn.

Ritstjórnarlegur ábyrgðarmaður

Hvað varði hina miklu ritstjórnarlegu ábyrgð, sem rætt hafi verið um að fylgi fréttastjórastarfinu og verði að byggjast á mikilli reynslu, herma heimildir blaðsins að Markús Örn líti svo á að Bogi Ágústsson, sem forstöðumaður fréttasviðs RÚV, sé ritstjórnarlegur ábyrgðarmaður allrar fréttahjónustu Ríkisútvarpsins, bæði í útvarpi og sjónvarpi. Hann svari fyrir allt fréttasviðið út á við og sé í forsvari fyrir það faglega á fundum útvarpsráðs og í framkvæmdastjórn RÚV.

Hvað það varði að Auðun Georg er sagður framsóknarmaður

ur hafi helst verið sagt því til stuðnings að afi hans væri Hannes Jónsson, fyrrverandi sendiherra og blaðafulltrúi ríkisstjórnar Ólafs Jóhannessonar um það leyti sem Auðun fæddist. Þá þyki það tortryggilegt að hann umgangi Steingrím J. Ólafsson, fyrrverandi fréttamann á Stöð 2, sem er í dag upplýsingafulltrúi forsætisráðuneytisins. Hægt sé að benda á mörg dæmi á RÚV um að góðir og gegnir fréttamenn eigi að baki pólitískan feril í hinum ýmsu ungliðasamtökum og í stúdentapólitík.

Gagnrýnt hefur verið að 34 ára gamall maður, í þessu tilviki Auðun Georg, búi ekki yfir sömu reynslu og fólk um fimmtugt og enn eldra sem starfað hefur hjá RÚV með miklum ágætum í áraradír. Til að svara þessu er útvarpsstjóri sagður hafa bent á ráðningu nýs forstjóra Flugleida svo og ungs bankastjóra Íslandsbanka á sínum tíma. Þá megi rifja upp að Matthías Jóhannessen hafi orðið ritstjóri Morgunblaðsins 29 ára. Í kjölfar þessa hafi útvarpsstjóri spurt hvort áhersla á reynslu og fyrri störf eigi að verða til þess að ungt og vel menntað fólk eigi alls ekki að vera gjaldgengt í stjórnunarstöf hjá RÚV fyrir æsku sakir.

jss@frettabladid.is



MARKÚS ÖRN ANTONSSON Ekki vitað um nein dæmi þess að útvarpsstjóri hafi hunsað niðurstöðu útvarpsráðs svo rækilega að ráða til starfa umsækjanda sem ekki komst á blað hjá ráðinu eftir að fyrir hafi legið stuðningur við annan umsækjanda.



JÓN GUNNAR GRJETARSSON Fréttamenn biða viðbragða frá útvarpsstjóra og nýráðnum fréttastjóra.

Fyrir okkur hin

Honey Nut Cheerios er fyrir okkur sem viljum morgunkorn sem gefur náttúrulegan sætleika og er jafnframt fullt af hollum trefjum og vítamínun.

PLACIDO DOMINGO

Lotion Promotion og Viva Art Music kynna:

Egilshöll 13. mars 2005

Ana Maria Martinez *sópran* • Óperukórinn í Reykjavík • Sinfóníuhljómsveit Íslands • Eugene Kohn *stjórnandi*

Miðasala í verslunum **Skífunnar**: Laugavegi, Kringlunni, Smáralind, Akureyri og www.skifan.is. Miðaverð* veltur á staðsetningu, 9.900 kr., 14.900 kr. og 30.000 kr.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.00

*15% afsláttur fyrir **VISA**-korthafa á tónleikana.

www.domingo.is

Þessir eru styrktaraðilar tónleikanna:



skoðun

SJÓNARMÍÐ
HAFLÍÐI HELGASON

Björgólfur Thor Björgólfsson á lista ríkustu manna.

Glæsilegur árangur

Í slendingur er nú í fyrsta skipti í hópi 500 ríkustu einstaklinga veraldar, en Björgólfur Thor Björgólfsson vermir sæti 488 á lista tímaritsins Forbes. Það er glæsilegur árangur.

Audæfi Björgólfs Thors hafa ekki orðið til á löngum tíma og eru afrakstur markvissrar vinnu og útsjónarsemi í viðskiptum. Audæfi hans eru af tímaritinu metin á 1,4 milljarða Bandaríkjadala, ríflega 80 milljarða króna. Ef eignir Björgólfs Thors eru settar í samhengi við íslenskt samfélag er auður hans tíu prósent af landsframleiðslu þjóðarinnar og um átta prósent af öllum eignum íslenskra lífeyrisjóða. Ef öllu afli þessara eigna væri beitt hér á landi væru áhrifin umtalsverð.

„Það er ekki bara rof milli stjórn mála og viðskipta sem einkennir breytta tíma. Íslenskir kaupþingmenn líta heldur ekki til landamæra þegar þeir ákveða hvar þeir fjárfesta. Þeim ákvörðunum ráða þekking, sambönd og væntingar um arðsemi.“

Björgólfur Thor skilgreinir sig sem kaupþingmann og alþjóðlegan fjárfesti sem leitast við að hámarka arðsemi fjárfestinga sinna. Hann hefur komið fram sem talsmaður þess að menn skilji á milli viðskipta annars vegar og pólitík hins vegar. Rökin eru einföld; pólitík er vondur business. Hann fer því fremstur í flokki nýrrar kynslóðar sem kaupir og selur eignir sínar án þess að hugsa um stjórn mála skoðanir viðskiptavinanna.

Innkoma þessarar kynslóðar í íslenskt viðskiptalíf hefur haft góð áhrif á efnahagslíf þjóðarinnar. Hinu verður þó ekki neitað að þeir sem lesa í allar hræringar samfélagsins með gleraugum stjórn mála eiga erfitt með að meðtaka breyttan heim. Þannig reyna stjórn mála flokkar enn að merkja sér menn í viðskiptalífnum og telja til tryggðarvina. Staðreyndin er hins vegar sú að þau ítök hafa verið á svo hröðu undanhaldi að ekkert er að verða eftir af þeim. Eftir sitja þeir ringlaðir sem lifa enn í heimi samofinna hagsmuna stjórn mála og viðskipta.

Það er ekki bara rof milli stjórn mála og viðskipta sem einkennir breytta tíma. Íslenskir kaupþingmenn líta heldur ekki til landamæra þegar þeir ákveða hvar þeir fjárfesta. Þeim ákvörðunum ráða þekking, sambönd og væntingar um arðsemi. Björgólfur Thor hefur sjálfur varað við orðinu útrás um alþjóðavæðingu viðskipta. Heimavöllur alþjóðlegra fjárfesta sé heimurinn, en ekki tiltekið land.

Nú, þegar Forbes beinir sjónum sínum að Björgólfi Thor og audlegð hans, er íslenskt viðskiptalíf á fullri ferð að leita tækifæra um allan heim. Björgólfur Thor hefur þegar náð glæsilegum árangri og fleiri munu feta í fótsporin. Ánægjulegt er einnig að fylgjast með því að ný kynslóð skilgreinir það sem hlutverk sitt að leggja samfélaginu lið. Þannig var afhending Björgólfs Thors á Háskóla-sjóði Eimskipafélagsins til Háskóla Íslands táknræn fyrir meðvitund um að menntun og menning þjóðarinnar skiptir máli fyrir lifandi samfélag og gróskumikla framtíð.

Fleiri munu vonandi fylgja í kjölfarið og birtast á framtíðarlistum Forbes. Þjárfar hugarfar, dugnaður, útsjónarsemi og þekking eru lyklarnir að því að komast á slíkan lista. Að komast á listann er ekki markmið í sjálfu sér en birtingarmynd þess undraverða árangurs sem náðst hefur á skömmum tíma. ■



Tilvalin
fermingargjöf

BRILLIANT

Laugavegi 49 - 551 7742 | Krínglunni - 588 9944 | Smáralind - 564 4120 | www.brilliant.is

FRÁ DEGI TIL DAGS

Þekkir sig í sporum Auðuns
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra var þungorð í garð fréttamanna Ríkisútvarpsins í fjölmiðlum í gær og sagðist líta viðbrögð þeirra við ráðningu Auðuns Georgs Ólafssonar alvarlegum augum. Í þessu samhengi er ekki úr vegi að rífa upp að Þorgerður á mjög auðvelt með að setja sig í spor Auðuns því sterkur pólitískur fnykur þótti af ráðningu hennar sjálfar til stjórnunarstarfa á Ríkisútvarpinu árið 1997.



Reynslulaus í stjórnarstöðu

Þorgerður Katrín var ráðin yfirmáður samfélags- og dægur- máladeildar Ríkisútvarpsins þrátt

fyrir að hafa enga reynslu af fjölmiðlum og var tekin fram yfir þrautreynt fagfólk, sem hafði sótt um stöðuna, líkt og er tilfelli nú með nýráðinn fréttastjóra. Þorgerður sór af sér öll pólitísk tengsl enda hafði hún á þessum tíma ekki komið nálægt flokksstarfi fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Öllum ætti hins vegar að vera kunnugt um flokkskirteini hennar núorðið en hún skelli sér í prófkjöri fyrir Sjálfstæðisflokkinn 1998, vann þar góðan sigur og sigldi í kjölfarið inn á þing eftir kosningar 1999.

Í ormargryfju

Þorgerður ræddi tíma sinn hjá Ríkisútvarpinu í viðtali við tímaritið Ský sumarið 2002 og sagði þá meðal annars að hún hefði ekki séð fyrir „í hverslags ormargryfju“ hún var að fara þegar

hún hóf störf hjá stofnuninni. „Mér voru sannarlega ekki gefin nein grið fyrstu mánuðin og var hreinlega hunsuð af sumum samstarfsmönnum mínum. En það gekk yfir,“ sagði Þorgerður í viðtalinu. Og það er væntanlega einmitt það sem helmingaskiptaflokkarnir í ríkisstjórn treysta á að gerist líka núna: að stormurinn í kringum ráðningu Auðuns „gangi yfir“ og málið verði gleymt næst þegar kemur að kosningum. Sem er sjálfsgat hárrétt mat hjá þeim, að minnsta kosti ef einhvern lærdóm er hægt að draga af því minnisleysi kjósenda sem einkennir íslenska stjórn mála sögu.



jonkaldal@frettabladid.is

Útvarp valdsins

Það hefur verið sagt að sagan endurtaki sig, en í seinna sinnið taki hún á sig mynd farsans. Síðustu atburðir virðast staðfesta þetta. Í fjölmiðlamálinu síðastliðið sumar geystist Davíð fram á sviðið í gervi Riddarans hugumstóra og réóst gegn vindmyllum Baugsveldisins, en Halldór lék hlutverk hins staðfasta fylgisveins, Sancho Panza, og lét sem hann tryði því að vindmyllurnar væru óvígur óvinaher.

Halldór var óbrigðull í stuðningi sínum. Fimm breytingatilaunir voru gerðar á frumvarpinu og eftir hverja þeirra steig Hjálmar Arnason fram og lýsti því yfir að allur þingflokkur framsóknarflokksins (mínus tveir) væri sáttur við frumvarpið eftir breytingarnar. Loks urðu þeir svarabréður þó að gefast upp og nema frumvarpið úr gildi.

Nú er komið að sjálfstæðisflokknum að launa stuðninginn. Sex mánuðir eru liðnir síðan Kári Jónsson hvarf úr sæti fréttastjóra ríkisútvarpsins og greinilegt að mikið hefur verið bruggað á bak við tjöldin um hvernig skuli svo um hnúta búið, að traustur stjórnarliði fengi þetta starf. Hvað eftir annað hafa kannanir leitt í ljós, að almenningur í landinu ber mikið traust til fréttastofa ríkisútvarpsins (oftast á bilinu 75-80%). En forystumenn stjórnarflokka hafa ekki farið dult með að þeir hafa verið hundóánægðir með fréttalutning af gerðum ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokka og kveinað opinberlega yfir umfjöllun í fréttum og fréttatengdum þáttum. Sérstaklega að fréttamenn skuli ekki gleypa hrár fréttatilkynningar frá spunameisturum flokka, heldur reyna að gagnrýna og leggja sjálfstætt mat á innihald þeirra. Íðulega hafa þeir kennt fjölmiðlum um slælegt gengi stjórnarflokka og ríkisstjórnarinnar.

Það er ekkert nýtt að stjórnarliðar reyni að nota ítök sín í póli-

Í DAG RÁÐNING FRÉTTASTJÓRA

ÓLAFUR HANNIBALSSON



„Nú fékk framsókn endurgoldinn sinn óbrigðula stuðning við fjölmiðlafrumvarpið og sjálfstæðismenn viðurkenndu eignarrétt framsóknar á stöðunni.“

tískt skipuðu útvarpsráði til að hafa áhrif á mannaráðningar, einkum ráðningar yfirmanna, og koma sínum mönnum þar fyrir, eða að minnsta kosti að koma í veg að menn komist þar að eða endist í starfi sem þeir hafa sérstaka vanþóknun á (þ.e.a.s. fréttamenn, sem álíta það skyldu sína að vera gagnrýnir í fréttalutningi). Ríkisstjórnir sem sitja lengi geta smám saman hert tök sín á ríkisútvarpinu og það er einmitt það sem er að gerast nú. Sjálfstæðisflokkurinn er á sínu fjórða kjörtímabili við völd og framsókn á því þriðja og nýbúin að fá forsætisráðherraembættið langþráða. Samt vænkast ekki hagar Strympu og klíkan kringum forsætisráðherrann kennir fjölmiðlum um.

Framsókn telur sig „eiga“ embætti fréttastjóra útvarps. DV á fimmtudaginn upplýsti að Finnur Ingólfsson hefði verið að hringja í frændur og vini og bjóða þeim stöðuna. Pétur Gunnarsson skrifstofustjóri framsóknarflokksins og varamaður Páls Magnússonar í útvarpsráði upplýsti að hann hefði farið yfir gögn málsins og fundið út (merkilegt nokk!) að Auðun

Georg Ólafsson var sá umsækjenda sem passaði best við auglýsinguna. Það er gamalkunnugt trikk í stjórnsýslu allra landa, ef skylt er að auglýsa stöðu sem ætluð er ákveðnum gæðingi, að klæðskerasníða auglýsinguna að eiginleikum gæðingsins. Eitthvað tókst þó illa til í þessu tilfelli, þar sem einmitt þetta fór fram hjá Boga Ágústssyni, starfsmannastjórnunum og sérfræðingi ráðningarfrýrtækisins, og þeim láðist að mæla með þessum skjólstæðingi valdsins.

En nú fékk Framsókn endurgoldinn sinn óbrigðula stuðning við fjölmiðlafrumvarpið og sjálfstæðismenn viðurkenndu eignarrétt framsóknar á stöðunni. Meira að segja Mogganum er brugðið við svo opinskáa misbeitingu valds og átelur stjórnarflokka harðlega.

Þessi atburður getur varla talist heppilegur inngangur að frumvarpi Þorgerðar Katrínar að nýjum lögum fyrir ríkisútvarpið. Þvert á móti færir hann fullar sönnur á það sem við andstæðingar fjölmiðlafrumvarpsins sál- aða hældum fram, að íslenska ríkisstjórnir stefnir leynt og ljóst að því að ná sams konar tökum á fjölmiðlum þessa lands og Silvio Berlusconi, góðvinur utanríkisráðherrans, hefur náð á Ítalíu. Munurinn er sá einn að Berlusconi eignaðist fyrst fjölmiðla, stofnaði síðan flokk, náði svo völdum í skjóli fjölmiðla sinna og þar einnig tökum á ríkisfjölmiðlum. Hér á landi byrja menn með því að ná fullum tökum á ríkisfjölmiðlum, setja síðan lög á þá fjölmiðla sem þeir hafa vanþóknun á (Baugsmiðlar í dag, eitthvað annað á morgun). Aðalatriði er að þagga niður í gagnrýninni og sjá til þess að leiðtogaþingir miklu séu vegsamaðir og tryggðir í sessi. En stundum dugar það ekki til. Valdhroka-gikkirnir, sem ólust upp undir pilfsöldum Margrétar Thatchers, fengu að reyna annað. Hér gæti farið á sama veg. ■



Deilt um skólabúning

Skipta fötin einhverju máli?

Koma skólabúningar í veg fyrir einelti í skólum?

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

visir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skatahlíð 24, 105 Reykjavík **ADAL-SÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FERMINGARLEIKUR

www.expert.is



Gjafabréf



expert

Allur pakinn
vaxtalaus í ár



Á mánuði í 12 mán.

2.999,-



Glæsilegur Xboxpakki

- Xbox crystal leikjatölva,
- Tveir stýripinnar
- DVD pakki
- Halo 2 með 2 mán. áskrift að Live



Sony DSCP73

24.900,-

Klikkað verð á stafrænni myndavél

- 4.1 milljón dila
- 3x aðdráttur
- 6x stafrænn aðráttur
- 1,5" LCD skjár
- MemoryStick PRO
- Hreyfimynd með hljóði



Klassa myndavél fyrir
fermingarkrakkana

128MB Memory Stick

99,-
með P73 myndavél



512MB

14.999,-

Aðrar stærðir:
128, 512MB og 1GB



512MB MP3 spilari frá Creative

- Allt að 16 tímar af tónlist
- FM útvarp, 32 stöðva minni
- Baklýstur LCD skjár
- Innbyggður hljóðnemi
- Forstilltur hljóðmagnari
- Háhraða USB 2.0 tengi
- Vegur aðeins 33 grömm

Feringarleikur www.expert.is

Berti Expert vill hvetja alla fermingarkrakka til að fara inn á www.expert.is og skrá sig í fermingarleikinn. Það er sko til mikils að vinna.

1. vinningur: Xbox leikjapakinn með auka stýripinna, dvd fjarstýringu og Halo 2
2. vinningur: SONY P73 stafræn myndavél
3. vinningur: MP3 spilari frá Creative

Birt með fyrirvara um villur.

expert



Skútuvogi 2 • sími: 522 9000

Opið virka daga kl. 11.00 - 18.30 • laugardaga kl. 10.00 - 18.00 • sunnudaga kl. 13.00 - 17.00



Stytta
1.450 kr.



Babybliss Funstyle 8 stk. sett
3.999 kr.



Krossar
2.900-7.600 kr.



DSC-L1 stafræn myndavél
2.499 kr./mán.
12 mán. vaxtalaust



Babybliss keramik sléttujárn
WET & DRY - nýjung
4.999 kr..



Silva 8x20 vasasjónauki
3.990 kr.



Orkusteinaarmbönd
1.090 kr.



Stál kökuspaði
895 kr.

...með allt fyrir



Hálsmen/hringur með zirkon
4.900/5.300 kr.



Vanilluilmandi gjafakarfa
4.540 kr.



Rúmföt
2.990 kr.



Brauðtertubakki úr stáli
37,5 x 20 cm
1.250 kr.



PT digital vekjaraklukka
2.499 kr.



MZ-HPX7 mp3-spilari
2.499 kr./mán.
12 mán. vaxtalaust



Herrahringir
með steini/steinlaus
11.900/5.900 kr.



Kira 3 kúlutjald
með stóru fortjaldi
8.990 kr.

THE BODY SHOP



White musk gjafaaskja
3.790 kr.

TRICE
KRISTALL
KRYSTALLUR & FASAFINNI



Swarovski skartgripir

ÚTILÍF



High Peak Sherpa 55+10,
frábær göngupoki
8.990 kr.

byggto**g**búið
Kringlunni 588 9400
Smáralind 554 7760



Babybliss gler
sléttujárn - nýjung
6.490 kr.

skór.is



Vagabond, ýmsir litir
4.995 kr.

byggto**g**búið
Kringlunni 588 9400
Smáralind 554 7760



Babybliss herraráklippur
4.999 kr.

Sony Center
SONY



CMT-HPX7 hljómtæki
2.499 kr./mán.
12 mán. vaxtalaust

Jens



Bindisnæla/ermahnappar
7.800/8.600 kr.

ferminguna

Dagskrá á Kringlutorgi

- **Kl. 12.00** Skráning fyrir myndatökur og auglýsingar hjá Eskimo
- **Kl. 13.00** Förðun: Helstu fyrsætur Eskimo á Kringlutorgi
- **Kl. 14.00** Tískusýning, föt frá Deres og Smash
- **Kl. 14.30** Leikarar úr „The Return of the Houdini“ skemmta
- **Kl. 15.00** Útskriftarsýning frá förðunarnámskeiði Eskimo
- **Kl. 15.30** Ljósmyndataka fyrir Nýtt líf
- **Kl. 16.15** Tískusýning, föt frá Retro
- **Kl. 16.30** Dregið í happdrætti, glæsilegir vinningar

Opið **10 - 18** í dag

Tískudagar

Verslanir fullar af glæsilegum,
nýjum vor- og sumarvörum!

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

	Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur	Veitingastaðir og Kringlubíó
Verslanir	10.00 til 18.30	10.00 til 21.00	10.00 til 19.00	10.00 til 18.00	13.00 til 17.00	eru með opið lengur á kvöldin.
Ævintýraland	14.00 til 18.30	14.00 til 19.00	14.00 til 19.00	11.00 til 18.00	13.00 til 17.00	

Helgarblað DV

Perla var alvöru barn þó að hún hafi fæðst andvana



Hefur þú séð DV í dag?

Um loðnuna og orðbragðið

PÉTUR TRYGGVI HJÁLMARSSON
GULL- OG SILFURSMÍÐUR SVARAR
HJÁLMMARI VILHJÁLMSYNI FISKIFRÆÐINGI

Agæti fiskifræðingur, herra Hjálmar Vilhjálmsson. Þakka þér fyrir svarið við skrifum mínum í Fréttablaðið. Þú segir svar þitt vera „á efnislegum nótum sem betur fer“. Það hefst svona: „Í Fréttablaðinu á mánudaginn skrifar einhver sem nefnir sig Pétur Tryggva litla klausu undir fyrir-sögninni Um loðnuna og lífríkið. Orðbragð þessa pistils og fullyrðingar eru með þeim fádæmum að varla er svaravert.“ Vel má vera að svona einhverjir eins og ég, sem nefnum okkur eitthvað, séum ekki meira virði en tonn af loðnu. En



SJÓMENN MEÐ LOÐNU
Greinarhöfundur hefur eftir skipstjóra að menn viti ekkert annað um loðnuna en að hún komi utan úr hafi en ekki af fjöllum.

virðing þín fyrir mér og nafni mínu skiptir mig minna máli en lífríkið við stendur Íslands. Um loðnu-dráp svarar þú mér á fallegu máli, einhverju sem ég gæti verið löglega afsakaður í að skilja. Það hljómar fræðandi, mjúkt og sak-

laust að lesa um Dyrhólaey, vinda og strauma og móður náttúru í svari þínu. En það breytir ekki því, að á sama tíma er verið að hrifsa milljón tonn af fæðu frá þessari sömu móður náttúru. Bjarni Bjarnason, skipstjóri á Súlnni EA, sagði í hádegisfréttum Ríkisútvarpsins 5. mars að loðnuvísindin væru ung og að loðnan kæmi alltaf aftan að manni. Menn vissu ekkert um loðnuna annað en það að hún kæmi einhvers staðar utan úr hafi en ekki af fjöllum. Hér talar maður með reynslu. Bjarni hefur stundað loðnuveiðar í 35 ár. Það er mikill heiður að vera pennavinur eða jafnvel pennaóvinur einhvers af þinni stærðargráðu, Hjálmar. En ég lét ekki rota mig með eyrna-pinna. ■

MAÐUR VIKUNNAR

Baktjaldamaður og erkiíhald

GUNNLAUGUR SÆVAR GUNNLAUGSSON

Ráðning fréttastjóra Útvarpsins hefur að vonum verið mikið til umræðu í fjölmiðlum og manna á meðal eftir að ljóst varð hver hafði verið ráðinn. Potturinn og pannan í þeirri ráðningu er Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, lögfræðingur og „plottari“ hjá Sjálfstæðisflokknum. Hann hefur ekki mikið haft sig í frammi eftir ráðninguna, en hann er maðurinn á bak við þetta og margt annað hjá Ríkisútvarpinu og verðskuldar því að vera útnefndur Maður vikunnar hjá Fréttablaðinu.

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, formaður útvarpsráðs, Söllumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Tryggingamiðstöðvarinnar, er maður mikill á velli og mikill íhaldsmaður. Hann er líka mikil fjölskyldumaður, á mörg börn og gullfallega konu. Gunnlaugur býr á Arnarnesi í Garðabæ, og frægt varð þegar hann sagði hafa flúið þangað því hann vildi ekki búa í því bæjarfélagi þar sem R-listinn réði ríkjum. Þetta sagði hann á sínum tíma með töluverðum þjosti og fyrir-litningu í garð Reykjavíkurlistans og kannski einkum Samfylkingarhluta hans.

Gunnlaugur hefur komið víða við á starfsferli sínum, en ekki endilega verið mikið upptekinn við lögfræðistörf.

Hann fékk viðurnefnið „Gulli fnykur“ þegar hann var framkvæmdastjóri Faxamjölis í Reykjavík. Þá lagði bræðslulyktina úr Örfirisey gjarna yfir bæinn og framkvæmdastjóri Faxamjölis var í baráttu við íbúa og heilbrigðisfyrirvöld í Reykjavík vegna fnyksins. Þegar loðnuvertíðin stóð sem hæst lá stöðugur reykjarmökkur úr bræðslureyk-háfunum í Örfirisey og Gulli þótti öfyrirleitinn þegar rætt var um að það samræmdist ekki heilbrigðu borgarlífi og ímynd Reykjavíkur sem hreinnar borgar að bræðslufnyk frá loðnuverksmiðju legði yfir bæinn og nágrannabyggðir. Þetta þótti allt í lagi í gamla daga þegar fnykurinn var kallaður peningalykt, en þegar fnykurinn lagði yfir viðkvæma erlenda sendiráðstarfsmenn á Nesinu þótti mörgum mælirinn fullur.

Hann kom við í Urði Verðandi Skuld og þar átti að gera stóra hluti, en minna varð úr því en ætlað var.

Segja má að hann hafi mjög verið tengdur þeim fyrirtækjum sem eitt sinn voru kennd við Einar „ríka“, föður Ágústis Ein-

settur til höfuðs Markúsi Erni til að reyna að koma skikk á stofnunina. Gunnlaugur er einn innsti koppur í ákveðnum valdakjarna í Sjálfstæðisflokknum, mikil vinátta ríkir milli hans og Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar og sagt er að Gunnlaugur hafi verið einn helsti hvatamaður þess að Björn Bjarnason gaf kost á sér sem borgarstjóraefni vorið 2003.

Í útvarpsráði hefur gengið á ýmsu í formennskutíð Gunnlaugs Sævars. Trúnaðarbrestur varð milli hans og Gissurar Péturs-sonar, fulltrúa Framsóknar og varaformanns ráðsins, á síðasta kjörtímabili þegar Gissur greiddi ekki atkvæði með Elínu Hirst í stöðu fréttastjóra Sjónvarpsins. Gissur tók þá afstöðu með Sigríði Arnadóttur og gekk í lið með minnihlutunum í útvarpsráði. Gissur var hegt fyrir það með því að vera settur út úr útvarpsráði og í stað hans kom Páll Magnússon.

Yfirleitt hefur Gunnlaugur Sævar verið andsnúinn skoðunum starfsfólks RÚV um skipulag og framtíðarsýn innan stofnunarinnar. Það vakti því mikla athygli í haust þegar undirbúningur stóð að ráðningu fréttastjóra Útvarpsins að Gunnlaugur Sævar tók sér stöðu með fréttamönnum. Þannig var að Bogi Ágústsson yfirfréttastjóri lagði til að skipulagi fréttastofanna yrði breytt þannig að ráðinn yrði einn yfirmaður beggja stofanna og síðan áttu verkefnisstjórar að sjá um einstaka þætti í rekstrinum. Þetta var lagt fyrir fund útvarpsráðs, en Gunnlaugur Sævar sópaði þessum hugmyndum Boga öllum út af borðinu og sagðist að þessu sinni vera sam-mála fréttamönnum sem áður höfðu lýst sig mjög andsnúna þessum hugmyndum Boga.

Gunnlaugur Sævar er önnur kafinn maður, og oft hefur það komið niður á formennskunni í útvarpsráði. Hann vasast í mörgu og þegar menn telja sig sjá leikfléttu í uppsiglingu, hvort sem er í viðskiptalífínu eða pólitíkinni, beinast grunsemdir manna mjög oft að Gunnlaugi Sævari þótt oft sé enginn fótur fyrir því. ■



TEKNING: HELGI SIG. - HUGVERKA

GÓÐAR GJAFIR

Ferming 2005



Pioneer PIONEER DCS-222
HEIMABÍÓ
Fermingartilboð kr. 49.900



SHARP
SHARP HT-CN400DVH
HEIMABÍÓ
Fermingartilboð kr. 26.900



SHARP
SHARP XL-MP100H
HLJÓMTÆKJASTÆÐA
Fermingartilboð kr. 21.900



QONIX QONIX DVD-3330
KARIOKI SPILARI
Fermingartilboð kr. 8.900



SAMSUNG
SAMSUNG LW15M23C
LCD SJÓNVARP
Fermingartilboð kr. 59.990



Pioneer PIONEER DV-370
DVD SPILARI
Fermingartilboð kr. 13.900



CELESTRON DH 60AZ
STJÖRNUKÍKIR
Fermingartilboð kr. 12.900



QONIX QONIX RDA-4485
FERÐATÆKI
Fermingartilboð kr. 5.990

FYRSTI SÖLUDAGUR

BIÐIN ER Á ENDA

Nintendo DS er nýjasta afurð Nintendo

- Tveir skjáir - sá neðri er snertiskjár.
- Tvíóma hátalarar (Stereo)
- Nettenging svo hægt sé að spila leiki gegnum netið.
- Allt að 16 geta spilað summa leiki saman, þráðlaust
- Innbyggt spjallforrit með fjórum spjallrásum, allt að 16 geta spjallað í einu.

www.nintendo.is



**KYNNING
Í SMÁRALIND
LAUGARDAG
OG SUNNUDAG**

LEIKIR: Super Mario 64 DS

Stjörnugjöf: 5

„Virkilega skemmtilegur leikur á magnaðri tölvu! Prófaði hann í ORMSSON og hann er hreint út sagt stórkostlegur. Söguþráðurinn er nokkuð breytur og minigames er frábær viðbót við leikinn. Nintendo DS og þessi leikur er must have.“

Sendandi: Ivaribbi (05. mars 2005)

OLYMPUS
3JA ÁRA
OLYMPUS
ÁBYRGÐ
HJÁ ORMSSON

æði!!!
4.0 milljón pixlar
OLYMPUS MJU-MINI
STAFRÆN MYNDAVÉL
Fermingartilboð kr. 27.900

ORMSSON
LÁGMÚLA · SMÁRALIND


UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Sigurvegari í alþjóðlegum gæðakönnunum

Stílhrein hönnun

Mesta rýmið

Þægindi



HYUNDAI

hefur gæðin

Ný Hyundai Sonata Frumsýnd um helgina

Komdu og reynsluaktu - Opið alla helgina frá kl. 12 til 16



Með bílinn handa þér

» **Hyundai Sonata 2.4 DOCH**

2400cc, 161 hö, sjálfskiptur.
Þú eignast hann fyrir kr. 2.290.000.
Bílasamningur kr. 23.980 á mánuði.*

*Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning til 84 mánaða og 30% útborgun. Einnig möguleiki á 10% útborgun. Greiðum út þann gamla 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins.

B & L

Grjóthálsi 1

575 1200

www.bl.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 3.845 +0,12% Fjöldi viðskipta: 287
Velta: 4.433 milljónir

MESTA HÆKKUN

Tryggingamiðstöðin 6,73%
Bakkavör 2,82%
Og fjarskipti 2,56%

MESTA LÆKKUN

Flugleiðir -2,04%
Medcare -0,91%
Burðarás -0,72%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 39,60 – ... Atorka 6,00 – ...
Bakkavör 32,80 +2,82% ... Burðarás 13,70 -0,72% ... Flugleiðir 14,40 -
2,04% ... Íslandsbanki 11,70 – ... KB banki 525,00 -0,19% ... Kögun
58,00 – ... Landsbankinn 14,85 +1,02% ... Marel 56,20 +0,18% ...
Medcare 5,45 -0,91% ... Og fjarskipti 4,00 +2,56% ... Samherji 11,20 –
... Straumur 10,10 – ... Össur 83,00 -0,60%

viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Brugðist við vexti

Ör vöxtur hefur verið í starfsemi Landsbankans og útlán hans aukist gríðarlega. Stjórn bankans hefur ákveðið að styrkja eigið fé bankans til þess að mæta vextinum og komandi sóknarfæri í starfsemi bankans. Hlutfé verður aukið um 800 milljónir að nafnvirði eða 11,4 milljarðar að markaðsvirði miðað við útboðsgengið sem er 14,25. Hlutféð verður borðið núverandi hluthöfum bankans til kaups. Bankarnir eru í miklum ham þessa dagana og sóknarhugur í mannskapnum. Landsbankinn hefur farið fram á innlausn útistandandi hluta í Teather and Greenwood í Bretlandi og mun í framhaldinu skrá verðbréfafyrirtækið af markaði. Flestir eru á því að næstu stóru útrásarhreyfingar á fjármála-markaði verði hjá KB banka, en kaupkraftur bankans er talinn nema um hundrað milljörðum króna.

Skyrbjúgur og bílakaup

Bankakerfið er ekki eitt um bjartsýni á komandi tíð. Þeir sem treysta sér til að lifa á mjólkurmat eingöngu eins og forfeður okkar í harðindum eiga

nóg afgang til annarrar neyslu. Mjólkinn er ókveypis í Bónus og Krónunni, en vert er að taka fram að mjólkurneysla eingöngu veldur skyrbjúg.

Mjólkurpeningana nota menn nú til að flytja inn bíla frá Bandaríkjunum meðan dollarinn er ódýr. Bryggja í Norfolk ku vera full af lúxusbílum sem bíða þess að hitta eigendur sína á Íslandi og mun staðan sú að óþreyju-fullir bílkaupendur munu þurfa að bíða í nokkurn tíma eftir skipsrúmi fyrir fararskjóttann.



MARKAÐSFRÉTTIR...

Gengi krónunnar hélt áfram að styrkjast í gær. **Bandaríkjadalur** fór undir 59 krónur og gengisvísitalan fór niður í 107,3 stig. Í lok viðskipta stóð vísitalan í 107.

Hagnaður **Hampiðjunnar** nam 276 milljónum króna í fyrra. Árið 2003 var hagnaður félagsins 160 milljónir.

Hraðfrystihús Þórshafnar hagnaðist um 121 milljón króna árið 2004. Þetta er ríflega tvöfalt meira en árið 2003, þegar hagnaðurinn var 58 milljónir.

Eignarhaldsfélagið **Skildingur** sem er í eigu lykilstarfsmanna hjá **Flugleiðum** seldi í gær sex prósentu hlut í félaginu.

Skjaldborg slegin um Mogga

Hluthafar í Árvakri munu að öllum líkindum koma í veg fyrir að nýir fjárfestar eignist sextán prósentu hlut. Hópurinn sem gerði tilboðið er undrandi á hörðum viðbrögðum.

Töluverðs óróa hefur gætt meðal eigenda Morgunblaðsins á síðustu vikum. Hópur fjárfesta hefur gert tilboð í hluti í félaginu og núverandi hluthafar hafa blásið í herluðra til þess að verja stöðu sína. Meðal þeirra sem vildu kaupa eru fjárfestingarfélagið Meiður og Einar Sveinsson, stjórnarformaður Íslandsbanka.

Margir fá tilboð

Margir hluthafar í Morgunblaðinu hafa á undanförunum misserum fengið tilboð í bréf sín.

Fyrir skemmstu keypti Kristinn Björnsson tíu prósent hlut Johnson fjölskyldunnar en orðrómur var uppi um að aðrir fjárfestar hafi haft augastað á þeim hlut. Þannig var komið í veg fyrir að brestrir kæmu í hluthafahóp Árvakurs.

Þetta er mikilvægt fyrir núverandi hluthafa því sterk forkaupsréttarákvæði eru í gildi varðandi hlutfé í Árvakri en þau giltu ekki um Johnson ehf. heldur einungis hlutabréfin sem eru í eigu Johnson. Þannig var hægt að ná eignarhaldi yfir bréfunum á óbeinan.



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Bílar & SPORT

BÍLAR & SPORT

PORSCHE CAYENNE 730 HÖ. HAYABUSA

LANCER EVOLUTION 8

Íslenskt tímarit um bíla og mótorsport
3. tbl. komið á næstu bensínstöð.

Áskriftarsími:

588 7888

Líklegt að forkaupsréttur verði nýttur

Nú stendur slagurinn um sextán prósentu hlut í eigu Haraldar Sveinssonar og fjölskyldu. Sá hlutir eru ekki í eigu eignarhaldsfélaga. Þetta þýðir að núverandi hluthafar hafa forkaupsrétt í hlutfalli við eign sína í félaginu og hafa tvo mánuði til að ganga inn í kaupin. Allar líkur eru á því að flestir hluthafar gangi inni í kaupin.



FRÉTTASKÝRING
ÁTÖK UM ÁRVAKUR

PÓRLINDUR KJARTANSSON
HAFLIÐI HELGASON
BLAÐAMENN

Stærsti einstaki hluthafinn í Árvakri er Útgáfufélagið Valtýr, sem er í eigu Huldu Valtýsdóttur og fjölskyldu. Ekki er vitað hvaða augum forsvarsmenn þess félags líta aðkomu hópsins sem gert hefur tilboð.

Næststærsti hluthafinn tengist Kristni Björnssyni og fjölskyldu. Eftir kaup Kristins á hlut Johnson ehf. hefur sú blokk yfirráð yfir um 29,5 prósentum af hlutfénu. Að auki er því slegið föstu að eigendur Garðars Gíslason ehf., sem fara með tíu prósentu hlut, muni standa með Kristni og einnig er gert ráð fyrir að Leifur Sveinsson, sem á 7,7 prósent í félaginu, nýti forkaupsrétt sinn.

Þetta þýðir að blokkinn undir forystu Kristins hefur í raun ríflega 47 prósentu hlut í félaginu. Ef allir í þeim hópi ganga inn í tilboð um sextán prósentu hlut Haralds Sveinssonar og fjölskyldu ræður blokkinn yfir tæplega 56 prósentu hlut í Morgunblaðinu jafnvel þótt aðrir nýti sér einnig forkaupsrétt að fullu.

Sterkir fjárfestar bak við tilboðið

Hópurinn sem vill kaupa bréf Haraldar inniheldur meðal annars fjárfestingarfélagið Meið, Brynjólf Bjarnason, forstjóra Símans og Einar Sveinsson.

Það kemur ýmsum á óvart að þessum aðilum sé ekki tekið opnum örmum í hluthafahóp Morgunblaðsins, enda hafa hagsmunir þessara viðskiptavelda löngum legið saman. Einar Sveinsson er forystumaður höfuð Engeyjarfjölskyldunnar svokölluð en Kristinn Björnsson fer fyrir H. Ben fjölskyldunni.

Hörð varnarviðbrögð hluthafa Morgunblaðsins eru til marks um að lítið traust ríki milli þessara hópa um þessar mundir.

Hópurinn sem gerði tilboð í hlut Haraldar Sveinssonar er stóruhrandi á hörðum viðbrögðum forystumanna Árvakurs og finnst þau bera vott um óþarfa taugaveiklun.

Erfiður rekstur en hátt metinn

Rekstur Morgunblaðsins hefur gengið erfiðlega undanfarin ár. Árið 2003 var tap á rekstrinum þrjú hundruð milljónir króna og arðsemin hefur í mörg ár verið léleg.

Fjárhagsleg staða Morgunblaðsins styrktist hins vegar verulega þegar fyrirtækið seldi lóð sína við Kringluna á um tvo milljarða króna.

Hópurinn sem hugðist kaupa hlut í Árvakri telur að hægt sé að bæta rekstur fyrirtækisins verulega. Versnandi rekstrarafkoma er hluti af ástæðu þess að sumir hluthafanna eru nú tilbúnir að losa sig út úr rekstrinum.

Talað er um að tilboðin sem hluthafar hafa fengið jafngildi því að Árvakur sé metinn á hátt í fjóra milljarða króna. Inn í verðið reiknast vitaskuld ákveðinn vegaugni sem menn telja af því að vera hluthafar í Morgunblaðinu, þannig að menn eru tilbúnir að greiða herra

verð fyrir reksturinn en ella. Sextán prósentu hlutur Haraldar Sveinssonar og fjölskyldu gæti því kostað nálægt sex hundruð milljónum króna.

Svekkir út í Íslandsbanka

Innan veggja Morgunblaðsins eru menn undrandi á því að tilboð hins nafnlausa kaupanda sé sett fram með milligöngu Íslandsbanka. Aðeins eru um tvö ár síðan Morgunblaðið flutti öll sín viðskipti úr Landsbankanum í Íslandsbanka. Félag í eigu Íslandsbanka keypti svo lóð Árvakurs og gerði samning um að byggja nýjar höfuðstöðvar Morgunblaðsins við Hádegismóa.

Í hópi hluthafa Morgunblaðsins eru vonbrigði í garð Íslandsbanka og þá sérstaklega stjórnarformanns bankans, Einars Sveinssonar. Þetta finnst Morgunblaðsmönnum óviðeigandi í ljósi tengsla Morgunblaðsins við Íslandsbanka.

Morgunblaðsmenn eru enn fremur óhressir með að hópurinn sem hefur nú sýnt áhuga á að eignast hlut í félaginu skáki í skjóli banka og undir nafnleyn. Fullyrt er að núverandi hluthafahópur hefði ekki lítið neikvæðum augum á að fá þessa aðila inn í hópinn en þeim hagnast ekki aðferðin sem beitt er.

Ekki endilega ný risasamsteypa

Ekki er ljóst hver meginhugmyndin er á bak við tilraunir Meiðs og Engeyinganna til að eignast hlut í Morgunblaðinu. Aðkoma Brynjólfs Bjarnasonar, forstjóra Símans, að málinu vekur athygli og hefur sú ályktun verið dregin að til hafi staðið að mynda fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki til mótvægis við Og Vodafone. Talað er um að að reka Símanum, Skjá einn og Morgunblaðið saman, sérstaklega í ljósi þess að Meiður er talinn mjög líklegur kaupandi á Símanum.

Slíkar hugmyndir munu sam-

Björgólfur meðal ríkra

Björgólfur Thor Björgólfsson er fyrsti Íslendingurinn sem kemst á lista tímaritsins Forbes yfir ríkustu menn í heimi. Að mati Forbes er Björgólfur 488. ríkasti maður heims. Árlega gefur Forbes út lista yfir þá sem eiga meira en einn milljarð Bandaríkjadala og eru þeir nú taldir vera 691. Efstur á listanum sem fyrr er Bill Gates og eru eignir hans metnar á tæplega 2.800 milljarða íslenskra króna. Annar er fjárfestirinn Warren Buffet sem er talinn eiga ríflega 2.600 milljarða. Forbes metur eignir Björgólfs á 1,4 milljarða Bandaríkjadala, sem samsvarar 84 milljörðum íslenskra króna. Björgólfur, sem er 38 ára, er í hópi yngstu manna á listanum í ár og er sá níundi yngsti ef frá eru taldir þeir sem erft hafa stóran hluta auðæfa sinna.



GIRT FYRIR MOGGANN Hluthafar í Morgunblaðinu virðast ekki hafa hug á því að nýir fjárfestar eignir hlut í félaginu. Þeir eru ósáttir við þátt Íslandsbanka í málinu. Hópur hluthafa undir forystu Kristins Björnssonar er líklegur til að eignast yfir helming hlutfjár ef forkaupsréttar verður neytt.

kvæmt heimildum ekki hafa legið til grundvallar fjárfestingu í Árvakri heldur hafi menn talið tækifæri til þess að gera breytingar í rekstrinum og því talið fjárfestinguna geta skilað arði. Til þess að réttlæta verðið sem nefnt hefur verið má þó gera ráð fyrir því að mjög verulegra breytinga þyrfti við í rekstrinum og slíkum breytingum yrði vart hrint í framkvæmd nema hluthafar yrðu mjög samstíga. ■

Margar hendur vinna létt verk!

- samstarfsaðilar óskast -

Við leitum eftir samstarfi við félagasamtök, sveitarfélög og stofnanir sem ætla að vinna að verkefnum á sviði umhverfismála eða ferðamála í sumar.



Stígagerð í Esju



Gróðursetning í Kaldárþöfða



Rektun við Úlfarsfell

Við bjóðum fram krafta vinnuhópa ungmenna á aldrinum 16 til 20 ára sem starfa hjá okkur á sumrin. Auk þess sem hóparnir sinna viðhaldi og snyrtingu í nágrenni mannvirkja okkar hafa þeir um árabíl sinnt umhverfismálum og sköpun aðstöðu til útivistar og ferðamennsku víða um land. Við viljum eiga samstarf um verkefni sem lúta að ræktun, hreinsun og öðrum umhverfisbótum ásamt t.d. stígagerð og stikun gönguleiða.

Við bjóðum fram vinnuframlag unglínganna og flokkstjórn yfir þeim.

Við óskum eftir að samstarfsaðilar leggi fram vel skilgreind verkefni, samkvæmt nánari lýsingu á umsóknareyðublaði, sem er að finna á heimasíðu Landsvirkjunar www.lv.is

Nánari upplýsingar veitir:

Ragnheiður Ólafsdóttir umhverfisstjóri
Sími 515 9000
ragnheidur@lv.is

Umsóknum skal skila með vef-umsókn á lv.is eða bréflega í síðasta lagi 30. mars til Landsvirkjunar, Margar hendur vinna létt verk, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík.



Góðir straumar í 40 ár

Ef þú ert mikill aðdáandi hringninga þá biðjumst við velvirðing- ar á því að valda þér vonbrigðum. Með Pergo gólfefni verður þú að finna þér eitthvað annað að gera í frítímanum þínum.

Rými ehf
Háteigsvegi 7
Reykjavík
Sími 511 1100
Bréfsími 511 1110



Stórútsala á Pergo parketi
Ótrúlegt verð
Ekki missa af gólfefnaútsölu ársins
Aðeins í nokkra daga



JACK KEROUAC (1922-1969)
fæddist þennan dag.



„Mínir helstu vankantar stafa ekki af ástríðu minni, heldur vanmætti mínum til að hafa stjórn á henni.“

Miklar tröllasögur ganga um eitruflýfaneyslu bandaríska rithöfundarins Jacks Kerouac, en sumir draga þó í efa að hægt sé að skrifa úthugsuðar bókmenntir á borð við Á vegum úti í einum rykk í himinhárrí amfetamínvím.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Paul McCartney giftist Lindu Eastman

Þennan dag árið 1969 gengu bítilinn Paul McCartney og ljósmyndarinn Linda Eastman í hjónaband í borgaralegri athöfn í London í Englandi. Fleiri hundruð manns söfnuðust saman fyrir utan skráningarskrifstofuna í Marylebone til að berja parið augum þegar þau komu, ásamt Heather, sex ára gamalli dóttur Lindu Eastman frá fyrra hjónabandi. Á annan tug lögreglumanna voru á svæðinu til að verja parið fyrir áhugasömum ungdómi, en sumir hverjir þóttu taka ansi nærri sér að síðasti piparsveininn í hópi Bítanna væri nú á leið í hjónabandsælu. Paul og Linda McCartney voru gift

29 ár og þóttu dæmi um eitt best heppnaða hjónabandið meðal fræga fólksins. Saman eignuðust þau þrjú börn; Stellu, Mariu og James. Ári eftir að þau Paul og Linda voru gefin saman lögðu Bítarnir upp laupana og Linda gekk í nýja hljómsveit bónda síns að nafni Wings. Linda var vel þekkt sem grænmetisæta og baráttukona fyrir réttindum og velferð dýra og átti sjálf töluverðrar veltgengi að fagna með fyrirtækjarekstur. Hún þénaði milljónir á línu grænmetisréttu sem boðið hefur verið upp á síðan árið 1990. Linda McCartney dó úr brjóstakrabbameini árið 1998 á búgarði McCartney hjónanna í Tucson í



12. MARS 1969

Arizona í Bandaríkjunum. Paul McCartney giftist svo fyrriverandi fyrirsætu að nafni Heather Mills árið 2002 og á með henni dóttur sem kom í heiminn í október árið 2003.

MERKISATBURÐIR

- 1799** Austurríki lýsir Frökkum stríð á hendur.
- 1916** Alþýðusamband Íslands, ASÍ, stofnað og þar með Alþýðuflokkurinn. Fyrsti formaður var Ottó N. Þorláksson.
- 1930** Indverski stjórnmálaleiðtoginn Mohandas K. Gandhi hefur 322 kílómetra langa göngu til að mótmæla saltskatti Breta.
- 1965** Hljómar frá Keflavík senda frá sér fyrstu íslensku bítlaplötuna.
- 1977** Fyrsta leikna íslenska kvikmyndin í fullri lengd, Morðsaga eftir Reyni Oddsson, frumsýnd.
- 1981** Úrskurður Hæstaréttar í Kötluvellismálinu; blaðamenn þurfa ekki að upplýsa rannsóknarlögreglu um heimildarmenn.

AFMÆLI

Karólína Lárusdóttir myndlistarkona er 61 árs í dag.



Ólafur Gottskálksson fótboltamaður er 37 ára í dag.



Jóhann Sigmarrson kvikmyndaleikstjóri er 36 ára í dag.



Páll Magnússon, aðstoðarmaður iðnaðarráðherra, er 34 ára í dag.

Marta Nordal leikkona er 35 ára í dag.



Sveinbjörg Þórhallsdóttir dansari er 33 ára í dag.



Anna Margrét Hraundal tónlistarkona er 28 ára í dag.

ANDLÁT

Aðalheiður Kristjánsdóttir, Hamraborg 18, Kópavogi, lést fimmtudaginn 3. mars.

Ingiríður Jónasdóttir Blöndal, Stóragarði 38, Reykjavík, lést þriðjudaginn 8. mars.

Ólafur Sverrisson, fyrrverandi kaupfélagsstjóri í Borgarnesi og á Blönduósi, hjúkrunarheimilinu Eir, Reykjavík, lést þriðjudaginn 8. mars.

Hansína Þorkeldsdóttir, frá Siglufirði, Freyjugötu 39, Reykjavík, lést miðvikudaginn 9. mars.

Kjartan Ingimarsson, Rauðalæk 2, Reykjavík, lést miðvikudaginn 9. mars.

JARÐARFARIR

11.00 Seselía Ólafsdóttir, Skagfirðingabraut 39, verður jarðsöngin frá Sauðárkróskirkju.

14.00 Guðrún Júlía Elíasdóttir, Aðalsteini, Stokkseyri, verður jarðsöngin frá Stokkseyrarkirkju.

13.30 Guðmundur Kjartan Runólfsson, bóndi í Ölvisholti, Hraungerðishreppi, verður jarðsöngin frá Hraungerðiskirkju.

14.00 Júlíus Helgi Guðmundsson, frá Garðhúsum, Garði, Smáraflöt, Garði, verður jarðsöngin frá Útskálakirkju.

14.00 Árni Jens Valgarðsson verður jarðsöngin frá Raufarhafnar-kirkju.

14.00 Sigrún Elísabet Ásgeirsdóttir, Höfðavegi 7b, Húsavík, verður jarðsöngin frá Húsavíkurkirkju.

14.00 Guðmunda F. Jónasdóttir, Stykkishólmi, verður jarðsöngin frá Stykkishólmskirkju.

14.00 Þórhallur Björgvinsson, frá Þorgerðarstöðum í Fljótsdal, Útgarði 6, Egilsstöðum, verður jarðsöngin frá Egilsstaðakirkju.



Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýðug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæra

Kristins Hólm Vigfússonar

Ránargötu 23, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæsludeildar Fjórðungs-sjúkrahússins á Akureyri fyrir frábæra umönnun í veikindum hans.

Anna Rósantsdóttir, Lára Björk Kristinsdóttir, Halldór Árnason, Bragi Hliðar Kristinsson, Friða Pétursdóttir, afabörn og langafabarn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Hansína Þorkeldsdóttir

frá Siglufirði, Freyjugötu 39, Reykjavík,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 9. mars.

Unnur Einarisdóttir
Guðrún Einarisdóttir
Þorkell Einarsson
Gerður Einarisdóttir
Ólafur Hjalti Einarsson
Sveinn Ingvar Einarsson
Pálmi Einarsson
Jóhanna Einarisdóttir
Ari Einarsson
Snorri Páll Einarsson
Unnur Helga Ólafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Rafn Baldursson
Hjörtur Páll Kristjánsson
Rut Marsibil Héðinsdóttir
Þorsteinn Sveinbjörnsson
Sólveig Victorsdóttir
Karin Margareta Johansson

Gísli Guðmundsson
Berglind Jónsdóttir
Elin Lára Jónsdóttir

TÍMAMÓT: STOFNANDI AFS Á ÍSLANDI

Vildi stuðla að jafnrétti og friði í heiminum

AFS skiptinemasamtökin á Íslandi halda sinn 48. landsfund sinn í dag og meðal gesta er Edwin Masback, einn af stofnendum samtakanna.

Alþjóðlegu AFS skiptinemasamtökin voru stofnuð árið 1947 af bandarískum sjálfboðaliðum sem óku sjúkrabílum á vígvöllum Evrópu í fyrri og seinni heimstyrjöld. Að seinni heimsstyrjöld lokinni seldi sjálfboðaliðasveitin sjúkrabíla og notaði fjármunina til að hefja nemendaskipti með það að marki að efla vináttu á milli Evrópu og Bandaríkjanna. „Í stríðinu kynntumst ég svo mörgu fólki af ólíku þjóðerni og það var virkilega holl lífsreynsla,“ segir Masback. „En við sáum líka dæmi um mismunun. Í breska hernum til dæmis var komið misjafnlega fram við hermenn eftir þjóðerni þeirra; indverskur hermaður komst ekki jafn hátt í metorðastiganum og enskur hermaður. Þetta angraði marga okkar og við vildum draga úr fordómum og stuðla að jafnrétti og töldum okkur geta það með alþjóðlegum skiptinemasamtökum.“

AFS samtökin hafa síðan dreift enn meira úr sér, starfa í 55 löndum í öllum heimsálfum og um tíu þúsund ungmenni fara á þeirra vegum og dvelja í öðru landi í lengri eða skemmri tíma. Masback hefur sjálfur tekið á móti sex skiptinemum og segir það afar gefandi. Þrátt fyrir að vera 88 ára gamall er Masback enn mjög virkur í starfi AFS og ferðast um allan heim til að sitja málþing á borð við það sem er hér á morgun. „Ég hef verið beðinn um að halda ræðu um frið, sem er áhugavert umfjöllunarefni. Ég hef ekki ákveðið hvaða útgangspunktur ég vel; ég skrifa ræðurnar aldrei með miklum fyrirvara.“

Þetta er í fyrsta skipti sem Masback heimsækir Ísland en



EDWIN MASBACK Þrátt fyrir að vera orðinn 88 ára gamall er Masback mjög virkur í starfi AFS og sækir mörg málþing um allan heim.

hann er vel að sér um land og þjóð. „Mér þykir mikið til þess koma hversu hátt menntunartig er á Íslandi og þið eruð sannkölluð fyrirmynd annarra landa í þeim efnum,“ segir hann.

Landsfundur AFS er haldinn á

Kornhlöðunni á veitingastaðnum Lækjarbrekku og hefst klukkan 13. Að honum loknum, klukkan 14.30, hefst málþingið, sem ber yfirskriftina Er friður bara hugtak? Fundurinn og málþingið eru öllum opin. ■

Unicef á Íslandi eins árs

Í dag fagnar landsnefnd UNICEF á Íslandi eins árs afmæli sínu, en UNICEF er Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna. Af því tilefni verður slegið upp barnaafmæli í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna að Skaftahlíð 24 milli klukkan þrjú og fjögur í dag. Boðið verður upp á barnaafmælisköku, djús og blöðrudýr frá dýpstu frumskógunum Afríku. Einnig mun barnakór Ísaksskóla syngja afmælissönginn og fleiri góð lög.

„UNICEF Ísland vill bjóða alla þá sem stutt hafa við bakið á landsnefndinni á þessu fyrsta starfsári velkomna, þ.e.a.s. styrktaraðilum, heimsforeldrum, fjölmöðum og vinum. Börn eru sérstaklega boðin velkomin,“



VEFUR UNICEF Á ÍSLANDI Á slóðinni www.unicef.is er að finna vef UNICEF á Íslandi, en í dag fagnar landsnefndin hér ársafmæli sínu.

segir í tilkynningu Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

Í afmælisveislunni kynnrir

UNICEF Ísland nýjan bækling um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem dreift verður til allra 6. og 7. bekinga á landinu næstu daga í samstarfi við Námsgagnastofnun. Bæklingurinn er sagður gerður að norski fyrirmynd og ætlað að fræða börn og ungmenni um réttindi sín og skyldur.

Landsnefnd fyrir UNICEF á Íslandi er sjálfseignarstofnun og miðar að því að kynna UNICEF og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og styrkja hin margvættu verkefni UNICEF með fjáröflun. UNICEF var stofnað árið 1946 og er einn stærsti og virtasti sjóður innan Sameinuðu þjóðanna. Í dag starfa um 7 þúsund manns í um 160 löndum á vegum UNICEF. ■

FULLKOMIN FERMINGARGJÖF!

Playstation Two

14.999kr

Ef þú kaupir leik með
- færðu hann á
20% afslætti!



Fyrstir koma fyrstir fá!



LEIKIR



...skemmtir þér ;)

adidas



5.990

adidas

ADIDAS THOLCKE W Léttir og þægilegir skór úr leðri. Litir: Brúnir, beige. Stærðir: 37-43. kr. 5.990. Verð áður 6.490.



4.490

adidas

ADIDAS 3SA TUNIQUE Síður ermalaus bolur úr teygjanlegu ClimaCool

öndunarefni. Litur: Svartur. Stærðir: 36-42. kr. 4.490

ASICS 3SA FLARE PANT Þægilegar buxur úr teygjanlegu ClimaCool öndunarefni. Litur: Svartar. Stærðir: 38-42. kr. 4.990



4.990

VERÐ ÁÐUR 5.990



5.990

adidas

ADIDAS 3SA HOOD KNIT JK Aðsniðin rennd hettupeysa úr bómull.

Litur: Hvít. Stærðir: 36-42. kr. 5.990

VELKOMIN Í INTERSPORT

ADIDAS - FRÁBÆR KAUP UM HELGINA!

NÝJAR VÖRUR!



5.990

VERÐ ÁÐUR 7.490

adidas

ADIDAS JIANO A Vandaður íþróttagalli. Litur: Grár, dökkblár. Stærðir: S-XXL. kr. 5.990



990

NORTHBROOK SPORTS

NORTHBROOK WRESTLING TEE Stuttermabolur úr bómull. Litir: Grár, blár, gulur. Stærðir: S-XL. kr. 990



Við leggjum okkur 100% fram við að bjóða ávallt upp á lægsta verðið. Ef þú hefur keypt vöru í INTERSPORT og finnur sömu vöru á lægra verði í annarri verslun, þá endurgreiðum við þér mismuninn. Sýna þarf kassakvittun. Gildir í tvær vikur frá kaupdegi, gildir um allar vörur nema útsölu- eða tilboðsvörur.

**ADIDAS - SUPERSTAR
GOTT VERÐ!**



4.990

VERÐ ÁÐUR 6.490



ADIDAS SUPERSTAR II K 72 Vinsælustu götuskoðir fyrir börn og unglina.
Litur: Svartir. Stærðir: 34-38,5. kr. **4.990**



PRO TOUCH TWIST TEE JR Góður stuttermabólur fyrir fótboltann. Litur: Grár.
Stærðir: 120-170. kr. **1.190**



1.190

>> hummel

HUMMEL MICRONYLON BUXUR Vandaðar íþróttabuxur, góðar fyrir fótboltann. Litur: Svartar. Stærðir: 6-16. kr. **3.490**

3.490

**SPORTFATNAÐUR
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA**



990



NORTHBROOK CAMP 55 TEE JR Stuttermabólur úr bómull. Litir: Blár, rauður, grænn. Stærðir: 120-170. kr. **990**



3.990

NIKE PW PANT Buxur. Litur: Bláar með rauðri rönd. Stærðir: S-XL. kr. **3.990**

**INTERSPORT®
DEILDIN**

FÁÐU MIÐA Á LEIK 8 LIÐA ÚRSLITUM!

Fyrstu 50 viðskiptavinir sem versla í Intersport Húsgagnahöllinni eða Smáralind um helgina fá miða fyrir 2 á leik í 8 liða úrslitum Intersportdeildarinnar í kaupbæti!

Opið
alla daga



Póstverslun
VIÐ SENDUM HVERT
Á LAND SEM ER



Club Intersport

UMMÆLI VIKUNNAR

„Mér þykir kúnstugt að fylgjast með hvað allir reyna að rakka niður ályktunina okkar, en það sýnir bara hvað aðrir flokkar eru fúlir út í það að Framsóknarflokkurinn skuli vera leiðandi afl í þessari [ESB] umræðu.“

Dagný Jónsdóttir á heimasíðu sinni 6. mars.

„Duga jákvæðar strokur og blíðuhót á framámenn í íslensku atvinnulífi? Mun það opna augu þeirra fyrir konunum í kringum þá?“

Þórunn Sveinbjarnardóttir á heimasíðu sinni 8. mars.

stjórnmmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á visir.is

Úr bakherberginu...

Tortryggni Össurarmanna

Stuðningsmenn Össurar Skarphéðinssonar í slagnum við Ingibjörgu Sólrúnu um formannssætið í Samfylkingunni eru ekki par ánægðir með tímasetningu á stofnun Kvinnahreyfingar Samfylkingarinnar sem fyrirhuguð var í vor. Þeir halda því margir fram að stofnun Kvinnahreyfingarinnar nú í vor sé samsæri kvenna í flokknum gegn Össuri.



Með stofnun hreyfingarinnar sé verið að hygla Ingibjörgu Sólrúnu í aðdraganda kosninganna. Konur ákváðu að fresta stofnundi hreyfingarinnar fram á haust – en segja að það sé vegna þess að aðalfundi flokksins hafi verið flýtt fram á vor.

Bændur forðast Halldór

Það þótti víst vandræðalegt á að horfa hversu afskiptur Halldór Ásgrímsson var í boði sem þingflokkur framsóknarmanna hélt fyrir fulltrúa búnaðarþings á dögunum. Gestgjafinn sjálfur var eins og illa gerður hlutur úti í horni á meðan bændurnir flyktust um varaformanninn Guðna Ágústsson eins og mý á mykuskán. Guðni fór á kostum og reytti af sér brandarana að venju við góðar undirtektir bændanna. Halldór var þarna augljóslega ekki á heimavelli.

Stjórnarandstaðan skýtur sig í lappirnar

Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í útvarpsráði eru sagðir hafa skotið sig í lappirnar með því að mótmæla ákvörðun meirihlutans í ráðinu með því að skila auðum atkvæðaseðlum í kjörinu um fréttastjóra Ríkisútvarpsins. Með því hafi þeir bundið hendur Markúsar Arnar

Antonssonar útvarpsstjóra, sem hafði engan annan kost en að velja þann umsækjanda sem meirihlutinn mælti með. Fréttamenn RÚV eru víst afar sárir yfir framtaksleysi minnihlutans. Fulltrúar minnihlutans hafa síðan sent frá sér tilkynningu þar sem þeir segjast með aðgerðaleyfingu hafa í raun verið að mæla með umsækjendunum fimm sem Bogi Ágústsson hafi mælt með. Hmmm? En auðvitað stökk Markús Örn á tækifærið og notaði aðgerðaleyfi minnihlutans síðan sem afsökun fyrir því að þurfa að staðfesta val meirihlutans.



VIKA Í PÓLÍTÍK

SIGRÍÐUR DÖGG AUÐUNSDÓTTIR

Hefndaraðgerðir framsóknarmanna?



Í Staksteinum Morgunblaðsins fimmtudaginn 20. janúar síðastliðinn varaði sá sem þá ritaði við aðgerðum Framsóknarflokksins á hendur Ríkisútvarpinu vegna „eineltis“ fjölmiðla í garð flokksins vegna Íraks málsins. Þar sagði:

„Ekki eru vonbrigði framsóknarmanna minni vegna háttsemi ríkisfjölmiðlanna. Þeir hafa tekið þátt í eineltinu á hendur framsóknarmönnum.“

Þrátt fyrir, að það eru framsóknarmenn, sem hafa árum saman komið í veg fyrir, að sjálfstæðismenn hristu rækilega upp í RÚV.

Það er spurning, hvort framsóknarmennirnir verða jafn áhugasamir um að koma í veg fyrir umbætur hjá RÚV héðan í frá eins og hingað til. [...] Þess vegna má gera ráð fyrir að framsóknarmenn hugsi sitt þessa dagana.“

Spyrja má hvort ákvörðun meirihlutans í útvarpsráði nú í vikunni hafi verið hefndaraðgerðir framsóknarmanna fyrir umfjöllun RÚV um Íraks málið? Pétur Gunnarsson, skrifstofustjóri þingflokks Framsóknarflokksins, var fulltrúi framsóknarmanna í útvarpsráði þegar valið var á milli umsækjenda um starf fréttastjóra stofnunarinnar.

Sá hinn sami Pétur Gunnarsson sendi starfandi fréttastjóra Ríkisútvarpsins, Friðriki Páli Jónssyni, harðort bréf þegar umfjöllun fjölmiðla um Íraks málið stóð sem hæst í byrjun ársins. Í því skammaði hann fréttastjórnann fyrir að hafa ekki birt orðrétt fréttatilkynningu Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra sem send var út í kjölfar mistaka Róberts Marshall, fréttamanns á Stöð 2. Í tilkynningunni notaði forsætisráðherra tækifærið til að úthúða öllum fjölmiðlum landsins fyrir ófagmannleg vinnubrögð í málinu án þess að stöðja mál sitt neinum rökum. Pétur sagði í bréfinu eitthvað á þá leið að fréttastofan hlyti að vera hlutdræg eða faglega ónytt.

Í sama bréfi nafngreindi Pétur nokkra fréttamenn á öðrum fjölmiðlum sem hann var ekki sáttur við. Þar á meðal var Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, fréttamaður á Stöð 2, sem Pétur sagði fara með daglega dellu og „sda sem léki lausum hala á Fréttablaðinu“. ■

Samfylkingin vill skýrari lög um ráðherraábyrgð

Samfylkingin vill að lög um landsdóm og ráðherraábyrgð verði endurskoðuð. Lög um ráðherraábyrgð þurfi að færa í sama horf og í nágrennlöndum okkar. Skoða eigi sérstaklega ábyrgð ráðherra gagnvart Alþingi ef hann gefur rangar upplýsingar eða leynir upplýsingum.



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA OG DAVÍÐ ODDSSON UTANRÍKISRÁÐHERRA Þingflokkur Samfylkingarinnar vill að stofnuð verði nefnd til að endurskoða lög um landsdóm og ráðherraábyrgð, sem séu úrelt og óskýr.

STJÓRNARSKRÁ Fyrir Alþingi liggur þingsályktunartillaga Samfylkingarinnar um heildarendurskoðun á lögum um landsdóm og lögum um ráðherraábyrgð. Þingflokkurinn segir að lög um landsdóm séu orðin úrelt, en þau voru endurskoðuð fyrir rúmum fjórum áratugum og hafa því ekki fylgt eftir þeirri þróun sem orðið hefur á dóms- og réttarkerfinu. Einnig telur þingflokkurinn að færa þurfi lög um ráðherraábyrgð til sambærilegs horfs og þekkist í nágrennlöndum okkar.

Í tillögunni er lagt til að landsdómur verði jafnvel aflagður. Ráðherraábyrgð verði lögð fram fyrir almenna dómstóla og ráðherra saksóttir sem hverjir aðrir embættismenn.

Bent á að ýmis ákvæði í núgildandi lögum um ráðherraábyrgð séu ófullkomin og óskýr, svo sem ákvæði um ábyrgð ráðherra vegna athafna undirmanna. Bent er á að í Danmörku geti ráðherrar orðið ábyrgir vegna athafna undirmanna á grundvelli skorts á eftir-

liti og leiðbeinandi fyrir mælum. Þá eru engin ákvæði að finna í núgildandi lögum varðandi ábyrgð ráðherra ef hann gefur Alþingi rangar eða villandi upplýsingar eða leynir upplýsingum er hafa verulega þýðingu við meðferð máls á Alþingi. Slík ákvæði er að finna í lögum um ábyrgð ráðherra bæði í Danmörku og Noregi.

Þingflokkurinn telur að endurskoðun laga um ráðherraábyrgð myndi styrkja þingræðið og eftirlit Alþingis með framkvæmdarvaldinu.

Eiríkur Tómasson, lagafrófsingur við Háskóla Íslands, tekur undir það með Samfylkingunni að lögin um ráðherraábyrgð séu ekki nægilega skýr. „Hin

lagalega ráðherraábyrgð er eitt af því sem þarf að skoða í tengslum við endurskoðun stjórnarskránnar“, segir hann.

Hann bendir á að í kjölfar Watergate-hneykslisins á áttunda áratugnum hafi löndin í kringum okkur endurskoðað lög um ráðherraábyrgð og gert þau skýrari.

„Ef ráðherra yrði staðinn að því að gefa þinginu eða þingnefnd rangar upplýsingar er ekki tekið beint á því í ráðherraábyrgðarlögum eins og þau eru núna. Ég tel að þau ættu hins vegar að gera það. Það ætti ekki bara að vera ráðherra síðferðilega skylt að gefa réttar upplýsingar, heldur líka lagalega. Brot á því sé þá lög-brot og leiði til ábyrgðar“, segir Eiríkur. **sda@frettabladid.is**



Líftækni
Próunarverkefni
Upplýsingatækni
Hátækni

IÐNAÐUR

AUKABLAÐ

FYLGIR

FRÉTTABLAÐINU

MIÐVIKUDAGINN

24 MARS

Auglýsendur snúi sér til Ámunda Ámundasonar sölufulltrúa í sínum 515-7580 / 821-7514 amundi@frettabladid.is

UMMÆLI Á ALÞINGI



„Mér þótti hins vegar gaman að sjá þennan gamla sósíalista og kommúnista, háttvirtan þingmann [Helga Hjörvar], veifa peningapungnum og segja að ef við leggjum niður Reykjavíkurlugvöll muni allir íbúar á Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði fá eina milljón króna.“

Halldór Blöndal á Alþingi 7. mars í umræðum um framtíð Reykjavíkurlugvallar.

„Verst þykir mér að hæstvitur utanríkisráðherra, Davíð Oddsson, skuli hafa flúið úr salnum þegar þessi umræða hófst. Því það er



Davíð Oddsson sem persónulega og pólitískt ber ábyrgð á Markúsi Erni Antonssyni og Gunnlaugi Sævari Gunnlaugssyni, útvarpsstjóra og formanni útvarpsráðs, og pólitískri misbeitingu þeirra á stofnuninni í þessu tilfelli.“

Helgi Hjörvar á Alþingi 10. mars í umræðum um ráðningu fréttastjóra Ríkisútvarpsins.



„Það er einskis að vænta af ráðherrum, þingmönnum og spuna-meisturum stjórnarflokkanna í þessu máli og öðrum. Þeir svifast einskis, þeir hafa sýnt það.“

Mörður Arnason á Alþingi við sama tækifæri.



„RÚV er eign ríkisins en ekki þjóðarinnar og það er mikill munur þar á. [...] Tal um það að menn eigi RÚV, að það sé eign þjóðarinnar, er út í hött því ef menn eiga eitthvað þá geta þeir gert eitthvað við það og þeir geta selt það eða veðsett það. Og það geta þeir ekki með Ríkisútvarpið. Þess vegna verður RÚV alltaf pólitískt af því að það er pólitík í ríkinu og ríkið á RÚV.“

Pétur Blöndal á Alþingi við sama tækifæri.

Eín radda guðs horfin á braut

Einn risanna þriggja í bandarískum sjónvarpsfréttum síðustu tvo áratugi lét af starfi í vikunni. Dan Rather var aðalfréttapular CBS í 24 ár og þar með einn þriggja manna sem sögðu milljónum Bandaríkjamanna fréttirnar á hverju kvöldi. Hann hætti í skugga mistaka og ásakana um að láta stjórnsmál lita fréttaflutning sinn. *Brynjölfur Þór Guðmundsson* lítur á hvað gerðist.

Dan Rather hætti sem aðalfréttapular CBS-sjónvarpsstöðvarinnar eftir 24 ára starf síðasta miðvikudag, að sumra mati á lágpunkti ferils síns. Kvöldfréttir CBS höfðu dregist aftur úr kvöldfréttum ABC og NBC í áhorfi og alvarleg mistök starfsmanna CBS við gerð fréttar í miðri kosningabaráttunni síðasta haust um meinta forréttindameðferð George W. Bush í Þjóðvarðliðinu fyrir rúmum þremur áratugum ollu Rather miklum álitshnekki.

Rather lét af starfi aðalfréttapular 24 árum upp á dag eftir að hann tók við af Walter Cronkite, sem nýtur hvað mestrar virðingar bandarískra fréttamanna fyrr og síðar. Þar með lauk lengsta samfellda starfsferli nokkurs aðalfréttapular stóru sjónvarpsstöðvanna.

Rather, Peter Jennings á ABC og Tom Brokaw sem hætti fyrir skömmu sem aðalfréttapular NBC voru andlit fréttastofa sinna um tveggja áratuga skeið, risarnir í bandarískum sjónvarpsfréttum sem stundum voru kallaðir rödd guðs. Jennings er einn eftir og óvíst hvað verður á CBS þar sem talað er um að tveir eða fleiri fréttapular segi fréttirnar í framtíðinni. Tími aðalfréttapulanna kann því fljótt að vera á enda.

Gifturík ferill

Rather á að baki hálfra aldar feril sem hefur um margt verið gifturík. Hann varð fyrstur til að segja frá því að John F. Kennedy Bandaríkjaforseti væri látinn, flutti fréttir af réttindabaráttu þeldökkra í suðurrikkjum Bandaríkjanna, fjallaði um Watergate og Víetnam auk þess að læðast inn í Afganistan í dulargervi eftir innrás Sovétmanna.

Síðar, eftir að Rather varð aðalfréttapular CBS tók hann mörg viðtöl sem vöktu athygli.

Þannig varð hann til að mynda fyrstur manna til að fá viðtal við Saddam Hussein eftir innrás Íraka í Kúvæt. Hann var líka þekktur fyrir að eiga það til að skipta skapi ef honum þótti sér eða fréttastofu sinni misboðið. Þegar yfirmenn CBS ákváðu að sýna frá tennisleik sem fór í framlengingu í stað þess að byrja fréttir á réttum tíma reiddist hann svo mjög að hann gekk út úr fréttaverinu og neitaði að flytja fréttir það kvöldið.

Í fyrra flutti Rather fréttina þar sem fyrstu myndirnar birtust af pyntingum fanga í Abu Ghraib. Hann flutti líka fréttina þar sem stuðst var við skjöl sem áttu að sýna fram á að Bush Bandaríkjaforseti hefði notið forréttinda í Þjóðvarðliðinu, en síðar kom í ljós að skjölin væru að öllum líkindum fölsuð.

Eitur í beinum repúblikana

Repúblikanar töldu fréttina um Bush staðfesta grun sinn: að Rather væri andvígur repúblikönun og þótti þeim fréttaflutningur hans til marks um þetta. Þar vísuðu menn til samskipta Rather og tveggja fyrrum forseta. Hann þótti aðgangsharður í spurningum sínum gagnvart Richard Nixon þegar Watergate-hneykslið var í hámmæli og þegar hann tók viðtal við George Bush eldri árið 1988 reitti hann varaforsetann þáverandi til reiði.

Fyrra atvikið fór sérstaklega fyrir brjóstið á repúblikönun. Þá spurði Rather aðgangsharðrar spurningar þannig að þeir sem heyrðu ýmist klöppuðu eða bauluðu á Rather. Nixon spurði Rather á móti: „Are you running for something?“ eða „Ert þú í framboði til einhvers?“ Rather svaraði á móti: „No, are you?“ sem var túlkad, í ljósi þess að Nixon gat ekki boðið sig fram aftur, að Rather væri að spyrja forsetann hvort hann



EFTR SÍÐUSTU ÚTSENDINGUNA Dan Rather stýrði fréttatíma CBS í síðasta sinn síðasta miðvikudagskvöld. Þá hafði hann gegnt starfi aðalfréttapular í 24 ár upp á dag.

væri að hlaupa í felur.

Þessu til viðbótar nefna repúblikanar að Rather hafi komið upp um sig þegar hann var viðstaddur fjárflyunarsamkomu demókrata sem dóttir hans skipulagði.


Forverinn ósáttur

Það voru ekki aðeins repúblikanar sem gagnrýndu Rather. Walter Cronkite, maðurinn sem Rather tók við af fyrir 24 árum, var harðorður um eftirmann sinn í viðtali á CNN fyrir skömmu. Cronkite sagði það hafa verið tilfinningu sína, og fleiri einstaklinga sem tengdust CBS, að Rather væri að leika hlutverk frekar en einfaldlega að segja fréttirnar.

Cronkite furðaði sig einnig á því að stjórnendur CBS hefðu haft Rather jafn lengi við stjórnvölinn og raun ber vitni þrátt fyrir að fréttatíminn hefði tapað áhorfi og dregist aftur úr hinum stóru stöðvunum, ABC og NBC.

Svarar fyrir sig

Dan Rather svaraði hluta gagnrýninnar sem hann hefur sætt, í þætti um feril hans sem sendur var út daginn sem hann hætti. „Ein aðferð til að dæma fréttamann er hversu oft og hversu vel hann stendur keikur gegn



HVERS VEGNA SJÓNVARP?

„Yfirmönnum mínum varð fljótlega ljóst að framtíð mín væri ekki í prentmiðlum. Það tók þá svo langan tíma að leiðrétta stafsetningarvillurnar mínar að búið var að prenta nokkur upplög áður en fréttirnar mínar komust í blaðið. Ég var ekki bara lélegur í stafsetningu, ég var frumlegur. Ég gat fundið sextán nýjar leiðir til að stafa „köttur“. Ég gat stafað „Alabama“ án þess að nota sérhljóða. Að lokum tók vingjarnlegur fréttastjóri mig afsíðis og um leið og hann rak mig mjög vingjarnlega benti hann mér eitt orð sem ég yrði ekki í vandræðum með að stafa: CBS.“

Dan Rather um reynslu sína sem blaðamaður á Houston Chronicle. Deadlines & Datelines, síða xiii.

þeim sem reyna að hræða hann. Sýnið virðingu, verið kurteis en spyrjið spurninganna. Spurðu fjandans spurningarinnar! Hvers konar fréttamaður er það sem spyr ekki og krefst svars?“

Þessi orð hans eru í beinu framhaldi orða sem hann lét falla í þætti David Letterman. Þar sagðist hann óttast að of margir fréttamenn hefðu ekki kjark til að vera aðgangsharðir við ráðamenn af ötta við að vera sviptir aðgangi að þeim.

Þá hafði hann lokið við að lýsa því hvernig öryggisvörður á flokksþingi demókrata 1968 barði hann fyrir að spyrja hvers vegna verið væri að draga þingfulltrúa á brott.

Langlífir aðalfréttapular

Athygli vekur að þeir Rather, Jennings og Brokaw eiga allir að baki meira en tvo áratugi sem aðalfréttapular. Þetta telja ýmsir of langan tíma.


Joan Walsh, ritstjóri vefritsins Salon, fjallaði um brothvarf Rather á dögunum. Hún vék að gagnrýninni sem dundi á Rather vegna mistakanna við vinnslu fréttarinnar um meint forréttindi Bush. Hún sagði þau mistök kunna að hafa flýtt fyrir brottför Rather en að þau væru ekki ástæðan fyrir henni.

„Dan Rather er að hætta vegna þess að hann er 73 ára,“ segir hún. „Hann hættir ári seinna en hann vildi en sennilega fimm árum síðar en hann hefði átt að gera.“ Hún vísar til þess að áhorf á fréttir CBS hafi farið minnkandi um langt skeið og að þær fari sérstaklega halloka meðal yngri áhorfenda. „Aðeins átta eða níu prósent þess mikilvæga aldurshóps milli átján og 34 ára fylgdist með fréttum stóru stöðvanna. Þetta er andlát fjölmiðils.“

Það er í þessu umhverfi sem stjórnendur CBS ákveða næstu skref. Þeir hafa boðað breytingar en nokkur tími líður áður en þær koma í ljós. ■

HÆTTUR SEM AÐALFRÉTTALESARI CBS

Dan Rather lét af störfum sem aðalfréttalesari CBS á miðvikudag, 73 ára að aldri, nákvæmlega 24 árum eftir að hann tók við starfinu af Walter Cronkite.



Tveir risanna hættir

Stóru stöðvarnar þrjár, ABC, CBS og NBC, voru lengi einráðar í bandarískum sjónvarpsfréttum. Þrátt fyrir að nýjar stöðvar á borð við CNN og Fox News hafi hrifsað til sín áhorf frá stóru stöðvunum voru aðalfréttapúllir þeirra löngum stærstu nöfnin í fjölmiðlaheiminum. Nú eru tveir þeirra þriggja sem Bandaríkjamenn horfðu á flytja fréttirnar kvöld eftir kvöld um rúmlega tveggja áratuga skeið hættir.

PETER JENNINGS Aðalfréttapúllur ABC

Jennings er sá eini risanna þriggja sem enn er aðalfréttapúllur og ólíkt hinum aðalfréttapúllum bandarísku sjónvarpsstöðvanna er hann kanadískur. Jennings byrjaði snemma í fjölmiðlum og var með barnabátt á CBC þar sem faðir hans, Charles, var í stjórnunarstöðu. 1962 var hann annar aðalþula á fyrstu einkareknu kanadísku sjónvarpsfréttastöðinni. Flutti tveimur árum síðar til New York og hóf störf hjá ABC. Varð aðalfréttapúllur CBS árið 1983. Kom til Íslands líkt og Brokaw og Rather og flutti fréttir af leiðtogafundi Ronalds Reagans og Mikhaíls Gorbatsjov.



DAN RATHER Aðalfréttapúllur CBS

Rather byrjaði sem blaðamaður á Houston Chronicle og vann síðar á útvarps- og sjónvarpsstöðvum í Texas þar til hann tók til starfa hjá CBS. Þar flutti hann fréttir af mörgum heimsviðburðum, svo sem morðinu á John F. Kennedy Bandaríkjaforseta, réttindabaráttu þeldökkra og Watergate-hneykslinu. Í millitíðinni óskaði hann eftir því að vera sendur til Víetnam þaðan sem hann sagði fréttir af stríðinu sem þar geisadi. Tók við starfi aðalfréttapúllar CBS af Walter Cronkite árið 1981 og upphófst fljótt mikil samkeppni milli hans, Jennings og Brokaw.



TOM BROKAW Aðalfréttapúllur NBC

Þegar Brokaw hætti störfum 1. desember síðastliðinn átti hann að baki 21 ár í starfi sem aðalfréttapúllur NBC. Brokaw byrjaði í fréttamennsku rúmlega tvítugur, fjallaði um mannréttindabaráttuna í suðurríkjum Bandaríkjanna á sjöunda áratugnum og var fréttamaður NBC í Hvíta húsinu þegar Watergate-hneykslið var í algleymsi. Hann varð fréttapúllur við annan mann 1982 en varð einn um sviðið ári síðar. Brokaw var að sögn fyrirmyndin að fréttamanninum í myndinni Broadcast News sem reis á toppinn þrátt fyrir takmarkaða fréttamennskuhæfileika.



Sjónvarpsfréttastofurnar of dýrar í rekstri:

Tími þeirra stóru liðinn

Tími stóru fréttapúllanna, á borð við Rather, Jennings og Brokaw, er að líða undir lok, segir Ingvi Hrafn Jónsson. Hann hefur löngum fylgst vel með bandarískum fjölmiðlum og heimsótti fréttastofur stóru sjónvarpsstöðvanna vestanhafs áður en hann tók við starfi fréttastjóra Sjónvarps á sínum tíma.

„Já. Ég held það sé engin spurning,“ svarar Ingvi Hrafn aðspurður um hvort Brokaw, Jennings og Rather, kunni að vera síðustu fréttapúllirnir sem talist geti risar í sínu starfi.

„Þeir voru það sem kallað er í Bandaríkjunum rödd guðs,“ segir Ingvi Hrafn um áhrif aðalfréttapúllanna. „Þeir eru einfaldlega að hverfa.“ Hann segir þetta að















hluta til komið vegna þess að netið fái sífellt aukið vægi í fréttaflutningi og á sama tíma horfi færri á sjónvarpsfréttir. „Þetta er risaðla. Fréttastofurnar á stóru stöðvunum eru gífurlega dýrar í rekstri þó búið sé að trimma þær niður. Það þótti virðingarluti að vera með svona fræga fréttastjóra,“ segir Ingvi Hrafn en telur að þeir tímar kunni að vera á enda ef fyrirtækin sem eiga sjónvarpsstöðvarnar hætta að vilja reka fréttapjónustur með tapi.

INGVI HRAFN JÓNSSON
Segir mjög erfitt að gera upp á milli risanna þriggja en kveðst alltaf hafa verið hrifinn af Dan Rather.




**LJÓSAKÚPLAR Á FRÁBÆRU VERÐI
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST**

Rúpladagar

		
690- UFO - króm/svartkróm/Gyllt	690- UFO - svart	990- UFO - antik
		
1690- RICARDA - krómað	1690- RICARDA - gyllt	1690- RICARDA - burstað stál
		
990- UNIVERSAL - hvítt	1690- RICARDA - burstað messing	1290- UNIVERSAL - gyllt
		
1490- UNIVERSAL - eik	1490- UNIVERSAL - fura	1495- STORIA - burstað messing
		
990- PLANET - hvítt	990- PLANET - hvítt	

**Allt að 50%
afsláttur á öllum öðrum
ljósaúplum í verslun.**



Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800

OPÍÐ Á LAUGARDAG: 11 - 17 / SUNNUDAG: 13 - 17



PÁLL RÓSINKRANZ
Páll hefur átt farsælan sólóferil eftir að hann hætti í Jet Black Joe.

CAT STEVENS
Trúbadorinn fyrrverandi naut mikilla vinsælda á sínum tíma.

KORN
„Head“, lengst til vinstri, yfirgaf félagi sína í Korn fyrir skömmu og ákvað að helga líf sitt Guði og dóttur sinni.

Í örmum almættisins

Það þykir ávallt tíðindum sæta þegar frægir tónlistarmenn ákveða að einbeita sér að trúarbrögðum. Flest fólk myndi telja það fráleitt að gefa upp á bátinn slíkt stjörnulíf sem svo marga dreymir um til þess eins að hægja á sér, krjúpa niður á hnén og segja amen.

Retinn Cat Stevens er vafalítið sá frægasti sem þetta hefur gert en einnig koma upp í hugann söngvarinn Páll Rósinkranz og nú síðast Brian „Head“ Welch, gítarleikari rokkhljómsveitarinnar Korn.

Yusuf Islam verður til

Cat Stevens fæddist í júlí 1947 og var skírður Steven Demetre Georgiou. Móðir hans var sænsk og faðir hans grískur. Hann var yngstur þriggja systkina og bjuggu þau fyrir ofan veitingastað í eigu fjölskyldunnar. Stevens var rólegt og viðkvæmt barn sem hafði sig lítið í frammi. Hann fékk kristilegt uppeldi og gekk í kaþólskan skóla. Hann fékk fljótlega áhuga á rokktonlist

og árið 1965 fór hann að troða upp undir nafninu Steve Adams.

Hann fékk plötusamning við Decca Records, breytti nafninu á ný í Cat Stevens og gaf út sitt fyrsta smáskífufag, I Love My Dog, aðeins átján ára. Hann fór smám saman að vekja athygli fyrir þjóðlagakendda slagara sína og sló í gegn með lögum á borð við Wild World, Moon Shadow, Peace Train, Morning Has Broken og Father and Son. Nældi hann sér í átta gullplötur á glæstum ferli sínum og átti tíu vinsæl smáskífulög í Bretlandi og fjórtán til viðbótar í Bandaríkjunum.

Eftir því sem frægðin jókst dvínaði aftur á móti áhugi Stevens á bransanum og því sem honum fylgdi og hætti loks að koma fram

opinberlega seint á áttunda áratugnum. Hann sneri sér að múslimatrí árið 1977 og tók upp nafnið Yusuf Islam. Gekk hann í hjónaband sem komið hafði verið í kring og eignaðist fimm börn með eiginkonu sinni. Islam gerðist kennari og málsvari fyrir trúarbrögð sín og stofnaði múslimaskóla í London árið 1983. Núna er hann virkur meðlimur í breska múslimasamfélaginu.

Islam hætti þó aldrei í tónlistinni. Hann hefur gefið út nokkrar trúarplötur, afar frábregðar hans fyrri verkum og voru ekki sérlega vinsælar. Á síðasta ári gaf hann þó út nýja útgáfu af lagi sínu Peace Train í mótmælaskyni við stríðið í Írak.

Frelsun Páls Rósinkranz

Páll Rósinkranz fæddist árið 1974. Hann sló í gegn með hljómsveitinni Jet Black Joe, og söng inn á þrjár plötur með sveitinni á árunum 1992 til 1994. Hétu þær Jet Black Joe, You Ain't Here og Fuzz.

Þegar sveitin var við það að skrifa undir stóran plötusamning við erlent útgáfufyrirtæki lagði hún upp laupana öllum að óvörum árið 1996. Ástæðan var sú að Páll frelsaðist eftir að hafa fengið sig fullsaddan af rokkstjörnulífnum sem fylgdi sveitinni. Sama ár og Jet Black Joe hætti kom út hans fyrsta sólóplata, I Believe in You, þar sem hann söng um Jesú Krist.

Páll tók þátt í ýmsum tónlistarverkefnum næstu árin en sendi ekki frá sér nýja plötu fyrr en árið 2000. Hún bar heitið No Turning Back og flutti Páll þar þekktar erlendar ballöður. Árið eftir kom svo platan Your Song með sams konar efnisvali og hlutu báðar plöturnar mjög góðar viðtökur. Fór sala þeirra yfir 15.000 eintök hvor, sem þykir afar gott hér á landi. Fyrir þremur árum kom síðan platan Nobody Knows út en síðan þá hefur Páll haft hægt um sig á íslenska hljómplötumarkaðinum.

Um verslunarmannahelgina 2002 kom Jet Black Joe óvænt aftur saman fyrir Eldborgarhátíð-

ina og hefur spilað af og til allar götur síðan. Engin ný hljóðversplata hefur þó lítið dagsins ljós með sveitinni.

Sagði skilið við Korn

Brian „Head“ Welch, sem er einn af stofnendum Korn, sagði skilið við sveitina á dögunum eftir 13 ára samstarf og sex hljóðversplötur. Sagði hann ástæðuna vera trúarvakningu sem hann hefði orðið fyrir.

Korn hefur notið mikilla mikilla vinsælda undanfarin ár og hafa plötur sveitarinnar selst í ellefu milljónum eintaka í Bandaríkjunum. Orðrómur hafið verið uppi í nokkrar vikur um að Head væri óánægður og sumum kom það því ekki á óvart þegar hann hætti störfum.

Head, sem er 34 ára, útskýrði mál sitt fyrir framan um það bil tíu þúsund meðlimi Valley Bible trúarsöfnunarins í Bakersfield í Kaliforníu. Eftir að hafa sýnt ný húðflúr á hálsi sínum (Matthew 11:28) og á hnefa (JESUS), sagði Head hafa gengið til liðs við söfnuðinn og fyrirhugaði ferð til Ísraels þar sem ædstiprestur kirkjunnar ætlaði að endurskíra hann í ánni Jórdan. Hann sagði hafa fengið nógv af rokkstjörnulífnum. Á meðan aðrir liðsmenn sveitarinnar hafi verið að skemmta sér hafi hann beðið inni í rútu og langað til að deyja. Hann talaði einnig um að hann vildi sinna uppeldi 6 ára dóttur sinnar betur sem einstæður faðir.

Welch ætlar að gefa út nýtt efni undir nafninu „Head“ og ekki verður um að ræða kristna tónlist. Verður um að ræða meira í ætt við tónlist Korn. Textarnir verða þó ekki litaðir reiði eins og sú sveit er þekkt fyrir. „Head“ vill koma því til skila til aðdáenda sinna að það sé gleði eftir reiðina og ljós við endann á göngunum, eins og hann orðar það sjálfur.

Skipt um trúarbrögð

Fjölmargir tónlistarmenn hafa skipt um trúarbrögð eða orðið enn trúadri en samt haldið áfram að gefa út sömu tónlist og áður.

Margir þessara listamanna hafa gengið í gegnum ýmislegt í tónlistarbransanum, misnotað vímuefni og fengið á endanum nógv. Til að sigrast á þessum ógöngum hafa þeir oft og tíðum stólað á andlega vakningu og náð einhvers konar sambandi við almættið.

Madonna hefur verið mikið í sviðsljósinu undanfarið fyrir að aðhyllast Kaballah-trúarbrögðin sem hafa verið mikið í tísku hjá stjörnunum. Hefur hún meðal annars reynt að fá arftaka sinn Britney Spears með sér í Kaballah-söfnuðinn. „Þegar ég eignaðist börnin mín vöknúðu svo margar spurningar sem ég þurfti að fá svör við,“ sagði Madonna eitt sinn. „Ég fann svörin þegar ég byrjaði að ástunda Kaballah fyrir sjö og hálfu ári. Ég gerði mér grein fyrir því að orð mín og gerðir hafa áhrif og að ég fæ það til baka sem ég gef frá mér, hvort sem það er gott eða slæmt. Ég gerði mér grein fyrir samhenginu á milli sjálfrar mín og umheimsins.“

Michael Jackson, sem hefur verið mikið milli tannanna á fólki undanfarið, gekk til liðs við múslimasöfnuðinn Children of Islam. Kannski ekki skritið þar sem hann hefur gengið í gegnum ýmislegt í sínu lífi. Breski söngvarinn Cliff Richard frelsaðist á sínum tíma og rapparinn DMX lýsti því yfir fyrir skömmu að hann ætlaði að einbeita sér að biblíulestri í framtíðinni. Dave Gahan, söngvari Depeche Mode, var hætt kominn í dóprugli þegar hann fór að trúa á Guð og syngur nú um frelsarann í flestum textum sínum. Nick Cave er einnig mjög trúadur og söng meðal annars God Is in the House á plötu sinni No More Shall We Part. Svo mætti lengi áfram telja.

Samkvæmt þessu virðist Guð vera allt umlykjandi í tónlistarheiminum, enda er þetta bransi þar sem stjörnur þurfa á allri þeirri hjálpi að halda sem þær geta fengið. Hvar er þá betra að fá hana en í öruggum örmum almættisins?

freyr@frettabladid.is

whiskas
Agria

Kattasýning

Vorsýning Kynjakatta
verður haldin 12. og 13. mars 2005
í reiðhöll Gusts, Álalind, Kópavogi.
Sýningin er opin frá klukkan 10 - 18
báða dagana.

EIF



Sólarupprás Hádegi Sólarlag
 REYKJAVÍK 7.56 13.37 19.20
 AKUREYRI 7.42 13.22 19.03
 Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er laugardagur 12. mars,
 71. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Pabbi, leyfðu
 mömmu að
 keyra, það er
 miklu meira
 spennandi!



Smáauglýsingar
 á 995 kr.
 visir.is

Smáauglýsingar
 byrja í dag á bls. 4

Flokkar

Bílar & farartæki

Keypt & selt

Þjónusta

Heilsa

Skólar & námskeið

Heimilið

Tómstundir & ferðir

Húsnæði

Atvinna

Tilkynningar

Þú getur pantað
 smáauglýsingar á
 www.visir.is



allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS NÁM FERÐIR MATUR **BÍLAR** ATVINNA TILBOÐ o.fl.

bílar o.fl.

Hyundai Sonata reynsluekin
 BLS. 2



SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



VIÐAR OPNAÐI NÝLEGA BÍLAVERKSTÆÐI Í AKRALIND 1 Í KÓPAVOGI

Lúxuskerra með
 fjöðrun sem er engu lík

Viðar Friðfinnsson er bíladellukarl með stóru béi, en hann hefur átt um það bil 100 bíla síðan hann fékk bíl-prófið 18 ára gamall. Hann segir Kadilakka algjöra eðalbíla.

Nú á hann Cadillac Civil árgerð 1995 sem hann er búinn að eiga í tvö og hálf ár. Viðar hefur allveg sérstaka ást á Kadilökkum. „Þetta er fjórði Kadilakkinn sem ég eignast, þetta eru slíkir eðalbílar og þennan keypti ég bæði af því að hann er svo flottur og svo er þetta lúxuskerra. Það er ekki síst fjöðrunin sem er engu lík, maður finnur aldrei fyrir misfellum í veginum heldur sígur niður með bílnum eins og í dúnmjúku rúmi væri,“ segir hann og hlær.

Kadilakkinn er að sjálfsögðu fullbúinn flottum hljómflytningstækjum og æðislegur jafnt utan sem innan með fullkominni þjófavörn.

„Fólk heldur gjarnan að amerískir bílar eyði svo miklu, en það er misskilningur,“ segir Viðar. „Á langkeyrslu er þessi bíll að eyða níu á hundraði og við erum að tala um 300 hestafla mótör. Amerískir bílar eru ekki heldur dýrir í rekstri því varahlutirnir eru ódýrari en til dæmis í japanska bíla þó að oft þurfi að sérpanta í þá amerísku. Þeir fást bara úti á hlægilegu verði.“

Viðar veit örugglega hvað hann syngur því hann er búinn að vera í þessum bransa í áratugi og nýlega opnaði hann glæsilegt bílaverkstæði, A B Bremsur og viðgerðir, í Akralind 1 í Kópavogi.

„Þar er ég með rúmgott og hjart húsnæði og geri við allar tegundir bíla. Þótt við höfum reyndar sérhæft okkur í bremsuviðgerðum leggjum við auðvitað áherslu á að veita góða, persónulega og ódýra þjónustu og bjóðum alla hjartanlega velkomna með bíluðu bílana sína.“

edda@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

í bílum

Bílaframleiðandinn

Renault sýndi áhugaverðan hugmyndabil á bílasýningunni í Genf á dögum. Sagt er frá bílnum á heimasíðu B&L, bl.is, en bíllinn, sem heitir Zoé, er þrjúgja manna og hannaður með hliðsjón af þörfum borgarabúans. Hann er afar lítill, stöðugur og klár í krappar beygjur. Hann eyðir minna en stærri bílar og er með mikið flutningsrymi.

Hyundai Sonata

er með lægstu bíl-anatíðnina samkvæmt nýjustu könnun Consumer Reports. Könnunin birtist árlaga á vegum bandarísku neytendasamtakanna og eru 810 þúsund bifreiðaeigendur spurðir um vélarbílanir eða önnur vandkvæði sem geta verið rakinn til bílaframleiðandans. Sá bíll

sem var með hæstu bílana-tíðni, í lægsta sæti í könnuninni, var Mercedes Benz E-Class.

William Clay Ford

eldri, eini eftirlifandi afadregur bílafrömuðarins Henry Ford, ætlar að setjast í helgan stein eftir meira en hálfrar aldar starf hjá bílaframleiðandanum Ford. William Clay, sem verður átt-ræður á mánudaginn, ætlar að hætta í



stjórn fyrirtækisins í maí á þessu ári. William Clay

er þó við ágæta heilsu og mun ennþá sinna mikilvægu hlutverki í stjórnun fyrirtækisins. Hann mun hins vegar ekki gegna neinum formlegum skyldum fyrir það.

bilar@frettabladid.is

TRYGGÐU BARNINU ÞÍNU ÖRUGGT SÆTI!

Ráðgjafi frá Tryggingamiðstöðinni aðstoðar við val á barnabílstólum og gefur góð ráð um öryggi barna í versluninni BabySam, Skeifunni, í dag milli kl. 13 og 16.

Í dag býðst viðskiptavinum TM þrjár tegundir Römers barnabílstóla með 30% afslætti.

Komdu og veldu öruggan bílstól fyrir barnið þitt í dag.



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN

GOTTI FOLK MCCANN

Volkswagen bjalla

Fyrir tilstilli Adólfur Hitler var Volkswagen bjallan hönnuð á þriðja áratug síðustu aldar af Ferdinand Porsche. Hitler vildi láta framleiða smáan fjölskyldubíl á viðráðanlegu fyrir fólk í landinu, en Volkswagen þýðir einmitt bíll fólksins.



BRA
BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR
AÐDUNS

TOYOTA-þjónusta

CABAS Verkstæði Tjónaskoðun fyrir tryggingafélögin

Réttum og málum allar tegundir bíla

GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI AF BÍLGREINASAMBANDINU

Nýbýlavegi 10 • Kópavogi • Sími 554 2510 - 554 2590 • www.bilasprautun.is

Bílar & SPORT

Áskriftarsími: **588 7888**

www.bilarogsport.is

BÍLARSPORT
Porsche Cayenne
Honda
Lexus
Mazda

HMELLUR.com
Við bjóðum heildarlausnir í snjókeðjum

Viðgerðir
Breytingar
Þjónusta

Smiðjuvegi 8 - Kópavogi Sími 577 6400

RÉTTINGAR ehf.
Bilaverkstæði Gísla Hermannssonar
Vagnhöfða 12 - 110 Reykjavík
Sími: 587-2330 - Faxi: 587-9444 - bghrettingar@st.is

Tjónaskoðun
Við réttum og málum fyrir þig

CABAS verkstæði

VINNUM EFTIR CABAS-KERFINU

CABAS verkstæði

MÚLI
Bílaeftingir og sprenging

VÉLASTILLING S.F.
AÐBREKKU 16 - 200 KÓPAVOGI
SÍMI 554 3140 - FAX 564 4460

Vélastillingar - Hjólastillingar
Tímareimar - Almennar viðgerðir

Framkvæmum véla og hjólastillingar með fullkomnum stillitækjum

Tjónaskoðun, bílreiðaréttingar og sprautun

CABAS

• Allhliða réttingar og sprenging
• Þráttagæðir starfsmenn
• Cabas tjónaskoðunarkerfi
• Þjónustuefilið hekk

ÞJÓNAÐAVERKSTÆÐI
JÓNASAR

Skemmuvegur 46 • 200 Kópavogur
Sími 557 1430 & 587 1430 • Fax 587 0087
Netfang: jonasar@jonasar.is



REYNSLUAKSTUR

Hyundai Sonata 2005 við höfuðstöðvar Hyundai í Evrópu sem eru í Rüsselheim, rétt fyrir utan Frankfurt.

Vel búinn bíll á hagstæðu verði

Ný Hyundai Sonata er rúmgóður fjögurra dyra vel búinn stallbakur. Bíllinn státar meðal annars af nýju fullkomnu fjöðrunarkerfi og sjálfskiptingu með beinskíptimöguleika.

Ný Hyundai Sonata verður frumsýnd hjá B og L nú um helgina og er þetta fimmta kynslóð bílsins, sem kom fyrst á markað árið 1985. Bíllinn hefur verið lengdur um 5,5 mm frá síðustu útgáfu og er plássíð vel nýtt því þetta er bíll sem er vel stór að innan, yfirdrifið pláss fyrir fætur fullorðinna aftur í þótt framsætisfólk spari ekkert við sig plássíð. Farangursgeymslan er einnig mjög stór (462 l).

Breytingar á útliti eru ekki byltingarkenndar en framdinn sérstaklega er falletur og nútímalegri en á fyrirrennarinum. Að innan er bíllinn einfaldur og stílhreinn og ekki síður aðgengilegur og notendavænn. Af nýjum staðalbúnaði má nefna nýtt og fullkomið fjöðrunarkerfi og fjögurra þrepa steptronic-sjálfskiptingu með beinskíptimöguleika. Í lok febrúar var blaðamönnum boðið að reynsluaka bílnum í Þýskalandi. Þar voru reynslueknir

bílar með 2,4 lítra 161 hestafla vél, bæði beinskípur og sjálfskiptur, en þetta eru fyrstu útgáfur bílsins í nýju 2005 útfærslunni. Síðar á árinu er væntanleg ný Sonata með 3,3 lítra V-6 vél og á næsta ári kemur dísilbíll með tveggja lítra CRDi-vél.

Bíllinn var skemmtilegur í allri umgengni og vakti til dæmis athygli hversu vel hann lá á hraðbrautinni jafnvel þótt afar greitt væri ekið. Sömuleiðis var bíllinn vel einangraður þannig að veghljóð greindust varla. Viðmótið var skemmtilegt og hlutir eins og leðurklætt stýri og hnúður á gírstöng gefabílnum gæðalegt yfirbragð. Sömuleiðis upphitun í framrúðu fyrir rúðuþurrkur, sem kom sér vel í frostinu sem herjaði á Mið-Evrópu.

Hyundai Sonata er bíll sem hentar þeim sem vilja verulega rúmgóðan fólksbíl með góða aksturseginnleika og er um leið á afar góðu verði. Verðið á sjálfskipta bílnum er 2.290.000 kr. en sá beinskípti kostar 2.140.000.

Hyundai Sonata verður frumsýnd nú um helgina hjá B og L. Opíð er milli kl. 12 og 16 báða dagana.

steinunn@frettabladid.is



ALLT Á EINUM STAÐ

- SUMARDEKK
- HEILSÁRSDEKK
- OLÍS SMURSTÖÐ
- BÓN OG ÞVOTTUR
- HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
- RAFGEYMAÞJÓNUSTA
- BREMSUKLOSSAR
- ÞÚSTÞJÓNUSTA

SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTAN
SÆTÚNI 4, SÍMI 562 6066

bjarta

SJÓNVARPSDAGSKRÁ VIKUNNAR »



Nýir bílar á 5% lægra verði

Bílaumboðið Ingvar Helgason lætur kaupendur njóta sterkari krónu.

Verð á öllum nýjum bílum hjá Ingvari Helgasyni ehf. var lækkað í gær um 5% eða um allt að 250 þúsund krónur. Nissan Patrol Luxury kostaði til dæmis 4.580.000 krónur en kostar nú 4.350.000 krónur.

Að sögn Kristins Þórs Geirssonar, forstjóra Ingvars Helgasonar, vill fyrirtækið láta viðskiptavinum njóta þess að íslensk króna hefur styrkst að undanförunu. „Bílaumboðin hafa ekki staðið sig sem skyldi við að lækka listaverð hjá sér þegar gengisbreytingar gefa tilefni til slíks – sem auðvitað er óeðlilegt. Við höfum ákveðið að tengja verðlista nýrra bíla hjá okkur við gengið og heitum því að endurskoða verðlagninguna reglulega með tilliti til stöðu krónunnar.“ ■



Nýr Peugeot 407 hefur nútímalegt útlit.

Hulunni svipt af nýju ljóni

Nýr Peugeot 407 verður frumsýndur á fimm stöðum á landinu í dag.

Nýja Peugeot 407 línan verður frumsýnd hjá Bernhard ehf. í Vatnagörðum í dag.

Peugeot 407 er glæsilegur útlits og býður upp á ýmsa nýsköpun í tækni og útbúnaði. Hann uppfyllir einnig hæstu öryggiskröfur og er með afar góða aksturseginnleika. Peugeot er boðinn í fjögurra dyra limosíne útfærslu og fimmdyra SW útfærslu með glerþaki á 407. Peugeot 407 hefur straumlinulagaðan framenda og uppbyggðan afturenda sem gerir útlitið framúrstefnulegt.

Peugeot 407 kemur í alls 22 útfærslum, allt eftir þörfum hvers og eins. Allt frá 1.8 l bensínvél upp í 3.0 l V6 ásamt dísilvélum í ýmsum stærðum. Hið mikla framboð er nýgerðum samningi við Peugeot í Danmörku að þakka en það samstarf eykur þjónustustig Peugeot á Íslandi, styttr afgreiðslutíma og gerir Bernhard ehf. kleift að bjóða viðskiptavinum sínum enn lægra verð.

Umboðsaðilar Bernhard Peugeot á Íslandi eru: Bílavík í Reyjanesbæ, Bílver á Akranesi, Höldur á Akureyri og Bragginn í Vestmannaeyjum. Um helgina verður opið hjá öllum þessum aðilum frá 12 til 16 báða dagana.

Verðið á Peugeot 407 er frá 2.190.000 krónum. ■



Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

Húrra fyrir löggunni!

Á miðnætti fyrir sautjándaga afmælisdaginn minn stóð ég á tröppunum hjá ökukenningarum mínum og þáði ökuskrifteini úr hendi hans. Fjá augnablik geta breytt lífi manns eins mikið. Nýfengið frelsi á fjórum hjólum sem maður getur nýtt til að létta sér lífið, ferðast og sjá nýja staði eða stofna sjálfum sér og öðrum í lífshættu.

Með þetta merkilega spjald í höndunum var samt bara ein hugsun sem komst að: Fara á rúntinn. Bill foreldranna fenginn að láni, fylltur af vinum og bensini og svo var haldið út í nóttina. Eftir tæpan klukkutíma var ég svo stöðvaður af lögreglunni í fyrsta skipti, sautján ára og fjórutíu mínútna gamall. Ástæðan reyndist vera sprungin pera í framljósi og þegar lögregluþjónninn spurði um ökuskrifteinið mitt hafði ég mestar áhyggjur af því að hann brenndi sig á höndunum, svo nýplastað var það. Félagarnir í aftursætinu hlógu eins og hálfvitar og gott ef löggan brosti ekki aðeins líka þegar hún sá útgáfudaginn.

Lögreglan hefur það erfiða og vanþakkláta hlutverk að minna okkur á það þegar við gleymum okkur í umferðinni. Hvort sem við förum yfir á rauðu ljósi eða keyrum of hratt er það hlutverk hennar að pikka í öxlina á okkur og segja: „Mundu að fara varlega.“ Þetta fer ægilega í taugarnar á sumum og margir kvarta sáran yfir því að vera stoppaðir fyrir litilvæg brot.

En hvað um alla hina sem eru stoppaðir? Fer það jafnmikið í taugarnar á okkur? Eða finnst okkur kannski í lagi að allir í kringum okkur keyri á hundrað og tuttugu með ljósinu slökkt og blaðri í símann á meðan? Líði okkur vel að vita af ástvinum okkar í umferðinni ef lögreglan léti þetta allt óátalið? Börnunum okkar, til dæmis?

Næst þegar löggan stoppar þig veistu sennilega upp á þig sökina. Þakkaðu þá fyrir að það er til fólk sem passar mig og þig í umferðinni og brostu. Brostu því að kannski er verið að bjarga þér frá því að lenda í slysi.

Verum þakklát fyrir það góða fólk sem passar okkur. Húrra fyrir löggunni!

Viltu vernda bílskúrgólfíð?

Framleiðum renninga úr gúmmil á bílskúrgólf.

Hilfir flisum og lökkuðum gólfum frá nógjum, tjöru og öðrum óhreinindum.

Framleiðum aurhlifur fyrir allar gerðir bifreiða

Bæði með tegunda-merki og án.



www.gummimotun.is

GÚMMÍMÓTUN
gummimotun / smurubúlar

Kaldbaksgötu 8 • 600 Akureyri
Sími 453 6110 • Fax 453 6121

Netfang: gummimotun@gummimotun.is

RÉTTINGAVERKSTÆÐI HJARTAR

Hágæða verkstæði með nútíma tækjabúnaði.

- Réttum og málum allar tegundir bíla.
- Þjónustum öll tryggingafélögin.
- Útvegum bílaleigubíla.
- Tjónaskoðun.

TOYOTA
ÞJÓNUSTA

Viðurkennt
CABAS
verkstæði



Smíðjuvegi 56 (rauð gata) • 200 Kópavogi
Sími 587 9020 • Fax 587 9021 • rettingar@rettingar.is

HJÓLHÝSI

- Í ENDALOUSU ÚRVALI



MUNSTERLAND
430 SD

21.460

pr. mán. í 84 mánuði*

*MÍÐAÐ VIÐ ÚTBORGUN KR. 359.000
STAÐGREIÐSLUVERÐ 1.794.000,-

NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ
FARA AÐ UNDIRBÚA GOTT
FERÐASUMAR.
KOMDU OG KYNNTU ÞÉR
ÚRVALIÐ AF HÚSBÍLUM OG
HJÓLHÝSUM HJÁ OKKUR.



www.vikurverk.is

TANGARHÖFÐA 1 SÍMI 557 7720

Tími þinn er dýrmætur



Við skiptum um dekk fyrir þig. Komdu strax.

► Engar tímabantanir

Max1 Bílavaktin sérhæfir sig í hraðþjónustu við allar gerðir bíla. Við bjóðum hraðþjónustu sem er sniðin að þörfum hins tímabundna bíleiganda. Við erum eldsnöggir á Max-einum. Þú kemur þegar þér hentar og á meðan á þjónustu stendur færð þú þér rjúkandi kaffibolla og kíkir í blöð og tímarit. Billinn þinn er í hröðum og öruggum höndum hjá okkur.



Hjólbarðapjónusta

Leiðist þér að bíða á dekkja-
verkstæðum? Láttu okkur
skella dekkjunum undir
bilinn. Við bjóðum þér vand-
aða hjólbarða á hagstæðu
verði frá Nokian, og Pirelli.



Smurþjónusta

Er komið að smurningu?
Við skiptum um olíu og siur
eins og hendi sé veifað.



Rafgeymapjónusta

Parftu að skipta um
rafgeymi? Við gerum það
fyrir þig í hveli og losum þig
við þann gamla.



Bremsupjónusta

Eru bremsuklossarnir
búnir? Endurnýjum bremsu-
klossa og bremsudiska í
flestum bifreiðum.



Demparapjónusta

Eru dempararnir lélegir?
Endurnýjum dempara og
gorma í flestum gerðum
bifreiða.



Önnur þjónusta

Við skiptum líka um
þurrkublöð, perur og setjum
rúðuvökva á bílinn.
Fagmannleg vinnubrögð á
örskotsstundu.

REYKJAVÍK: MAX1 BÍLAVAKTIN
Bildshöfða. Símar 515 7095 og 515 7096
Opnunartími virka daga frá kl. 8-18

AKUREYRI: MAX1 BÍLAVAKTIN
Tryggvabraut. Sími 462 2700
Opnunartími virka daga frá kl. 8-16

Forðastu óþægindi.
Komdu með bílinn til okkar.

MAX1
BÍLAVAKTIN

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

SMÁUGLÝSINGA-SÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8-22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 15

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN ALLA VIRKA DAGA KL. 8-19

AFGREIÐSLAN ER OPIN UM HELGAR KL. 9-17

BÍLAR & FARARTÆKI

Bílabúð Benna NOTAÐIR BÍLAR



100% Vaxtalaust lán til allt að 48 mán.

Ssangyoung Musso 2,3 bensín, árg. 02/98, ek. 128 þús. km. 31" dekk, álfelgur, rafm. í rúðum og speglum, CD. Greiðsla 26,565 pr mán.



100% Vaxtalaust lán til allt að 48 mán.

Daewoo Musso 2,3 bensín, árg. 10/00, ek. 60 þús. km. 31" dekk, álfelgur, rafm. í rúðum og speglum, CD, dr. beisli, ASR spólvörn. Greiðsla 41,939. pr. mán.



100% Vaxtalaust lán til allt að 48 mán.

Ssangyoung Musso 2,9 dísel, árg. 11/96, ek. 167 þús. km. 31" dekk, álfelgur, rafm. í rúðum og speglum, 1 eigandi af þessum snyrtilega dísel jeppa. Greiðsla 19,317 pr. mán.



100% Vaxtalaust lán til allt að 48 mán.

Daewoo Korando E-23, bensín, árg. 2000, 5 gir, beinsk., 31" dekk, rafm. í rúðum og speglum, CD, álfelgur, gangbretti, þjónustubók, nautsterkur og eyðslugrannur jeppi á aðeins kr. 28,322 pr. mán.



100% Vaxtalaust lán til allt að 48 mán.

Daewoo Korando E-23, (150hð), bensín, 36" dekk, árg. 2001, ek. 66 þús. km. Beinsk., ABS, dr.beisli, CD, kastarargrind, rafm. í rúðum, þessum frábæra jeppa fylgja einnig 33" sumard., á felgum og fyrir allt þetta greiðir þú aðeins 41,939 pr. mán.

Bílabúð Benna ehf. Notaðir bílar
Bíldshöfði 10, 110 Rvk.
Sími: 587 1000
www.benni.is

HEIMSBÍLAR



VW Golf Highline (Playstation) 1.8, nýskr. 01/00, ek. 77 þ. km., beinsk., blár, leður, sólluga, spoiler kit., 16" og 17" álf., 3 sjónvörp, kraftmagnarar, o.m.fl. Verð 2.090.000. Opíð einnig sunnudag 13. mars frá kl. 12-16.



MMC Pajero GLS 3.5 V6 32", nýskr. 11/98, ek. 100 þ. km., sjálfsk., gylltur, 7 manna, 32" breyttur, varadekkshl., sólluga, leður, dráttarkr. o.fl. Verð 1.980.000.- Opíð einnig sunnudag 13. mars frá kl. 12-16.



MMC Pajero GLS 3.0 V6, nýskr. 05/92, ek. 178 þ.km., sjálfsk., d-blár, sólluga o.fl. Verð 690.000. Tilboð 490.000. Opíð einnig sunnudag 13. mars frá kl. 12-16.



Ert þú að selja bíl?
Komdu þá strax í dag, sýndu okkur hann og skráðu hann hjá okkur. Þá er páskaegg nr. 5 frá Nóa Sírius þitt! Heimsbílar er traust bílasala með reynslumikið og duglegt starfsfólk.
Staðsett á nýju, stóru og sérhönnuðu bílasölusvæði við Klettháls. Næg bílastæði svo hver bíll hjá okkur fái hámarks athgli!

Heimsbílar
Kletthálsi 11a, 110 Reykjavík
Sími: 567 4000
www.heimsbilar.is



Gas Gas EC 300 árg. 2001. Marzocchi titanhúðaður framdempari, Öhlins afturdempari, er í góðu lagi. Verð 380.000.



Honda XR 400 2002. Gott og vel haldið hjól, ekið 4700 km. Verð 500.000. Anton, sími 892 1560.



Husaberg FC 550 2001, vél uppfærð 2003, spark start. ástand gott. Verð aðeins kr.470.000. Ingó sími 864 4734.



TM450 Enduro 2004.Mbl.Prufuakstur, snögg á snúning, mesta graejan, skemmtilegast að keyra það, Öhlins fjöðrun, frábært hjól. Verð 840.000.



STM "Slipper Clutch" Bylting fyrir 4-stroke hjólin. Verða léttari í akstri og hraðinn eykst. Allir topp karlamir nota STM Slipper Clutch. Kyninganverð.



KTM SX250 2002, gott eintak, lítið notað, O-Ring keðja. Verð aðeins kr. 390.000.



Talon/Excel gjarðasett, í öllum litum, Tilboð. Verð 100.000 settið. Braking Wave 270mm bremsudiskur. Tilboð verð 13.700.



Aukahlutir í ÖLL hjól STM slipper clutch og þú ferð hraðar Kúplingskarfa úr hertu áli meiri tilfinning GMX kælikassar betri kæling,meiri kraftur. BRAKING Wave bremsudiskur og þú kemur hraðar í beygjumar. WISECO Stimplar, meiri kraftur.



Gas Gas EC50 Rookie Enduro hjól, rafstart, 6 girar, diska bremsur, alvöru útlit. Tilrautt eða blátt. Verð aðeins 375.000.

JHM Sport
Stórhöfða 35, 110 Reykjavík
Sími: 567 6116
www.jhmsport.com

Bílasalan BÍLFANG



BMW 745 IL módel 2002 einn m/öllu sjálfsk, ek. 57 þús km. Verð kr. 6.990,- millj.



MMC Montero Limited módel 2003 sjálfsk ek.52 þús km. Verð kr. 3.790,- millj.



Isuzu Trooper 3,0 dísel módel 1998 5 gir 33" breyttur ek. 125 þús km. Verð kr. 1.890,- millj.



Toyota Corolla Luna 1,6 módel 1998 sjálfsk ek. 80 þús km. Verð kr. 690,- þús



Range Rover 2,5 dísel módel 1998 sjálfsk, ek. 148 þús km. Innfluttur nýr. Verð kr. 2.250,- millj.



Volkswagen Bora Highline 1,6 módel 2001 ek. 49 þús km. Toppluga, sport-sæti og fl. Verð kr. 1.490,- millj.



Ford Explorer Sporttracker módel 2003 ek. 37 þús km. Leðurinnrétting og fl. Verð kr.2.980,- millj.



Toyota Lan Cruiser 100 VX dísel módel 2001 ek. 98 þús km Hlaðin búnaði, topp eintak. Verð kr. 5.190,- millj



GMC Yukon Denali 6,0 bensín, módel 2003 ek 84 þús km. Einn með öllu. Verð kr. 5.380,- millj



Alfa Romeo 156 2,0 módel 1999 ek. 89 þús km Verð kr. 990,- þús



Toyota Corolla sedan 1,4 módel 2003 beinskptur ek. 60 þús km. Verð kr. 1.380, millj.



Toyota Corolla station 1,6 módel 2003 sjálfsk, ek. 50 þús km. Verð kr. 1.580, millj.



Land Rover Freelander módel 2000 beinskptur ek. 69 þús km. Glæsilegur bíll. Verð kr.1.550,- millj.



Jeep Grand Cherokee Limited módel 1997 ek. 189 þús km eðalvagn, innfluttur nýr, einn með öllu. Verð kr. 1.490, millj.



Toyota Landcruiser VX 90 dísel módel 1999 sjálfskptur, ek. 81 þús km 38" breyttur, leðurinnrétting og fl. Topp eintak. Verð kr. 3.390 millj.

Bílasalan BÍLFANG
Malarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 567 2000
www.bilfang.is



GPS tæki er góð fermingargjöf. Styðjum útivist ungs fólks. Magellan GPS tæki eru á verði frá 16.900.- kr. Sjá nánar á heimasíðu okkar www.aukaraf.is

AMG Aukaraf
Dalbrekka 16, 200 Kópavogur
Sími: 585 0000
www.aukaraf.is



Landrover Freelander 1.8 8/2002, 5 g., ek. 38 þ. km, sólluga, viðhaldsgír, blár, 1 eigandi, s. og v. dekk. Verð 1950. Tilboð 1650 þús.



Toyota Landcruiser Gx 3.0 Td. 9/2000, ssk., filmur, lán 1400. Verð 2650 þús.



Dodge Dakota 4.7L 2005, nýr bíll, svartur, einn með öllu. Verð 3490 þús.

Litla bílasalan
Funahöfða 1, 112 Rvk.
Sími: 587 7777
www.litla.is



Nýr '05 Chrysler Town & Country Ltd. 3,8L Leður, 4 armstólar,fellanleg sæti í gólf, 7 manna, álfelgur, rafknúnar hurð-ir ofl. Til sýnis á staðnum. Rétt verð um 5.500 þús. Tilboðsverð: 3.990 þús.

Sparibill ehf
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

MAGNÚSSON EHF

Innflutningur á notuðum og nýjum bifreiðum frá Þýskalandi.
www.bilasolur.is/magnusson



Getum útvegað allar gerðir af nýjum og lítið eknum Grand Cheeroke, vel bún-um. Verð á nýjum 4,7 Limited kr. 4.590.000. Hérni 5,7 verð 5,790.000. Ágúst sími 862 2000 E-mail magnus-son@internet.is

Magnússon ehf.
Sími: 862 2000



LMC - Hjólhýsi. Mikið úrval Glæsileg Þýsk hjólhýsi. Nánari upplýsingar gefur Víkurverk Tangarhöfða 1 sími 557 7720

Víkurverk
Tangarhöfði 1, 110 Reykjavík
Sími: 567 2357
www.vikurverk.is

Bílar til sölu



Til sölu BMW X 5 sport. Árgærd 2004. Ek. 7 þús. Nýskráður 11/2004. Næsta skoðun 2006. Verð 6,4 millj. Skipti ekki. Bensín knúinn. Skráður 5 manna. Sjálf-skiptur, 3000cc slagrymi. 5 dyra. 4 sum-ardekk. Uppl. í s. 699 5008.



Toppurinn í flotanum, til afhendingar strax. Ford Mustang Premium árg. 2005 m. aukahl. Einnig Ford King Range F350 árg 2005. Uppl. Gilli s. 899 5707.



Volvo S70, árg. 97. Geislaspilari, leður, álfelgur, barnaseti, hleðslufjafnari, dráttarkúla, vindskeldi Ekinn 105þ. ásett verð 1090þ. Uppl. í síma 864-0855



Ford Econoline XLT 2000 árg ekinn 50þ.km 38" breyttur loftlæsingar, spil toppgrind með kössum, kastarar, CB GPS loftnet NMT VHF Upplýsingar gefur Jónas í síma 893-0693



BMW 523IA '97, ek. 134 þús. Áhv. 1100 þús. Verð 1400 þús. Topp bíll. S. 899 0346.



BMW M5 '91. Ek. 153 þ., grár, sv. leður, innfl. í ágú. Mjög gott eintak. Verð 1.3. Sæmi s. 699 2268.



Limmó '97 til sölu. Þjónustusamningur fylgir. Upplýsingar í síma 892 7206.



Chrysler Stratus LX 11/98, V6 2,5, ek. 104 þ. Sumar/vetr. dekk. Ásett v. 900 þ. Tilb. 600 þ. Uppl. í síma 659 7757 & 565 3127.



Suzuki Grand vitara '00, ek. aðeins 65 þús. Verð 1.090 þús. Uppl. í s. 867 7604



Einn með Öllu. Fallgur Subaru Legacy Outback, árg. '00, ek. 63 þús. m. álf. 2x toppl., rafm., hraðast, digital loftk., sjálfsk., spoiler, leður á slitfl., dr.krók og vetrard. á felg. Verð 1.850.000. Staðgr. 1.650.000. Uppl. í s. 895-8321.



Benz C-280 árg. 1995, ek. 160 þ. Góður og fallgur bíll. Gott eintak. Sími 669 9646.



Til sölu Terrano árg. 1996, bensín, ek. 160 þús. V. 650 þús. staðgr. S. 867 9690.



Cadillac Brougham Limmo 1989, ný skoðaður '06. Mikið yfirfarinn, leður, sjónvarp og f. Geggjaður bíll, ásett 1690 þús. Tilboð 990 þús. Skoða skipti. S. 691 4441.



Daihatsu Terios '00. 4x4, Ek. 65 þ. Loftkæling. Rafm., rúður. Beins. Dráttarkúla. Góð dekk. V. 660 þ. e. tilb. S. 820 4164.



VW Passat 9/'97, ekinn 155 þ. Ásett 700 þ. Fæst á 550 þ. stgr. S. 692 6333 & 421 2615.



Ford Focus árg. 2000, ek. 64 þús. bein-skiptur. Góður bíll og einn eigandi, verð 950 þús. Uppl. í síma 844 8141.



Suzuki Baleno st. '99. Ekinn 67 þ. Ssk., rafmagn í öllu. Verð 650 þ. S. 690 0739.



Nýr Ford 350 Lariat Luxury. Vsk. bíll, ek. 1200 km. Með topplúgu, pallhúsi, plast í palli. Verð 4.750. Uppl. í s. 898 0066.



Suzuki Grand vitara '00, ek. aðeins 65 þús. Verð 1.090 þús. Uppl. í s. 867 7604



Einn með Öllu. Fallgur Subaru Legacy Outback, árg. '00, ek. 63 þús. m. álf. 2x toppl., rafm., hraðast, digital loftk., sjálfsk., spoiler, leður á slitfl., dr.krók og vetrard. á felg. Verð 1.850.000. Staðgr. 1.650.000. Uppl. í s. 895-8321.



Benz C-280 árg. 1995, ek. 160 þ. Góður og fallgur bíll. Gott eintak. Sími 669 9646.



Opel Astra 1.6 '99. Ek. 79 þ. Sjálfsk. Vel með farinn konubíll. Í toppstandi. Álf. Þjófav, geislasp. Tilboð 750 þ. Uppl. í s. 897 8240.



Tilboð-Tilboð-Tilboð. Citroen Picasso Exclusive árg. '02. Ásett verð 1.389 þús. Tilboð 1.180 þús. Ek. 58 þús. Nýl. Þjón. skoðun. Sími 847 9250.

Athugið get útvegað
Allar gerðir af bílum frá Ameríku þar á meðal Dodge (benz) Sprinter, árgærdir 2005 bæði vörubílum og fólksbílum. Uppl. í s. 899 3004.

Nissan Micra árg. '95, ekinn 98.000. Gott eintak. Tilboð 290.000. Uppl. í s. 659 5823.

Tjónabíll til sölu, Fiat Maria Weekend árg. '98, tilboð óskast. Uppl. í s. 567 0412

Útsala. Til sölu Toyota Corolla Station árg. '98. V. 395 þús. Civic 1,4 árg. '96. V. 380 þús. Uppl. í s. 844 0478.

Gú!! Toyota corolla Gú '88, L/B 5d, svartur, álf, cd, filmur, sumar/vetrard, smurbók. 170 þ. stgr. Myndir á www.internet.is/mundi. S. 845 5911.

MMC Galant '97, V6. Toyota Corolla '93. Uppl. í s. 868 3069.

MMC Lancer '93 til sölu. Þarfnast lagf. Verðh. 130þ. Uppl. í síma 697 6912.

0-250 þús.



Nissan Micra '96, 3ja dyra, sjálfsk, ek. 125 þús. km. Verð 250 þús kr. S. 840 2885.



Útsala. Mercedes Bens '90, ekinn 240 þús. km. Vetrar/sumardekk, cd. Litur vel út. Verð 250 þús. S. 845 5826.



Dodge Spirit árg. '90, ek. 112 þús. mlur., ssk., plussklæddur að innan, góður bíll. Verð 250 þús. S. 868 8771.



Skoda Felicia GLX Station '96, sk. '05, e. 82 þ., krókur, cd. V. 190 þ. S. 863 6534.



Corolla St. árg. '95, í góðu lagi. Verð 200 þús. Uppl. í s. 897 8779.



Toyota Corolla 1,3, árg. '91, ek. 206 þús., ssk, nýsk., og í góðu lagi. Verð 95 þús. S. 893 8177.



Til sölu Mazda 323 árg. '88, ek. aðeins 94 þús. Uppl. 894 1564.



MMC Lancer árg. '94 í fínu standi fyrir 220 þús. Uppl. í s. 691 3569.



Toyota Corolla 1300 XLI árg. '94, ek. 148 þús., skoðaður '06, í topplagi. Verð 250 þús. stgr. Sími 897 1511 & 894 0067.



Honda Civic árg. '92, ek. 134 þús., cd, toppbíll. Ásett verð 190 þús. Uppl. í s. 892 1282.



Primera '93, ek. 218 þús. Gæjalegur bíll. Þarfnast lagf. Sk. öll skipti. Verð 100 þús. S. 822 4167.



Til sölu Volvo 740 GLE Wagon '86 ek. aðeins 73 þ. mil. 2,3i, aircond, rafm., cruiscntrol, 5 gir, topplúga, leður, (bil-ud), dráttarkr, sumar/vetrardekk á felgum. Vel með farinn, litamunur á húddi. Verð kr. 185 þ. stgr. Uppl. í síma 692 8665.



Gullmoli til sölu, skoðaður '06, verð 100 þús. Uppl. í s. 566 7675, 894 7675

M. Benz E230 '85 ('86 boddy) ekinn 338 þús. til sölu eftir 10 ára dygga þjónustu við núv. eigendur sína. Þetta er vel viðhaldinn bíll, skoðaður '06. Lakk léleg. Verð tilboð. Uppl. í síma 895 9844.

Peugot 405GR '92, ekinn 122 þ. km. Í góðu ástandi, skoðun '05, sjálfsk. S. 696 5332.

Lada Samara '94, ek. aðeins 48 þús. Ný skoðaður '06, ný tímareim & kúpling, yfirfarnar bremsur, engar dældir, mjög lítið ryð. 85 þús. S. 694 3835.

VW golf GL '95 til sölu, smurb., vetr. og sumard. á felgum. Ek. 136 þús. Verð 250. S. 693 0745.

Dodge Neon '95 til sölu. Verð 135 þús. Ekinn 170 þús. 5 gir, tveggja dyra, í góðu standi. Uppl. í s. 662 4804.

Daih. Ferosa SX 1600 '90, USA týpa ek. 199 þ. Sk. 2006, 30" dekk, g. spílarí, ör. kerfi, gott stgr. verð. S. 698 2266.

Til sölu Lada Sport árg. '91, ekinn 126 þús. 30" dekk, nýsk. Ásett verð 100 þús. S. 462 3702 & 893 1702.

Til sölu Kia Sportage árg. '96 með sprungna heddþakningu, búið að endurnýja ýmslegt. Uppl. í s. 899 3554.

Opel Corsa '95, skoðaður '06 og ekinn 120 þús. Billinn er í mjög góðu ásigkomulagi. Tilboðsverð kr. 150 þús. staðgreitt. Uppl. gefur Óli í s. 896 9749.

Gullmoli Toyota Corolla '91, ek 140 þús., litur vel út, cd. 3 eigendur og smurbók frá upphafi. Tilboð óskast. Uppl. í s. 699 4067.

Hyundai Accent '96. Ekinn 90 þús., ný tímareim. Nýsko., s + v. dekk, skipti mögul. S. 695 3885.

Golf '92, ekinn 186 þús. 5 dyra, ssk., cd, þjófavörn. Sk. '05. Verð 149.999. Uppl. í s. 663 7017.

MMC Lancer árg. '91, hlaðbakur. Bíll í góðu standi. Verð 100 þús. Uppl. í s. 693 5045.

MMC Lancer árg. '91. Bíll í góðu lagi. Verð 100 þús. Uppl. í s. 693 5045.

Mitsubishi Lancer '92. Ekinn 168 þús., ssk., rafmagn í rúðum og speglum. Verð 65 þús. Uppl. í s. 846 2534.

Saab 900i árg. '89. Góður bíll. Verð 90 þús. Uppl. í s. 843 9091.

Honda Accord '91. Verð 90 þús. Uppl. í síma 659 4004.

Pajero árg. '89, V6 35", topplúga og rafmagn í öllu. Uppl. í s. 892 2609.

Til sölu Hyundai Accent '99, ek. 107 þús. Í toppstandi. Verð 290 þús. Uppl. í síma 848 5408 Iris.

Til sölu Daihatsu Feroza árg. '91, verð 150 þús. Einnig Jimmy jeppi árg. '87, verð 40 þús. Uppl. í s. 557 3185.

Nissan Micra '96, ek. 137 þús., sk. '06. Verð 220 þús. Uppl. í síma 869 8451.

Hyundai Elantra árg. '92, ek. 145 þús. Verð 80 þús. Uppl. í síma 695 2557.

Útsala á 2 bílum! Opel Astra st. '96. Í mjög góðu standi. Með aukadekk á álf. V. 180 þ. VW Jetta '92 á 99 þ. S. 690 8304.

Mazda 626 2,5 V6 165 hö. Árg 92, ek 168 þús, topplúga, álfelgur. Verð 250 þús. S 691 9374.

MMC Lancer árg. '91, ek. 160 þús., nýskoðaður, verð 110 þús. S. 848 3478.

250-499 þús.



Til sölu Subaru legacy 1996 ekinn 198þús gott ástand verð 370 þús. s 663 2333.



Hyundai Scoupe 1.5 GT, ekinn 210 þús. Vél ekinn 80 þús. Tilboð óskast. S. 697 9351.




Nissan Almera '96. Ek. 168 þ. Ssk., topp eintak. Staðgreitt 300 þ. Sími 659 4143.



Ford Fiesta '97, ek. 78 þ. S. 897 3118.



Chevrolet Camaro 350 V8, beinsk., '85. Ekinn aðeins 70000 mlfur. Verð 350 þús. Nýr blöndungurm, kúpling, startari, rafg., dekk að framan og 2 ný afturdekk á felgum fylgja. Sími 692 2842, Nonni.



Toyota 4Runner '93, nýtt hedd, cd, fjarstart. Verð 390 þús. S. 869 2371.



ÚTSALA- Opel Astra 1,6 '98 Ekinn 43 þ. á vél. Sumar/vetrardekk. Sk '05. S. 822 0700



Peugeot 306 st. '98, ek. 105 þ. Áhv. vaxtalaust lán 400 þ. afb. 16 þ. Fæst gegn yfirt. á láni+50 þ. S. 696 4380.





Nissan Sunny GTi, árg. '94, ek. 175 þús., þjófavörn, topplúga, toppviðhald. Aðeins farið að sjást á útliti. Uppl. í s. 897 2505.



Renault Laguna 2.0 '97. Ek. 123 þús. Verð 490 þús. Tilboð 380 þús. S. 820 2727 & 897 8282.



Ford Fiesta '98, 1250 cc, 75 hö. Ekinn 60 þús. 3 dyra, beinsk. Reyk og tjónlaus. Verð 360 þ. Uppl. í s. 898 8808 & 552 1234.



MMC Colt '97, í topp st., nýsk., ný dekk. CD. Ek. 150 þ. Selst á 390 þús. S. 895 8898.



Opel Astra 1.6 16v ssk., ekinn 72 km, ný tímareim. Gangverð 580 þ. Tilboð 280 þ. S. 892 7702.



Dodge Dakota '92 5.2l ssk. tilvalinn undir krossara eða sleða, sískja fylgir verð 400.000 skoða öll skipti Uppl. í s. 690 7620.

Til sölu Dodge grand caravan AVD árg93 ekinn 175.000 km sk 05 verð 460.000. Ath öll skipti nema bil

Til sölu vegna plássleysis. Nissan Primera árg. '95, vinrauður, 2.0 SLX, ssk, ek. 166 þús., upptekin vél 155 þús., ryðlaus, sk. '06, toppástand. Verð ca 370 þús. Uppl. í s. 891 7687.

5 d. 4x4 Nissan Sunny Wagon 1995 til sölu. Uppl. í s. 695 1304 & netf. joi@jcis 350 þús.

Toyota Hilux '92, bensín, ek. 190 þús. Verð 290 þús. Skipti möguleg á ódyrari, helst Subaru. Uppl. í s. 848 8266.

MMC Lancer 4x4, árg. '96, ek. 185 þús. Vél farinn í toppstandi. Verð 290 stgr. Uppl. í s. 698 0978 eða 557 6656.

Til sölu Renault Megane St. árg. '99, ek. 85 þús. Verð 500 þús. eða tboð. Uppl. í s. 696 3210.

Tilboð

Fiat Brava árg. '98. Ekinn 83 þús. 1600 sjálfsk. Sumar-og vetrardekk. Verð 580 þús. Tilboð 450 þús. Uppl. í s. 864 6012.

Nissan Primera '98, ek. 93 þús., 1.6 vél, álfelgur, fjárfyrðar samlæsingar. Verð 470 þús. S. 662 4346.

Til sölu VW Polo árg. '96, ekinn 120 þús. Álfelgur, sumar og vetrardekk, topplúga og CD. Dekurbill. Uppl. í s. 868 9755 & 847 8718.

Subaru Lecasy station árg. '95, ek. 190 þús., í ágætu lagi. Verð 350 þús. Uppl. í s. 898 2706.

BMW 316 station, árg. '94, bill í góðu ásigkomulagi. Verð 420 þús., eða tilboð óskast. Uppl. í s. 693 5045

Toyota Corolla XLI '96. Ssk., ek. 92 þ., 5 dyra. Ný tímareim ofl. Toppbill. V. 450 þ. S. 862 5142.

500-999 þús.



MMC-Pajero, V-6 3000, langur, grænn Nýskr 04/92. Ekinn 185 þús. Álfelgur, ný dekk Sölluá, geislaspilari, NMT sími Verð 675 þús, S 861 9392



Til sölu Iveco 40x10 4x4 árg. '94 í mjög góðu standi. Verð 700 þús. Skipti möguleg. Uppl. í s. 863 0162 & 899 6510.



Til sölu Mazda 323 1800 Dohc Turbo 4WD. Árg. '91. Tilboð 720 þúsund. Uppl. í síma 865 3729.



Til sölu Renault Laguna STW, árg. '00, ek. 83 þús. Sjálfsk., álfelgur, dr. kúla. Þjónbók, ný tímareim. Tilb. verð 920 þús. S. 581 2759 & 568 3307.



Kia Sportage 1998, ekinn 84.000. Bill í topp standi, ný yfirfarinn, ný dekk, gott eintak. Verð 950.000. Áhv. 800.000. Uppl. í síma 587 8312 og 659 4402.




Nubira 5 girá. Árg. '01. Ekinn 32 þús., sumar og vetrardekk á felgum. Rafmagn í öllu. Topplúga, CD. Uppl. í s. 862 1147.



Suzuki Vitara '99, ek. 128 þús til sölu. Ný tímareim. V. 790 þús. 100% lán. S. 896 6758.



Landcr. 4.0 TD m/mæli. Ekinn 255 þ km. Nýleg 35" dekk. Loftlæsing, fr. aft. Boddý sæmilegt. Verð 690 þ. Staðgreitt 500 þ. kr. Uppl. í s. 899 0660.



10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar í fullt starf. Vinnutími ca frá kl. 8 til 17.00. Umsækjendur skulu vera færðir '85 eða fyrr.

Áhugasamir geta sett inn umsókn á vefslóðinni www.10-11.is eða fyllt út umsóknareyðublöð í verslunum sjálfum.



Rennismiður og vélvirki óskast

Fjölbreytt og skemmtileg störf í góðu umhverfi handa mönnum með sjálfstæða hugsun og metnað til að gera vel. Umsóknir óskast sendar á netfangið velvik@velvik.is Höfðabakka 1, s587 9960

Framtíðarstarf og sumararaleysingar

ADFÖNG óska eftir starfsmönnum í lagerstörf. Um er að ræða framtíðarstörf og einnig í sumararaleysingar. Við bjóðum upp á góða tekumöguleika, góða vinnuaðstöðu og mötuneyti er á staðnum. Leitað er að kraftmiklum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá trausta og fram-sæknu fyrirtæki.

Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík. Upplýsingar gefur Ívar í síma 693-5602 alla virka daga milli 09:00 og 16:30

Viltu aukatekjur 25 þús+? og vinna með góðu fólki? Hafðu þá samband. Fanney s. 698-7204.

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HaldoraBjarna.is

TEKJULEIÐ. Ef þú ert að leita að leið til að ná þér í tekjur þá erum við með lausnina, hvort sem þú býrð hérlandis eða erlendis. www.simnet.is/world

Óska eftir duglegum samstarfsaðila sem gerir miklar tekjuröfur. www.ubifree.ws

Óska eftir nema í húsmiði. Uppl. í s: 897 0800

Röska menn vantar á hjólarðaverkst. uppl. í s. 568 3080 og á staðnum. Barðinn, Skútuvogi 2.

Málaravinna - spörslun, máln. Óska eftir málarum eða vönum mönnum. Uppl. í s. 893 5537 Arnar.

Rafvirkjar óskast. Uppl. í s. 896 4901.

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða starfsmann í áfyllingar í verslanir. Æskilegur aldur 20 ára og eldri. BÍlpróf skilyrði. Þarf að geta hafið störf strax. Umsóknir sendist á ee@egils.is

Góðan járnmiðnaðar- og viðgerðarmann vantar í vinnu uppi sveit, þarf að vera fjölbærur og geta starfað sjálfstætt. Uppl. í s. 435 6786 & 860 2699 & fm@vortex.is

Gúmmivinnustofan

Duglegir, helst vanir einstaklingar óskast á hjólarðaverkstæði hjá Gúmmivinnustofunni, Réttarhálsi 2. Tímabundin vinna. Mög. á fastráðningu. Hafa samband við Ása í síma 660 0377 eða á staðnum.

Óska eftir starfsfólki í afgreiðslu og pizzabakara. Uppl. í s. 663 0970

Smíðir/mótamenn

Byggingafyrirtæki óskar eftir að ráða smíði, menn vana mótavinnu og verkamenn sem fyrst. Uppl. í s. 821 7122.

Veitingarhúsið Lækjarbrekka getur bætt við sig faglærðum þjónum, þjónanemum og vönu starfsfólki í sal. Uppl. á staðnum milli kl. 14-17 alla daga eða í síma 551 4430.

Nonnabiti

Starfskraft vantar í fullt starf og hluta-starf, reyklaus. Uppl. í s. 586 1840 og 899 1670 og einnig umsóknarblöð á staðnum.

Sérverkefni. 800-1.200 þús. á mánn. Metnaður skilyrði. Stofnkostnaður 100 þús. S. 844 1268.

Hellulist

Óskum eftir verkamönnum í hellulagning og vélamanni á hjólagrófu. Uppl. veitir Gíslí í s. 698 5222.

Framleiðslufyrirtæki óskar eftir að ráða vana lyftamann. Vinnutími er dag- og kvöldvaktir, mánudaga - föstudaga. Æskilegur aldur 20 ára og eldri. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega. Umsóknir sendist á ee@egils.is

Óska eftir smíðum og handlögnum í vinnu á höfuðborgarsv. Uppl. í s. 660 4060.

Atvinna í boði: Stórt framleiðslufyrirtæki óskar eftir að ráða bilstjóra til starfa. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfið felst í dreifingu á framleiðsluvörum fyrirtækisins. Viðkomandi þarf að hafa meiraprófshættindi og búa yfir góðum samskiptahæfileikum. Áhugasamir sendi inn auglýsingu á netfangið ee@egils.is

Veitingahús

Starfskraftur óskast í ca 85% vinnu. 10 dagar frá 7-14 og 10 dagar frá 12-19. Uppl. í s. 843 9950.

Vélstjóri óskast til afleysinga. Uppl. í s. 846 3958.

Kópavogsbúar ath.

Ókkur í pósthúsinu vantar fólk til að dreifa í Kópavoginum. Nánari uppl. í s. 585 8330 milli kl. 7 & 17.

Hafnfirðingar ath.

Ókkur í pósthúsinu vantar fólk til að dreifa í Hafnarfirðinum. Nánari uppl. í s. 585 8330 milli kl. 7 & 17.

Hrói Höttur Hringbraut

Óskar eftir kokki/grillara í fullt starf, Einnig er laust starf fyrir bilstjóra í fullt starf/hlutastarf. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Upplýsingar á s. 849 4756, Eva.

Framtíðarstarf

BabySam Smáralind leitar að góðum og duglegum starfskrafti til framtíðarstarfa sem fyrst. Viðkomandi þarf að hafa gaman af börnum og hafa mikla þjónustulund. Reykleysi skilyrði. Vinnutími virkadaga frá kl. 11-19 og aðra hverja helgi á opn. tíma. með frí á mánuðögum eftir vinnuhelgar. Yngri en 25 ára koma ekki til greina. Áhugasamir sendið umsókn á herdis@babysam.is öllum verður svarað.

Parftu að skrifa atvinnuumsókn? Það skiptir máli að hún sé vel gerð því illa skrifuð umsókn fer beint í ruslið. Aðstoða við skrif á atvinnuumsókn. S. 693 4726.

Vantar duglegt fólk í garðslátt og hreinsun á gördum á aldrinum 15-25 ára. Hægt er að sækja um á www.gardlist.is

Aðstoðarmaður í bakari óskast. Helst vanur. Uppl. í s. 893 7370.

Starfkraftur óskast

í yfirumsjón með morgunmat. Umsóknir sendist á plaza@plaza.is.

Atvinna óskast

Ung stúlka óskar eftir að komast í sveit, er vön sveitavinnu. Uppl. í síma 869 6817.

Viðskiptatækifæri

Mjög þægileg aukavinna á netinu. Þú færð 2% á peningana sem þú setur inn. <http://www.2daily.com/?ref=3359>

TILKYNNINGAR

Tapað - Fundið

Stelpuhjól hvarf úr sameigninni á Eyjabakka 9. Það er grátt og fjólublátt girahjól með hólfi fyrir vatnsbrúsa og lítilli tösku á stýri. Skilvís finnanndi hafi samband í s. 866 9747, takk fyrir.

Tilkynningar

Elsku besta Unnur mín!

Til Hamingju með afmælið. Skál í botn!!!
Þín vinkona, Halla Bjalla.

Einkamál

NYTT
á einkamal.is
Stefnumót amythyst_321
34 ára kvk,
Höfuðborgarsvæðið.
Mig langar að kynast
góðum strák
34-35 ára er
sjálf 34....
einkamal.is

KOLAPORTIÐ
UN ICELAND skómárkaður
1 par 990
2 pör 1500
3 pör 1800
50% afsláttur af allri austurlenskri gjafavöru.
Frábærar vörur á snildar verði, fyrstir koma fyrstir fá. Útsalan sem verið hefur í **Djásninu á Akureyri** heldur áfram hjá okkur, **DJÁSNIÐ Kolaportinu**
50% afsláttur af matar og kaffistellum, handklæðum og ferðatöskum.
Leikfangabásinn við lottóið
OPIÐ UM HELGINA FRÁ KL. 11-17

MÁVABRAUT 9C 230 REYKJANESBÆR - OPIÐ HÚS

Heimilisfang:
Mávabraut 9c,
230 Reykjaneshæð
Stærð eignar: 66,8 fm
Fjöldi herb.: 3
Byggingarár: 1976
Brunab.mat: 9,4 millj.
Verð: 7.8 millj.

Tryggvi Þór
S. 820-0589
tryggvi@remax.is



OPIÐ HÚS Í DAG KL. 13:30 - 14:30. Falleg 3ja herb. íbúð á jarðhæð með sér inngangi, sér bílastæði og 30 fm. sólpalli. Flísalögð forstofa og nýtt parket á íbúðinni. Nýjar korkflísar á eldhúsgólf. Þvottahús / búr með hillum inn af eldhúsi. Tvö svefnh. með parketi. Falleg íbúð með góðu aðgengi og sólbaðsaðstöðu.

RE/MAX Stjarnan
Rúnar S. Gíslason löggildur fasteignasali

HB FASTEIGNIR

Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400
Hrafnhildar Bréddé, löggiltur fasteignasali

H.B. Fasteignir kynna nýtt í einkasölu í Engjaseli

Á ANNARI HÆÐ 132,8 FM 3-4UR SVEFNH VERÐ 20,9 MILLJ.



- Flísal forstofa m/skápum.
- Borðstofa og stór stofa afstúkuð m/auka-herbmeð útg. á suðvestur svalir.
- Baðherb flísal hólf og gólf m/baðk-aristurtu m/tengi f/þvottavél og þurkara.
- Eldhús m/borðkrók og góðu skáplássu.
- Í kjallara er sér geymsla sam/þurk+hjólageymsla

Kári Kort s. 892-2506.

HB FASTEIGNIR

Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400
Hrafnhildar Bréddé, löggiltur fasteignasali

H.B. Fasteignir kynna nýtt í einkasölu í Kleppsholti

96,1 FM 4URA HERB ÍB Á 4 HÆÐ. VERÐ 15,2 MILLJ.



- Hol m/tölvuhorni.Eldhús m/eldri inn-réttingu
- Stór stofa m/útg á svalir m/góðu útsýni.
- Tvö góð barnaherbergi.
- Hjónaherbergi m/fataherb innaf
- Á 5 hæð er sér herbergi m/aðg að wc.
- Í kjallara er sér geymsla+sam þurk+hjólág.

Kári Kort s. 892-2506.

HB FASTEIGNIR

Hús Verslunarinnar, Kringlan 7, 103 Reykjavík, S: 534 4400
Hrafnhildar Bréddé, löggiltur fasteignasali

H.B. Fasteignir kynna nýtt í einkasölu

Í LAUFENGI 104,4 FM 4RA HERB. VERÐ 20.2 MILLJ.



- Flísalögð forstofa m/nýjum skápum
- Hol ásamt stofu m/útg á flísal svalir.
- Tvö góð barnaherbergi m/skápum
- Hjónaherb m/skápum,þvottah,
- Fallegt baðherbergi.gott eldhús.

Kári Kort s. 892-2506.

TIL LEIGU

Sendiráð – Íbúð

Bandaríska Sendiráðið óskar að taka á leigu fallega, góða íbúð eða hæð helst í eða nálægt miðbænum án húsgagna.

Æskileg stærð 100 – 140 fm, tvö eða fleiri svefnherbergi, góðir skápar. Leigutími er að minsta kosti 3 ár.

Tilboð óskast á skrifstofutíma í síma 562-9100, Anna Einarsdóttir í #22284, fax 562-9123, 693-9234 eða netfang ainersdottir@state.gov.



Vatnsendaland. Úthlutun á byggingarrétti.

Kópavogsbær auglýsir byggingarétt til úthlutunar á eftirtöldum lóðum undir atvinnuhúsnæði í Vatnsendalandi:

Um er að ræða fimm lóðir fyrir verslanir, skrifstofur og léttan iðnað. Lóðirnar eru hluti af athafnahverfi í norð-anverðu Vatnsendahvarfi með aðkomu frá Breiðholtsbraut um Vatnsendaveg og Ögurhvarfi og frá fyrirhuguðum Arnarnesvegi um Vatnsendaveg.

Urðarhvarf 2. Á lóðinni sem er um 4.000 m² að flatarmáli má reisa 4 hæða byggingu um 900m² að grunnfleti og um 3.000 m² að samalögðum gólfleti, auk bílageymsla undir húsinu.

Urðarhvarf 4. Á lóðinni sem er um 4.000 m² að flatarmáli má reisa 4 hæða byggingu auk kjallara um 900 m² að grunnfleti og um 3.000 m² að samalögðum gólfleti, auk bílageymsla undir húsinu.

Urðarhvarf 6. Á lóðinni sem er um 7.000 m² að flatarmáli má reisa 8 hæða byggingu auk kjallara um 900 m² að grunnfleti og um 6.000 m² að samalögðum gólfleti, auk bílageymsla undir húsinu.

Urðarhvarf 10. Á lóðinni sem er um 4.500 m² að flatarmáli má reisa 5 hæða byggingu auk kjallara um 900 m² að grunnfleti og um 3.800 m² að samalögðum gólfleti, auk bílageymsla undir húsinu.

Urðarhvarf 12. Á lóðinni sem er um 4.000 m² að flatarmáli má reisa 5 hæða byggingu auk kjallara um 900 m² að grunnfleti og um 3.800 m² að samalögðum gólfleti, auk bílageymsla undir húsinu. Áætlað er að lóðirnar verði byggingarhæfar um miðjan maí 2005. Eldri umsóknir þarf að endurnýja.

Skipulagsuppdrættir, skipulags- og byggingarskilmálar ásamt umsóknareyðublöðum fást afhent á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2 hæð milli kl. 8-16 mánudags til fimmtudaga og á föstudögum frá 8 til 14.

Umsóknnum skal skilað á sama stað fyrir kl. 15:00 miðvikudaginn 23. mars 2005. Vakin er sérstök athygli á því að umsóknnum um byggingarrétt þarf að fylgja staðfesting banka eða lánastofnana um greiðsluhæfi umsækjenda. Ef um fyrirtæki er að ræða þá ber þeim að skila inn ársreiningi sínum eða milliuppgjöri fyrir árið 2004, árituðum af löggiltum endurskoðendum.

Bæjarstjórnin í Kópavogi.

Ferð fyrir tvo til Prag og fleiri stórvinningar...

Stórbíngó

Verður haldið í Álfafelli íþróttahúsinu v/ Strandgötu sunnudaginn 13. mars kl. 14.00.

Stórglæsilegir vinningar.
Allur ágóði rennur til slysavarna í Hafnarfirði.
Slysavarnadeildin Hraunprýði

Aðalfundur

Aðalfundur Félags íslenskra rafvirkja verður haldinn laugardaginn 19. mars 2005 kl. 10.00 að Stórhöfða 31 1. hæð, gengið inn að norðanverðu.



Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf
Lífeyrissjóðurinn Lífiðn
Önnur mál.



Boðið verður upp á morgunkaffi og með því fyrir fund.
Stjórn Félags íslenskra rafvirkja.

ÚTSALA

Lagerútsala/ barnavara

Lagerútsala á barnavöru og leikföngum. Í boði verður m.a vagnar, kerrur, rúm, bílstólar og allskyns barnavara. Einnig mikið úrval af leikföngum. Opið föstudag 11/3 frá kl: 15-18, laugardag 12/3 frá kl: 11-17 og sunnudag 13/3 frá Kl: 13-17. Tökum við debet og kredit kortum.
Lagerútsala Smiðsbúð 8 Garðabæ.
(Inngangur inn í porti)



Félagsmenn Trésmiðafélags Reykjavíkur! Orlofshús – launakönnun

Lokafrestur til að sækja um orlofshús í sumar er 15. mars. Hægt er að sækja um á netinu, www.trnet.is. Eins minnum við á að skila launakönnuninni.

Trésmiðafélag Reykjavíkur



Umsókn um orlofaðstöðu í sumar

Umsóknarfresti um sumarleigu á orlofsaðstöðu lýkur 15. mars. Hægt er að sækja um orlofshús, íbúð, tjaldvagn eða „viku að eigin vali.“

Umsóknarblöð fást á skrifstofu félagsins, sími 533 3044.

Félag járníðnaðarmanna



Talstöðin
FM 90,9

ALLT & SUMT MEÐ
HALLGRÍMI THORSTEINSSYNI
OG HELGU VÖLU HELGADÓTTUR
Alla virka daga kl. 15.

ÁHRIFAVALDUR Í LÍFI MÍNU

BIRKIR JÓN JÓNSSON, ÞINGMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKS

Gurra kveikti bálið

Hugurinn reikar norður í Skagafjörð. Áhrifavaldurinn er kona að nafni Guðrún Sighvatsdóttir, gift föðurbróður mínum. Ég bjó hjá þeim ágætu hjónum í fjögur ár þegar ég var við nám í Fjölbautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Guðrún er skrifstofustjóri hjá Fisk Seafood, sem áður hét Fiskiðjan Skagfirðingur, og er eitt af dótturfélögum Kaupfélags Skagfirðinga. Hún var um árabíl í stjórn kaupfélagsins og stjórn Framsóknarfélags Skagafjarðar, auk fleiri félagsstarfa.



BIRKIR JÓN JÓNSSON Flutti inn á áhrifavaldinn þegar hann hóf nám við Fjölbautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki.

Guðrún, eða Gurra eins og ég kalla hana, hafði að miklu leyti þau áhrif á mig að ég hóf afskipti af stjórnmálum sem ungur maður, enda framsóknar- og samvinnukona af Guðs náð. Því voru mikil forréttindi að fá tækifæri til að umgangast Gurru, og þau hjónin, þann tíma sem ég bjó á Króknum. Gurra er með eindæmum jarðbundin, úrræðagóð og hógvær, og því erfitt í mínu tilfelli að líkjast henni að því leyti til, sem er miður. Þessa kosti met ég mikils.

Gurra ýtti mjög undir að ég færi út í pólitík, enda stjórnmál mikið rædd á heimilinu og hún oftast en ekki ein af kjölfestunum í

GUÐRÚN SIGHVATSDÓTTIR Ýtti mjög á unga manninn Birkir Jón að beita sér í pólitík og hvatti hann til framboðs aðeins níttján ára gamlan.



Framsóknarfélaginu á staðnum. Með okkur tókst vinátta, við höfum verið nán upp frá því og samskiptin eru mikil enn þann dag í dag. Hún hefur því haft mótandi áhrif á mig. Þessi kynni urðu meðal annars þess valdandi að ég fór í framboð fyrir Framsóknarflokkinn níttján ára gamall á Norðurlandi vestra og svo í framhaldinu í Norðausturkjördæmi. Því segi ég óhikað að hún hafi kveikt bálið.

RÍS
PÁSKAEGG

full af fjövi

Páskaegginn eru úr ekta Freyju súkkulaði með kornkúlum og stútfull af nammi

Ef þú kaupir Freyju Rísegg gætir þú unnið bol eða miða fyrir tvo á leiksýninguna Kalli á þakinu

FREYJA

Auglýsingastofla Guðrúnar Önnu / Ljósmynd: Elíng Vigfúsdóttir

Eldheitt samband
Maggi Mangó og Ölgerðin kynna:

+ =

Allar pizzur á matseðli + 2L Pepsi Max á 1000 kr **alla helgina!** föstudag, laugardag og sunnudag

1000kr.

Eldheitt **Mangó** **pizza**
Sudrænis Straumar

Ath. þetta tilboð miðast við að pizzurnar verði sóttar til okkar.
Brekkuhúsum 1 Grafarvogi sími 5771414

Töfrabrögð, sirkuslistir, leikur og dans!

Borgarleikhúsið frumsýnir töfrásýninguna *The Return of Houdini* um páskana. Borghildur Gunnarsdóttir ræddi við leikstjóra, leikara, dansara, trúða og töframenn sem allir hjálpast að við að gera sýninguna að einstakri harmoníu margra þátta.

Houdini snýr aftur er fjölskyldusýning sem sameinar leikhús, sirkús, dans og töfrabrögð. Frumsýningardagurinn er 23. mars og bíða eflaust margir í ofvæni eftir að bera sýninguna augum. Grunnurinn að sýningunni er brellur hins fræga töframans Harry Houdini, sem var frægasti hverfilista- og sjónhverfingamaður heims. Það er fyrirtækið Mógúllinn sem setur upp sýninguna en eigendur þess eru Jón Tryggvason og Helgi Björnsson.

Dean Gunnarsson er annar töframannanna í sýningunni. Hann er frá Kanada og hefur haft áhuga á töfrum síðan hann var tíu ára. „Ég er atvinnumaður í eins konar hverfilist eða flóttu. Ég losa mig úr handjárnnum, spennitreyjum, keðjum og fleiru í alls konar erfiðum aðstæðum. Töfrar finnast mér afar fallegir en flóttinn er mun erfiðari. Hann er líkamlegur og það er auðvelt að meiða sig. Stundum þarf ég að hanga á hvolfi og losa mig úr spennitreyju og keðjum, kín-

verski vatnapyntingaklefinn er hættulegasta flóttabragð Houdinis. Þá er ég bundinn með keðjum, settur á hvolf ofan í tank sem fólk sér inn í. Svo þarf ég að losa mig sem er mjög erfitt. Það sem er virkilega sérstakt við þessa sýningu er að ég geri öll brögðin í henni. Oftast geri ég bara nokkur brögð svo þetta er mjög erfitt fyrir mig.

Aðspurður hvort hann hafi einhvern tíma meiðst við kúnstirnar segir hann að svo sé og sýnir blaðamanni fingur sína sem nokkrir hverjir eru ekki svo heilir. „Ég hef brotið allt, fæturna, tennurnar, rifbein, hendur, hné og ég hef misst af fingrum. Ég meira að segja dó einu sinni í flóttatilraun. Þá var ég settur í líkkistu og lokið var negl aftur. Ég var umvafinn keðjum og kistunni var hent í ísлагóða á Kanada. Svo komst ég ekki út. Það voru liðnar fjórar mínútur ofan í vatninu þegar björgunarmenn mínir drógu mig upp úr og ég var dáinn. Húðin var blá og augun voru dauð.

Sjúkraliðarnir flýttu sér með mig á spítalann og þeir þurftu að veita mér hjartahnoð til þess að lifga mig við,“ segir Dean stóreygur og alvarlegur á svip.

„Ég man líka eftir tilfinningunni þegar ég dó. Ég sá skært ljós og ég sá göngin sem mér var ætlað að ganga. Það var mikil væð yfir mér og friður og ég var ekkert hræddur. Ég vissi að ég myndi ekki deyja, vissi að þetta væri ekki minn tími. Það brá öllum nema mér. Reyndar brá mér virkilega þegar ég sá í sjónvarpinu hvernig ég var þegar þeir veiddu mig upp úr ánni. Ég var eins og dauður hundur.“

„Mér finnst rosalega gaman að gera hluti sem fólk heldur að sé ekki mögulegt að gera. Þessi sýning er frábær að því leyti að hún býður upp á svo margt annað en bara töfrabrögð. Hún fær fólk til að hlæja og þarna eru dansarar, leikarar, trúðar og töframenn allt í einni sýningu. Einnig er þetta falleg saga og það er eitthvað sem mér finnst mikilvægt.“ ■



DEAN GUNNARSSON Hann er annar töframaðurinn í sýningunni og sérhæfir sig í flóttu og hverfilist. Hann hefur sigrast á mörgum hættulegustu brögðum Houdinis og er einn besti töframaður heims.

Leikstjórinn

„Mitt starf er að tvínnu saman alla þættina í sýningunna og vefa þá saman í fallegt munstur. Síðustu tvær vikur höfum við öll verið að vinna saman en ég byrjaði á því að eyða tíma með töframönnum, Dean Gunnarsson og Joaquín Ayala, en þeir eru meðal hæfustu töframanna í heiminum í dag. Þetta er stór sýning og það verður gaman að sjá hvernig allir þessir þættir koma út þegar þeim er blandað saman, ég veðja á stórkostlega sýningu.“

Wayne Harrison, leikstjóri sýningarinnar, frá Ástralíu.



Sviðsstjórinn

„Ég leik Marcel sviðstjóra sem er límið fyrir sýninguna. Við Abbie Collins, samferðakona mín, leikum trúðana tvo og sjáum um fyndna hluta sýningarinnar. Ég er mjög spennur fyrir sýningunni og finnst frábært að vera hérna á Íslandi, hitta Íslendinga og hlusta á skrítn íslensk orð,“ segir hann og hlær.

David Cassel, leikari, fjöllistamaður og trúður frá Kanada.



Kynnirinn

„Ég leik stjórann eða kynninn. Við erum byrjuð að æfa eins og brjálæðingar og frumsýningin er eftir um tvær vikur. Mér hefur alltaf fundist galdrar mjög spennandi og hef fylgst með töframönnum eins og David Blaine og David Copperfield. Ég held að þessi sýning verði algjör snilld því þessir töframenn eru algjörlega í sömu deild og þeir sem ég nefndi áðan.“

Darri Ólafsson, leikari frá Íslandi.



Búningakonan

„Ég leik Olgu sem er búningakonan og á sér dulið og dimmt leyndarmál sem ég má ekki segja hvað er,“ segir hún og kímur. „Við Marcel erum svolítið að keppast á sviðinu. Olga er voðalega mikil subba og hann er alltaf að reyna að þrifa eftir hana.“

Abbie Collins, sirkuslistakona frá Englandi.

Danshöfundurinn

„Ég er danshöfundur sýningarinnar. Ég hef unnið við margar sýningar, bæði óperur, söngleiki, leikrit og fleira. Í fyrra var ég mikið að vinna í Norgei þar sem ég setti upp Shakespeare-sýningu. Ég hef líka unnið fyrir sjónvarp í Englandi. Mér finnst frábært að fá að vinna hérna á Íslandi því ég hef komið hingað tvisvar áður og líkaði virkilega vel. Ég er mjög spennur fyrir sýningunni.“

Darren Royston, danshöfundur frá Englandi.



Töframaðurinn

„Ég sé um töfrabrögðin og galdrana í sýningunni og leik hlutverk annars Houdini-karakteranna tveggja. Ég kem fram ásamt Tönyu kærustunni minni og brögðin mín snúast mörg í kringum hana. Ég læt hana hverfa, ég sting spjótum í hana fyrir framan áhorfendur án þess að hún meiðist og fleira. Það er mjög spennandi að vera hérna á Íslandi því Íslendingar hafa aldrei séð svona töfrabrögð áður nema bara í sjónvarpi.“

Joaquin Ayala, töframaður frá Mexíkó.



Farandsýning um allan heim

„Við höfum unnið að þessu í tvö ár, erum með framleiðendur frá Belgíu, Hollandi og Þýskalandi sem eru að gera þetta með okkur og þetta kostar um tíu milljónir,“ segir Helgi Björnsson. Þetta er eins konar farandsýning sem við ætlum að sýna á nokkrum stöðum í heiminum. Við höfum til dæmis fengið mikinn áhuga bæði frá Bandaríkjunum og Evrópu. Sýningin sjálf er virkilega skemmtileg og þarna fær fólk að sjá töfrabrögð sem jafnast á við það sem Houdini gerði þegar hann var uppi.“



HELGI BJÖRNSSON Hann er annar eigenda fyrirtækisins Mógúlsins, sem framleiðir sýninguna.



Dansari

„Ég er atvinnudansari en vinn í rauninni sem danshöfundur. Í þessari sýningu er ég hins vegar bara að dansa og við erum fjórir dansarar. Þegar við dönsum saman virkar það svolítið eins og samtal sem tvinnast inn í sýninguna.“

Ivonna Strupieshowska, dansari frá Póllandi.

Dansari

„Ég er leikari og dansari og er útskrifuð frá leiklistarskólanum í Kraká. Ég hef dansað í átján ár en hef aldrei gert neitt þessu líkt. Það verður gaman að sjá galdrana í sýningunni en ég er ekki búin að fá að sjá neitt ennþá.“

Dominika Knapik, dansari frá Póllandi.



Ótrúlegt verð

Legend X-TREME

- Intel P4 3,0 GHz Prescott 800MHz *Hyper Threading*
- 512 MB Kingston 400MHz vinnsluminni með lífstíðar ábyrgð
- 16x+- dual DVD skrifari/40X CDRW/16xDVD skrifar á „double layer“ diska
- MSI FX 5200 128MB skjákort TV-Out DVI-I
- Samsung 160GB SATA harður diskur 7200MB flýtiminni
- 6-Ch hljóðkort, 10/100 netkort, 7xUSB 2,0 (3 á framhlið, 4 á bakhlið)
- Innbyggður 8 in 1 minniskortalesari
- Styður allt að 4GB vinnsluminni, dual DDR stuðningur á móðurborði
- Multimedia lykklaborð og Logitech mús
- Glæsilegur turnkassi með 350W spennugjafa og 80mm kæliviftu
- Windows XP-Home stýrikerfi
- Record Now Deluxe skrifarahugbúnaður
- WinDVD afspilunarhugbúnaður, WinDVD Creator 2
- Open Office.org ritvinnsluhugbúnaður
- Öflug veiruvörn með Lyklapetri fylgir frítt í 90 daga

Eingöngu fánleg í Smáralind



3ja ára
ÁBYRGÐ
á vélbúnaði

28.000 kr. afsláttur
verð áður 127.980.-

4.999^{kr}

á mán. í 20 mánuði

Heildarverð 99.980.-

Legend Premium

- Intel Celeron 2,6 Ghz örgjörvi
- 256 MB Kingston 333MHz vinnsluminni með lífstíðar ábyrgð
- Samsung combo drif-52x CD-RW skrifari og 16x DVD
- Intel Extreme skjástýring
- Samsung 120GB harður diskur 7200 8MB
- 6-Ch hljóðkort, 10/100 netkort, 6xUSB 2,0 (2 á framhlið og 4 á bakhlið), 1xAGP, 3xPCI
- Multimedia lykklaborð og Logitech optical mús
- Glæsilegur turnkassi með 350W spennugjafa og 80 mm kæliviftu við diskarekka
- Windows XP-Home stýrikerfi
- Nero Express 6 skrifarahugbúnaður
- Power DVD 5 afspilunarhugbúnaður
- Open Office.org ritvinnslubúnaður
- Öflug veiruvörn með Lyklapetri fylgir frítt í 90 daga

Eingöngu fánleg í Smáralind

3ja ára
ÁBYRGÐ
á vélbúnaði

17.996 kr. afsláttur
verð áður 97.980.-

4.999^{kr}

á mán. í 16 mánuði

Heildarverð 79.984.-

Brother HL-2030 laserprentari

- Prentar 16 bls. á mínútu
- 8 Mb minni
- Upplausn 2400x600 dpi
- Windows og MacOs
- USB tengjanlegur
- 250 bls. pappírskúffa
- 3ja ára ábyrgð
- Einföld uppsetning

14.900^{kr}

alm. verð 18.900.-

Laser prentari

NÝTT útlit

PlayStation 2

NET
TENGI

DVD
VIDEO

COMPACT
disc
DIGITAL AUDIO

DC
SERVO

USB

13.889^{kr}



Nýjir leikir



5.499^{kr}



4.799^{kr}



2.499^{kr}

Fánlegt í Smáralind, Kringlu,
Spöng og á Akureyri.

Gildir til 15. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

Nýtt nafn á traustu félagi í fjölbreyttum rekstri

FL GROUP er nýtt nafn eignarhaldsfélagsins Flugleiða hf. Nýja nafnið undirstrikar þá þróun sem orðið hefur í starfsemi félagsins á síðustu áratugum, úr því að vera flugfélag með margskonar hliðarstarfsemi yfir í að vera fjárfestingafélag sem á fjölmörg dótturfyrirtæki – þar á meðal flugfélög.

Með nýja nafninu er fjölbreytni í rekstri samstæðunnar undirstrikuð og um leið sjálfstæði Icelandair og annarra dótturfélaga frá umsvifum fjárfestingafélagsins. Nýja nafnið skírskotar til hins sögulega bakgrunns starfseminnar og vísar um leið til framtíðar fjárfestingafélags sem er staðráðið í að efla ferða- og flutningsþjónustu samstæðunnar og leita samtímis nýrra tækifæra til vaxtar.



G R O U P

Icelandair annast alþjóðlegt millilandaflug til 22 áfangastaða og þjónar í leiðakerfi sínu þremur mörkuðum: Ferðum Íslendinga til útlanda, ferðamannamarkaðinum til Íslands og Norður-Atlantshafsmarkaðinum.

Icelandair Cargo er umsvifamesta fyrirtækið í flugflutningum til og frá Íslandi og flýgur einnig með vörur milli Evrópu og Bandaríkjanna.

Loftleiðir Icelandic starfar á alþjóðlegum leiguflugsmarkaði og býður ferðaskrifstofum og flugfélögum upp á leigubjónustu á bæði B757 og B767 flugvélum og áhöfnum.

Icelandair Technical Services (ITS) rekur viðhaldsstöð á Keflavíkurlugvelli og veitir tækni- og verkfræðibjónustu fyrir flugfélög.

Icelandair Ground Services (IGS) annast víðtæka flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurlugvelli og starfrækir flugafgreiðslu, flugeldhús, veitingaþjónustu í flugstöðinni og fraktmiðstöð.

Flugfélag Íslands annast áætlunarflug innanlands, einkum til og frá Reykjavík, Akureyri, Egilsstöðum og Ísafirði – og til Færeyja og Grænlands.

Icelandair Hotels rekur keðju heilsárshótela undir vörumerkinu Icelandair Hotels og keðju sumarhótela undir merkjum Hótel Eddu. Á sumrin þegar öll hótelin eru í rekstri eru þau 23 talsins, víðsvegar um landið.

Ferðaskrifstofa Íslands er leiðandi ferðabjónustufyrirtæki sem skipuleggur og selur ferðir til útlanda einkum undir vörumerkjunum Úrval-Útsýn og Plúsferðir.

Íslandsferðir er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu og sölu pakkaferða og móttöku á erlendum ferðamönnum.

Kynniserðir er ferðabjónustufyrirtæki sem býður upp á hóp- og áætlunarferðir af ýmsu tagi um allt land.

Hertz bílaleigan býður upp á ökutæki af öllum stærðum og gerðum. Afgreiðslustaðir eru á Keflavíkurlugvelli, í Reykjavík og víðsvegar um landið.

Fjárvakur er alhliða fjármálaþjónustufyrirtæki sem annast bókhald, uppgjör og launavinnslu fyrir fyrirtækin innan FL GROUP.

FL fjárfestingafélag annast fjárfestingar fyrir FL GROUP.

Hjá FL GROUP starfa um 2200 manns í þrettán dótturfyrirtækjum.

Sefur í fjóra tíma á dag

Plötusnúðurinn heimsþekkti Fatman Scoop kemur fram á næstu Shockwave-hátíð FM 957 sem verður haldin föstudaginn 18. mars í Sjallanum á Akureyri og daginn eftir á Broadway.

Hinn íturvaxni Scoop hefur gefið út mörg vinsæl partíllög undanfarin ár, þar á meðal Be Faithful sem hann söng með Faith Evans. Nýjasta lag hans er með söngkonunni Mariah Carey. Scoop er að vinna að sinni fyrstu stóru plötu um þessar mundir en hann hefur áður gefið út fjölmargar smáskífur sem hafa notið mikilla vinsælda.

Feita manninn hlakkar mikið til að koma hingað til lands. „Auðvitað, ég hef aldrei komið þangað. En ég verð fyrst að fá að vita eitt-hvað um landið því fyrirfram held ég að það sé mjög kalt þar, er það rétt?, spyr hann með nokkuð hásrí en mjúkri útvarpsródd sinni. Fær hann þau svör að hér sé nokkurra gráðu hiti og alveg hreint ágætis veður.

Fatman var að stýra hinum vinsæla útvarpsþætti sínum á Hot 97 FM í New York þegar blaðamaður ræddi við hann, en þangað hefur hann fengið í heimsókn marga af frægustu tónlistarmönnum heims á borð við Snoop Dogg og 50 Cent. Síðar um daginn átti Fatman síðan að kynna nýja lagið sitt ásamt Mariah Carey. Hann segist alltaf hafa nóg fyrir stafni.

„Já, ég er mjög upptekinn á hverjum degi. Ég vinn um 20 klukkustundir á dag og sef því í um það bil fjóra tíma,“ segir hann og virðist meina hvert orð. Hann bætir því við að samstarfið með Carey hafi verið ákaflega gott. „Ég þekkti Mariah aðeins áður en þessi reynsla hefur sýnt mér betur að hún er mjög góðhjörtað manneskja, algjör engill.“

Að sögn Fatman var löngu kominn tími á að búa til plötu með eigin lögum í stað þess að spila sömu lögin eftir aðra á hverjum tónleikunum á fætur öðrum. „Ég vil ekki vera þekktur sem náunginn sem stelar plötum og lögum eftir aðra, heldur sá sem gerir miklu meira en það. Þessi nýja plata verður partíplata sem þú getur sett á fóninn þegar þú ert að þrifa húsið eða bara að skemmta þér. Það er það eina sem ég vil gera. Ég vil ekki meiða neinn, skjóta neinn eða slást við neinn. Ég vil ekki vera bófi því það er bara ekki ég. Ég vil bara skemmta mér og búa til partíttónlist,“ segir hann.

Óflugur hópur íslenskra hip hop listamanna mun hita upp fyrir Fatman á tónleikum hans hér á landi. Þar má nefna Tiny og Steina úr Quarashi, Igor, Kritikal Mass, Önnu, DJ B Ruff og DJ Skinny T. Miðasala fer fram á Broadway og í Sjallanum og er miðaverð 1500 krónur.

freyr@frettabladid.is



FATMAN SCOOP
Hlakkar mikið til að spila partíttónlist sína fyrir íslenska hip-hop-aðdáendur.

Grafík snýr aftur

Á laugardaginn mun '80 goðsögnin Grafík halda sinn fyrsta dansleik í rúm 17 ár á NASA. Hljóm-sveitin hefur ekki spilað fyrir dansi síðan hún steig á stökk á áramótadansleik Broadway 1987 en árið eftir hætti sveitin formlega störfum. Grafík gaf út alls fimm plötur og náði meðal annars þremur lögum í 10 efstu sætin á vinsældarlista Rásar 2, eitthvað sem fáum íslenskum hljómsveitum hefur tekist að leika eftir.

Helga Björnssyni, aðalsöngv-ara Grafík var farið að kitla í lófana, og lofaði góðum tónleikum. „Prinsessan Andrea Gylfadóttir verður heiðursgestur og við munum að sjálfsgöðu spila alla klassísku smellina eins og Húsið og ég, Sextán og 1000 sinnum segðu já í bland við gamla '80 smelli á borð við China Girl, Let's Dance og Money for nothing,“ segir hann.



GRAFÍK Í NÚVERANDI MYND Hefur ekki spilað fyrir dansi í rúm 17 ár, en ætlar á laugardaginn að trylla lýðinn á Nasa.

Helgi segir að þó einn meðlima sveitarinnar sé nú horfinn af sjónarsviðinu muni andi hans svo sannarlega svífa yfir vötnum á laugardagskvöldið. „Sonur trymbilsins Rafns Jónssonar,

Egill, spilar á trommurnar og heldur minningu föður síns hátt á lofti, enda lifandi eftirmynd hans.“ Nasa opnar klukkan ellefu og er miðaverðið 1.500 krónur. ■

Hundleiðinlegt ævintýri

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Það er eitthvað mjög ævintýralegt við tónlist Mercury Rev. Þetta er hundgömul sveit sem á nokkur frábær ævintýri að baki og enn og aftur er bakpokinn lagður yfir öxlina. En í þetta skiptið er ævintýrið ekki jafn spennandi og áður. Að hlusta á þessa plötu er eiginlega eins og að heyrja þriðju framhalds-söguna af Hans og Grétu. Eða jafnvel frekar áframhaldandi ævintýri fjölskyldu Bambi.

Það er erfitt að skjóta niður sveit sem maður hefur hjarta fyrir. Ef þið eruð í ævintýrahug, tékið þá á meistarverkunum Deserter's Songs og All Is Dream en látið þessa plötu eiga sig. The Secret Migration virkar útpynt og hljóðfæraraleikur aldinn.

Þessi plata er skýr merki þess að maður á ekki alltaf að halda sig við formúluna. Þessi plata er í svipuðum hljóðheimi og fyrri verk og það er í rauninni ekkert að flutningnum. En hið óútskýranlega „það“ vantar sárlega. Þetta er þegar allt kemur til alls bara



MERCURY REV:
THE SECRET MIGRATION

Niðurstaða: The Mercury Rev hefur aldrei hljómað eins óáhugaverð og á þessari nýju plötu. Það er eins og liðsmenn hafi verið knúir áfram af einhverju allt öðru en sköpunargleði við að gera þessa plötu.

hundleiðinlegt. Ég efast um að ég eigi eftir að muna eftir að hafa hlustað á þessa plötu eftir svona viku. Sem er kannski frábært, því ef ég man ekki eftir þessu glappa-skoti get ég fyrr fyrirgefið þessari annars frábæru hljómsveit. Ég ætla því ekki að afskrifa hana í þetta skiptið.

Birgir Örn Steinarsson

Er glæparappið dautt?

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Ef maður er rappari og langar til þess að ná athygli rappheima með fyrstu plötu sinni er ekki verra að vera studdur af Dr. Dre og 50 Cent. Þannig er það einmitt með The Game. Ungur svartur pirraður piltur úr Compton-hverfi Los Angeles sem er auðvitað búinn að vinna fyrir sér sem eiturlyfjasali.

Hann er harður nagli og rappar um glæpi jafn heiðarlega og hann rappar um hvað annað. Svo virðist sem þetta sé tilraun Dr. Dre að koma gangsta rappinu aftur í tísku. Nú er hann og Eminem búnir að finna tvo harða nagla, hvorn á sinni strandlengju í Bandaríkjunum.

Auðvitað er þetta virkilega vel gert, enda ekki hægt að búast við öðru frá meistara Dre. Hins vegar hefur The Game ekki upp á neitt nýtt að bjóða hvað textainnihald varðar. Hann hefur gott flæði, kann að skjóta á hina og þessa... en maður hefur svo sem heyrt þessar sorgarsögur af strætinu áður. The Game er alvarlegur tapi, ekki húmoristi eins og Snoop Dogg eða Eminem. Grúfin eru gripandi, en þau gætu alveg eins verið búnin til fyrir 50 Cent...



THE GAME:
THE DOCUMENTARY

Niðurstaða: Nýjasta undrabarn Dr. Dre gefur út frumraun sína. Sæmilegasta plata og ágætis rappari, en glæparimurnar virka þreyttar. Sama tuggan, aftur og aftur.

þetta er allt byrjað að hljóma af líkt hvort öðru.

Auðvitað er platan full af gestum á borð við Eminem, 50 Cent, Busta Rhymes, Nate Dogg og Faith Evans. Persónulega finnst mér The Game bestur í þeim lögum sem hann er einn og óstuddur. Ég get ekki ímyndað mér að The Game verði stórstjarna á borð við 50 Cent eða Eminem en þessi plata kemur honum örugglega á kortið.

Birgir Örn Steinarsson



ROBERT PLANT Fyrirverandi söngvari Led Zeppelin er á leiðinni hingað til lands.

Miðasalan hefst 19. mars


Miðasala á tónleika Roberts Plant í Laugardalshöll 22. apríl, hefst laugardaginn 19. mars klukkan 11. Tónleikarnir eru liður í tónleikarferð Roberts Plant og hljómsveitar hans The Strange Sensation í tilfni af útkomu Mighty Rearranger, nýjustu plötu Plants.

Ljóst er að eftirvæntingin er mikil enda á Robert Plant sér aðdáendur á öllum aldri á Íslandi, ekki síst sökum þess að Led Zepp-

elin kom hingað og hélt eftir-minnilega tónleika í Laugardalshöllinni árið 1970.

Miðasalan fer fram í Hard Rock í Kringlunni, bókabúðum Pennans á Akureyri og á Akranesi, í Hljóðhúsinu á Selfossi og á miðinu.

Laugardalshöllinni verður skipt í þrjú svæði. Verð í stúku verður 4.900, í fremri stúku 5.500 og í staði 4.500. ■



Bandaríkjadollar, japanskt yen og evra, gengi 11. mars 2005.

5% lækkun á öllum nýjum bílum

Við viljum að viðskiptavinir okkar njóti hins hagstæða gengis íslensku krónunnar. Þess vegna erum við fyrst bílaumboða til að lækka listaverð á öllum nýjum bílum um 5%. Ef við borgum minna fyrir bílinn þá borgar þú minna fyrir bílinn. Svo einfalt er það!

Nokkur verðdæmi:	Listaverð	5% lækkun
Nissan Patrol Elegance	4.945.000,-	4.690.000,-
- Primera 1.8	2.445.000,-	2.290.000,-
- Micra iPod 1.2	1.590.000,-	1.490.000,-
SUBARU Forester	2.580.000,-	2.450.000,-
- Legacy Wagon	2.590.000,-	2.460.000,-
- Outback 2.5	3.540.000,-	3.360.000,-
OPEL Astra 5d 1.6	2.110.000,-	1.995.000,-
- Vectra	2.290.000,-	2.175.000,-
- Zafira	2.550.000,-	2.420.000,-



Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a
800 Selfossi
482-3100

Eyjarlandi 1
530 Hvammstanga
451-2230

Sæmundargötu 3
550 Sauðárkróki
453-5141

Holtsgötu 52
260 Njaróvík
421-8808

Dalbraut 2b
300 Akranesi
431-1376

Víkurbraut 4
780 Höfn í Hornafirði
478-1990

Búðareyri 33
730 Reyðarfjörður
474-1453

Sindragötu 3
400 Ísafjörður
456-4540

Óseyri 5
603 Akureyri
461-2960

Sjálfstæðismenn ráða RÚV

Það er regla að útvarpsstjóri ráði þá umsækjendur um yfirmannastörf hjá Ríkisútvarpinu sem fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í útvarpsráði mæla með. Á því eru þó undantekningar sem sanna regluna. Af þessu má ráða að Sjálfstæðisflokkurinn stjórnar hverjir stjórna RÚV.



ÞJÓÐAREIGN Í ÞÍNA ÞÁGU Ríkisútvarpið hefur starfað í 75 ár. Alla tíð hefur gústað þar um ganga og afskipti stjórnmalamanna af stofnuninni sögð óeðlileg.

Það er gömul saga og ný að mannráðningu í Ríkisútvarpinu valdi ólgu. Oft hefur gústað um ganga Útvarps-hússins þegar fólk hefur verið ráðið til starfa, ýmist vegna óánægju með að viðkomandi hafi verið ráðinn en þó oftar vegna þess að einhver annar var ekki ráðinn.

Aldrei hafa lætin þó orðið jafn mikil og nú.

Útvarpsstjóri ræður starfsmenn stofnunarinnar „þó að fengnum tillögum útvarpsráðs ef um starfsfólk dagskrár er að ræða“, eins og segir í lögum um Ríkisútvarpið. Menntamálaráðherra skipar útvarpsstjóra og ræður framkvæmdastjóra fjármáladeildar, hljóðvarpsdeildar og sjónvarpsdeildar. Sú tilhögun að útvarpsráð mæli með fólk til dagskrárstarfa hefur lengi verið gagnrýnd og raunar hefur tillaga um breytingu þar á verið flutt á alþingi, án þess að ná fram að ganga. Samkvæmt framkomnum upplýsingum um nýtt frumvarp menntamálaráðherra um Ríkisútvarpið er gert ráð fyrir að útvarpsráð verði aflagt og þar með aðkomu pólitískt kjörinna fulltrúa að starfsmannamálum.

Á miðvikudag fór útvarpsstjóri að tillögu meirihluta útvarpsráðs og réði Auðun Georg Ólafsson í starf fréttastjóra útvarps. Ákvörðunin fór illa í marga og í kjölfarið fylgdu aðgerðir sem ekki eiga sér hliðstæðu.

Elin, Bogi og Dóra

Nokkur hasar varð í Efstaleitinu í desember 2002 þegar ráðið var

í starf fréttastjóra Sjónvarps. Sigríður Árnadóttir hlaut þá fjögur atkvæði í útvarpsráði en Elin Hirst þrjú. Sjálfstæðismennirnir þrír í ráðinu greiddu Elinu atkvæði sín og fór Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri að ráði þeirra.

Minni hasar varð í mánuðinum áður þegar Bogi Ágústsson var ráðinn forstöðumaður nýstofnaðs fréttasviðs Ríkisútvarpsins. Engu að síður greiddi minnihluti útvarpsráðs honum atkvæði sín, það er að segja fulltrúar Sjálfstæðisflokksins. Aðrir útvarpsráðsmenn sátu hjá við atkvæðagreiðsluna.

Fjórum árum áður, 1998, sótti Margrét Oddsdóttir um starf framkvæmdastjóra Útvarps. Það gerði líka Dóra Ingvadóttir, skrifstofustjóri Útvarpsins. Útvarpsráð greiddi sín atkvæði líkt og því bar og hlaut Margrét fjögur en Dóra þrjú. Björn Bjarnason menntamálaráðherra fór að tillögu flokksbræðra sinna í útvarpsráði og réði Dóru til starfans.

Talsverð ólga fylgdi þessari ráðstöfun ráðherrans en öldurnar lögðu með tímanum.

Pólitísk hrossakaup

Nokkrum mánuðum áður stóðu útvarpsráð og menntamálaráðherra frammi fyrir svipuðu máli. Í september 1997 skyldi ráða framkvæmdastjóra Sjónvarps.

Ásdís Olsen fjölmiðlafræðingur hlaut fjögur atkvæði í útvarpsráði en Bjarni Guðmundsson rafmagnstæknifræðingur

þrjú atkvæði sjálfstæðismanna. Björn réði Bjarna.

Í kjölfarið gagnrýndi Ásdís ráðninguna og sagðist ekki sjá að menntun eða þekking Bjarna uppfylltu skilyrði auglýsingar og starfslýsingar. Hún teldi að framkvæmdastjóri Sjónvarps ætti að hafa vit á dagskrá en ekki endilega rekstri.

Til svipaðra raka er gripið nú þegar gagnrýnd er ráðning markaðs- og sölustjórans Auðuns Georgs sem fréttastjóra Útvarps. Því er haldið fram að fréttastjórninni eigi að vera fréttamaður að upplagi en ekki eitthvað annað.

„Þegar ég starfa í Útvarpsráði starfa ég þar sem fulltrúi Framsóknarflokksins og það er svo með alla þá sem þarna eru inni og það er yfirskin að segjast vera eitthvað annað að mínu mati. Þetta er pólitísk stjórn og ríkisstofnanir heyrja með einum eða öðrum hætti undir hið pólitíska vald.“

Eftir atkvæðagreiðslu útvarpsráðs, en fyrir ráðningu menntamálaráðherra, dró Ingólfur Hannesson íþróttafréttastjóri umsókn sína um framkvæmdastjórarstarfið til baka. Gerði hann það með bréfi til menntamálaráðuneytisins þar sem hann kallaði afgreiðslu útvarpsráðs ógeðfellt pólitísk hrossakaup.

Breyttir siðir Framsóknar

Framkvæmdastjóramálið var ekki eina heita kortaflan í Útvarpsshúsinu haustið 1997. Skömmu áður lögðu stafna á milli og teygðu eldtungurnar sig inn í þingflokk Framsóknarflokksins og inn á borð ráðherra. Þá stóðu útvarpsráð og útvarpsstjóri frammi fyrir því að ráða tímabundið í starf

Þau skipuðu Útvarpsráð á þriðjudag

Andri Óttarsson
Anna K. Jónsdóttir
Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson
Pétur Gunnarsson
Andrés Jónsson
Ingvar Sverrisson
Kjartan Eggertsson

Sjálfstæðisflokkurinn
Sjálfstæðisflokkurinn
Sjálfstæðisflokkurinn
Framsóknarflokkurinn
Samfylkingunni
Samfylkingunni
Frjálslynda flokknum

fréttastjóra Sjónvarps. Helgi H. Jónsson og Elin Hirst sóttu um, auk fimm annarra.

Afgreiðsla málsins dróst úr hófi fram; atkvæðagreiðslum útvarpsráðs var frestað í tvígang en á endanum greiddu þrír ráðsmenn Sjálfstæðisflokksins Elinu atkvæði sín en Helgi hlaut atkvæði hinna fjögurra ráðsmanna. Útvarpsstjóri réði Helga.

Pétur Gunnarsson blaðamaður skrifaði fréttaskýringu um málið í Morgunblaðið þar sem sagði meðal annars að tveir ráðherrar Framsóknarflokksins, þeir Finnur Ingólfsson og Halldór Ásgrímsson, hefðu beitt sér gegn ráðningu Elínar. Sé það rétt, sem ekki verður efast um hér, höfðu þeir sitt fram.

Síðar í greininni er Gissur Pétursson, fulltrúi Framsóknarflokksins í útvarpsráði, spurður hvort hann vinni samkvæmt flokkslínu í ráðinu. Gissur svarar: „Þegar ég starfa í Útvarpsráði starfa ég þar sem fulltrúi Framsóknarflokksins og það er svo með alla þá sem þarna eru inni og það er yfirskin að segjast vera eitthvað annað að mínu mati. Þetta er pólitísk stjórn og ríkisstofnanir heyrja með einum eða öðrum hætti undir hið pólitíska vald.“

Blaðamaðurinn Pétur Gunnarsson sat útvarpsráðsfundinn



Yfirstjórn RÚV tengist Sjálfstæðisflokknum

Markús Örn Antonsson útvarpsstjóri er fyrrverandi borgarfulltrúi og borgarstjóri fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Framkvæmdastjórar Útvarps og Sjónvarps, Dóra Ingvadóttir og Bjarni Guðmundsson eru tengd flokknum. Bogi Ágústsson, forstöðumaður fréttasviðs og Elin Hirst, fréttastjóri Sjónvarps, hallast að stefnu Sjálfstæðisflokksins í stjórnmalum.

umdeilda á þriðjudag fyrir Framsóknarflokkinn og neitaði því í Kastljósi á fimmtudag að hafa ráðfært sig við nokkurn mann um ráðstöfun atkvæðis síns.

Þau orð Péturs verða ekki dregin í efa hér og því óhætt að fullyrða að Framsókn hafi tekið upp nýja siði.

Þorgerður Katrín ráðin

Þetta viðburðaríka haust 1997 var einnig ráðið í þrjár forstöðumannastöður innan Ríkisútvarpsins. Var það gert vegna nýs skipulags sem þá tók gildi en við það voru dagskrárdeildirnar tvær, Rás eitt og Rás tvö, lagðar niður sem einingar og í staðinn búin til þrjú dagskrárframleiðslusvið.

Hávaðalaust var Margrét Oddsdóttir ráðin yfirmaður menningardeildar og Óskar Ingólfsson yfirmaður tónlistardeildar. Ráðning Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur í starf yfirmanns samfélags- og dægurmáladeildar var hins vegar stormasöm. Þorgerður hafði hlotið þrjú atkvæði sjálfstæðismanna í útvarpsráði en Kristín Ólafsdóttir dagskrárgerðarmaður hin fjögur atkvæðin. Talsverð óánægja greip um sig á göngunum og víðar með þá ákvörðun útvarpsstjóra að ganga gegn meirihluta útvarpsráðs og var pólitísk sögð stjórna gjörðum hans. Var það hvorki í fyrsta sinn né það síðasta sem stjórnmál og flokksskírteini eru talin ráða meiru um ráðningar starfsmanna Ríkisútvarpsins en fagleg sjónarmið.

Athyglisvert er annars að rifja upp að í febrúar 1997 lögðu Mördur Árnason og Svanfríður Jónsdóttir, þá þingmenn í þingflokk Jafnaðarmanna, til á Alþingi að útvarpsráð hætti afskiptum af ráðningu fréttamanna hjá RÚV. Skemmst er frá því að segja að tillagan náði ekki fram að ganga þá en breyting ku vera í farvatninu, nú átta árum síðar.

bjorn@frettabladid.is



RÁÐNINGU MÓTMÆLT Starfsmannasamtök RÚV efndu til fundar í hádegjunni á fimmtudag þar sem mikill meirihluti fundarmanna mótmælti ráðningu útvarpsstjóra á nýjum fréttastjóra Útvarps.

11

MILLJÓNIR Í FYRSTA VINNING

333

Nú er potturinn þrefaldur!

Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is - þú gætir unnið litlar 11 milljónir króna.

Það getur allt gerst.





[1]



[2]

Silja Magg er

Auk þess að taka myndir nýtur Silja Magnúsdóttir sín vel í stíliseringu og finnst gott að geta verið með hendurnar í öllu í sambandi við myndatökuna. Borghildur Gunnarsdóttir spjallaði við Silju um starfið.

Ljósmyndir og stíliseringar Silju sýna sterkan og persónulegan stíl sem hún virðist hafa þróað með sér. Myndirnar eru flestar hráar og töff og gætu vel sómað sér vel í jaðartískublaði. Hún starfar sem aðstoðarljósmyndari og þrátt fyrir að vera aðeins 22 ára hefur hún unnið mörg spennandi verkefni. Hún er nýkomin heim frá London þar sem hún vann að verkefni fyrir KB banka en einnig hefur hún starfað sem aðstoðarmaður ljósmyndara úti í New York, tekið myndir fyrir förðunarskóla Eskimo og Nars og unnið fyrir alls kyns götublöð og fyrirtæki hér heima. „Ég byrjaði að stíliseri og fattaði svo að mig langaði að fá að ráða öllum pakkanum og þá fór ég að grípa í myndavélina og basla við að stilla ljósin sjálf.“ segir Silja.

Hún er núna í fastri vinnu í ljósmyndastofunni Photoland þar sem hún er aðstoðarmaður föður síns og bróður. „Núna er ég í rauninni allt í öllu, stundum er ég að stíliseri og stundum farða eða ljósmynda. Ég hef líka verið að velja módel fyrir auglýsingar fyrir ýmis verkefni svo ég er að vissu leyti líka að vinna frilans fyrir nokkur fyrirtæki.“

Silja byrjaði að taka myndir um 18 ára aldur þegar hún stundaði nám í Verzlunarskóla Íslands og tók myndir fyrir Verzlunarskólalablaðið. Það skemmtilegasta við ljósmyndarastarfið finnst henni að vinna með góðu fólki og einnig finnst henni þægilegt að geta stýrt stórum hluta vinnunnar sjálf. „Það er svo gaman að hafa eitthvað í höndunum og fá að ráða því sjálf hvernig ég ætla að hafa hlutina. Ég er allan daginn að hugsa um eitthvert verkefni og finnst ég aldrei vera í frú frá vinnunni. Mér finnst líka alltaf rosalega gaman þegar ég fæ að gera tískupátt því þá fæ ég að sleppa mér



SILJA MAGG Hún vinnur sem aðstoðarljósmyndari á ljósmyndastofunni Photoland. Hún er þó með hendurnar í öllu sem viðkemur myndatökunum og grípur stundum í förðun eða stíliseringu.

alveg og gera eitthvað hrikalega skapandi.“

Aðspurð hvort hún stefni á að læra greinina segir hún: „Ég veit það ekki, ef þú hefðir spurt mig í gær hefði ég svarað allt öðru. Líklega læri ég eitthvað á þessu sviði, það gæti vel verið að einn daginn ákveddi ég að fara í skóla og ljósmyndunin getur líka nýst mér á mörgum stöðum. Þó ég hafi oft verið spurð hvaða svið ég ætli að velja mér finnst mér gott að geta blandað mörgum sviðum saman og vil helst hafa hendurnar í öllu.“ ■



[4]



[3]

[1] Silja tók þessa mynd fyrir tískupátt í tímaritinu Vamm. [2&3] Í síðasta Verzlunarskólalablaði var Silja með tískupátt og voru þessar myndir hluti af honum. [4] Þessa mynd tók Silja fyrir auglýsingu fyrirtækisins EgC.



[5]



[6]



[7]

[5] Þessa mynd stíliseraði Silja en ljósmyndin var tekin af Ara Magg. [6] Stílisering eftir Silju og ljósmynd tekin af Ara Magg. Auglýsingin vann til þrenna verðlauna á Ímark-verðlaunaafhendingunni. [7] Silja stíliseraði fyrir þessa mynd en Ari Magg tók ljósmyndina. Myndin birtist í tískupætti í tímaritinu Vamm.



Nú getur þú sent SMS

SMS heimasími

Léttkaupsútborgun:

980 kr.

og 750 kr. á mán. í 12 mán.

Panasonic KX-TCD300

Tiboðsverð: 9.980 kr.

Tilboð í vefverslun: 8.980 kr.

siminn.is/vefverslun

25% afsláttur
úr heimasíma
í 6 númer

Skráðu þig á siminn.is

Hægt er að senda og taka á móti SMS. Númerabirting fyrir allt að 30 númer. Simaskrá fyrir 200 símanúmer og nöfn. Innbyggður hátalari fyrir handfrjálsa notkun. Dagsetning og tími og raddstýring á 20 númerum.

Ljósmyndari á uppleið



[8]



[9]



[10]

[8] Á grímuballi. Þessa mynd tók Silja fyrir Eskimo-Nars förðunarskólann. [9] Ein af mörgum myndum sem Silja tók fyrir Eskimo-Nars förðunarskólann [10] Tekin fyrir Eskimo-Nars förðunarskólann.

 A large advertisement for Síminn. The background is a close-up photograph of a man's face, showing his eyes, nose, and mouth. He has a serious expression. The text is overlaid on the left side of the image.

úr heimasíma

Stundum er betra að senda SMS!

Ekki þarf að greiða fyrir SMS sendingar úr heimasíma til 1. apríl 2005

800 7000 - siminn.is **Síminn**



Aðal frétt dagsins

Kæra Keflavíkur gegn Terrell Taylor

Keflavíkingar kærðu Taylor fyrir að stíga ofan á Jón Hafsteinsson. Aganefnd tók málið fyrir í gærkvöldi og sá ekki ástæðu til þess að þvingja refsingu Taylors og sleppur hann því við bann.

sport
sport@frettabladid.is

JÓN NORDAL HAFSTEINSSON: FÉKK 132JA KG TERRELL TAYLOR Á HÁLSINN

Ætla ekki að hefna mín

Það er óhætt að segja að Jón Nordal Hafsteinsson, körfuboltaaður úr Keflavík, hafi komist í hann krappann á fimmtudagskvöldið. Jón var að spila með sínum mönnum gegn Grindavík í úrslitakeppni Intersportdeildarinnar og fékk að finna duglega fyrir Bandaríkjamanninum Terrell Taylor í liði Grindavíkur. Taylor steig ofan á háls Jóns þar sem hann lá á gólfinu og fékk dæmt ásetningsvíti á sig. Að fá Taylor á sig er ekkert sældarlíf því kappinn er sannkallaður þungvigtamaður, 203 cm á hæð og heil 132 kg á þyngd.

Jón Nordal bar sig þó þokkalega þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær. „Ég er allur að koma til,“ sagði Jón, nokkuð ferskur miðað við að hafa fengið rúmlega 130 kg trukk á sig. „Þetta gerðist hratt og ég verð að viðurkenna að þetta

kom mér töluvert á óvart. Ég er handviss um að þetta var vilja- verk því hann hefði auðveldlega getað sleppt þessu. Þetta var fólkskubrot en ég veit ekki hvað hann var að hugsa. Ég veit ekki hvort hann var sár eða hvað en þú verður að spyrja hann að því hvað var að gerast hjá honum,“ sagði Jón.

Hann sagðist oft hafa fengið högg í leik áður en þetta væri í fyrsta sinn sem stigið væri á hann. Jón sagðist þó ekki ætla að berja Taylor í leiknum í dag. Ég ætla ekki að hefna mín á honum nema með því að vinna leikinn. Það er eina hefndin sem dugur,“ sagði Jón, sem er ekki hlynntur því að kæra Taylor. „Það hefur ekkert upp á sig því að við vinnum leikinn hvort sem hann er með eða ekki.“



> Við mælum með ...

... að körfuknattleiksunnendur skelli sér á leik Grindavíkur og Keflavíkur í dag. Síðast sauð upp úr og enduðu lætin með kæru. Það hafa því margir harma að hefna og von á miklu fjöri.

> Það vantar greinilega ekki ...

... peningana í færeyska fótboltann en B68 hefur samið á ný við markvörðinn Albert Sævarsson. Hann er ekki sá ódýrasti á markaðnum en hann jataði síðastliðið sumar að fá 250 þúsund krónur fyrir að spila fótbolta með Grindavík.



LEIKIR GÆRDAGSINS

1. deildin í handbolta

GRÓTTA/KR-STJARNAN 24-32

Gróttu/KR: Kristinn Björgúlfsson 9, Kristján Geirþorsteinsson 4, Daniel Berg Grétarsson 4, Daði Hafþórsson 3, Davíð Kekelía 2.

Stjarnan: Guðmundur Guðmundsson 12, Arnar Theódórsson 6, Þórólfur Nielsen 4, Gunnlaugur Garðars. 3, Kristján Kristjánsson 3, Davíð Ketils. 3.

FH-AFTURELDING 34-24

FH: Guðmundur Pedersen 7, Brynjar Geirsson 6, Heiðar Arnarson 6, Hjörleifur Þórðarson 5, Hjörtur Hinriksson 4, Jón Jóns. 2, Arnar Agnars. 2.

Afturelding: Ernir Arnarson 8, Vlad Troufan 6, Magnús Einarsson 3, Einar Hrafn. 3, Ásgeir Jóns. 3.

SELFOSS-FRAM 23-33

Mörk Selfoss: Ramunas Mikalonis 5, Jón Þorvarðarson 5, Ívar Grétarsson 4, Ramunas Kalendauskas 3, Haraldur Þorvarðars. 3, Atli Kristins. 1, **Mörk Fram:** Jón Pétursson 13, Guðjón Drengsson 6, Stefán Stefánsson 4, Þorri Gunnarsson 3, Guðlaugur Arnarson 2, Ingólfur Axelsson 2.

STAÐAN

FH	9	7	1	1	253-205	15
FRAM	9	7	0	2	245-219	14
GRÓTTA/KR	9	4	1	4	216-220	9
AFTURELDING	4	0	5	240-251	8	
STJARNAN	9	2	1	6	236-256	5
SELFOSS	9	1	1	7	224-263	3

Verðum að vinna þessa keppni

Ólafur Stefánsson og félagar í Ciudad Real mæta Fotex Veszprem í Meistaradeildinni í dag. Ólafur segir að Ciudad verði helst að vinna keppnina til þess að tryggja sæti í deildinni að ári.

HANDBOLTI Tveir Íslendingar verða í eldlnunni með félögum sínum í Meistaradeildinni í handbolta í dag. Logi Geirsson og félagar hans í Lemgo eiga mjög erfitt verkefni fyrir höndum er þeir mæta Celje Pivovarna Lasko í Celje en slóvenska liðið vann fyrri viðureign félaganna í Þýskalandi með fjögurra marka mun, 29-33.

Staða Ólafs Stefánssonar og féлага í Ciudad Real er ívið betri en þeir mæta ungverska liðinu Fotex Veszprem í Ungverjalandi. Ciudad vann fyrri leikinn með sjö marka mun, 29-22. Fréttablaðið sló á þráðinn til Ólafs og spurði hann út í leikinn í dag, sem sýndur verður í beinni útsendingu á Sýn.

„Við erum í fínun málum en það er bara hálfleikur og það mætti segja að við séum bara þremur mörkum yfir. Það er ekki meira en það því hlutirnir eru mjög fljótir að gerast þarna í Veszprem og ég þekki það mjög vel,“ sagði Ólafur, sem hefur margoft mætt þessu ungverska liði, bæði með Ciudad og Magdeburg.

„Maður spilar þarna nánast á hverju ári. Þetta er mikil gryfja og mikill hávaði sem myndast þarna. Ef þeir ná upp vörn og markvörslu getur allt gerst.“

Ciudad verður án markvarðarins Arpad Sterbik sem sleit krossbönd en markvarslan ætti samt ekki að vera vandamál því

liðið hefur einnig innan sinna raða hinn frábæra markvörð spænska landsliðsins, Hombrados. Það er mikið undir hjá Ciudad í leiknum. Liðið er búið að missa af spænska titlinum og stendur ekki vel að vígi með að vinna sér sæti í Meistaradeildinni að ári og því þarf það helst að vinna keppnina til þess að

tryggja sér þátttökurétt í Meistaradeildinni að ári.

„Það er óhætt að segja að það sé pressa á okkur og við verðum að vinna þessa keppni til þess að vera öruggir með áframhaldandi þátttökurétt,“ sagði Ólafur Stefánsson og hló létt.

henry@frettabladid.is



Í ELDLNUNNI Í UNGVERJALANDI Ólafur Stefánsson og félagar í Ciudad Real mæta ungverska liðinu Fotex Veszprem í beinni á Sýn í dag.

Tveir leikir fóru fram í úrslitakeppninni í körfubolta:

ÍR sigraði í Njarðvík

KÖRFUBOLTI ÍR-ingar komu geysilega á óvart í gærkvöld þegar þeir gerðu sér lítið fyrir og sigruðu Njarðvíkinga á útivelli, 101-106, en þetta var fyrsta rimma félaganna í úrslitakeppninni.

Njarðvík leiddi nánast allan tímann og hafði þriggja stiga forystu eftir þrjú leikhluta. Þeir komust síðan í 92-86 í fjórða leikhluta en þá sögði ÍR-ingar hingað og ekki lengra. Þeir skoruðu níu stig í röð, litu aldrei til baka og sigruðu leikinn.

Í hinum leik gærkvöldsins fagnaði Fjölnir sigri á Skallagrími. Leikurinn var æsispennandi og Skallagrímur leiddi með átta stigum eftir þrjú leikhluta. Fjölnismenn reynust síðan sterkari í lokafjórðungnum. Skallagrímur hefði getað tryggt sér sigur undir lokin en þriggja stiga skot Hafþórs Gunnarssonar geigaði.

LEIKIR GÆRDAGSINS

Intersportdeildin

FJÖLNIR-SKALLAGRÍMUR 76-74 (42-38)

Stig Fjölnis: Jeb Ivey 20 (9 stoðs.), Pálmar Ragnarsson 16 (9 fráköst), William Coley 16 (13 fráköst), Nemanja Sovic 12, Magnús Pálsson 8, Guðni Valentínsson 2, Hjalti Vilhjálmsson 2. **Stig Skallagríms:** George Byrd 22 (21 fráköst), Jovan Zdravovski 19, Ragnar Steinsson 15, Hafþór Gunnarsson 11, Pálmi Sævarsson 3, Clifton Cook 2, Áskell Jónsson 2.

NJARÐVÍK-ÍR 101-106 (58-55)

Stig Njarðvíkur: Alvin Snow 23 (12 stoðs.), Brenton Birmingham 20, Páll Kristinnsson 16, Doug Wrenn 13, Halldór Karlsson 11, Guðmundur Jónsson 6, Egill Jónsson 4, Friðrik Stefánsson 3 (16 fráköst), Ólafur Ingvarsson 2. **Stig ÍR:** Theo Dixon 26 (9 fráköst), Eiríkur Önnundarson 21 (8 stoðs.), Grant Davis 19 (19 fráköst), Ólafur Sigurðsson 16, Fannar Helgason 11 (8 fráköst), Gunnlaugur Erlendsson 11, Ómar Sævarsson 6.

- hbg

ÚTSÖLUMARKAÐURINN GLÆSIBÆ

Ertu búinn að koma og sjá úrvalið?

Ótrúlegt úrval af vinsælum
herra-, dömu- og barnaskóm:

Frábær verð eða frá kr. 995,-

Leðurstígvél
Rússkinsstígvél
Spariskór
Fermingarskór
Kuldaskór
Sportskór
Inniskór

Mikið úrval af töskum, eitt verð kr. 995,-

Nýjar vörur í hverri viku!

Opið sem hér segir:

Laugardaga frá 10:00-18:00

Alla virka daga frá 10:00 -18:00

**ATH. Enn meiri verðlækkun
Komdu og gerðu góð kaup!**

Skómarkaðurinn
Glæsibæ
S: 693-0997

SKÓR.IS

Valmiki

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

9 10 11 12 13 14 15

Miðvikudagur

LEIKIR

- 11.00 Númi og Afturelding mætast í Reykjaneshöllinni í 1. riðli B-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 13.00 FH og Stjarnan mætast í Reykjaneshöllinni í A-deild deildarbikars kvenna í fótbolta.
- 14.05 ÍA og Breiðablik mætast í Fífunni í 1. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 14.30 Grótta/KR og Haukar mætast á Seltjarnarnesi í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 14.30 Valur og FH mætast í Valsheimilínu í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 14.30 ÍBV og Fram mætast í Vestmannaeyjum í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 14.30 Víkingur og Stjarnan mætast í Víkinni í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 15.00 Valur og Víkingur mætast í Reykjaneshöllinni í 1. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.
- 15.00 Höttur og ÍA mætast á Egilsstöðum í 1. deild karla í körfubolta.
- 16.00 Grindavík og Keflavík mætast í Grindavík í úrslitakeppni Intersportdeildar karla í körfubolta.
- 16.00 KR og Snæfell mætast í DHL-höllinni í úrslitakeppni Intersportdeildar karla í körfubolta.
- 16.30 ÍR og Þór Ak. mætast í Austurbergi í DHL-deild karla í handbolta.
- 16.30 Valur og HK mætast í Valsheimilínu í DHL-deild karla í handbolta.
- 16.30 ÍBV og KA mætast í Vestmannaeyjum í DHL-deild karla í handbolta.
- 16.30 Víkingur og Haukar mætast í Víkinni í DHL-deild karla í handbolta.
- 17.00 Grindavík og Fylkir mætast í Reykjaneshöllinni í 1. riðli A-deildar deildarbikars karla í fótbolta.

SJÓNVARP

- 08.25 Intersportdeildin í körfubolta á Sýn. Útsending frá leik Keflavíkur og Grindavíkur í úrslitakeppni Intersportdeildarinnar í körfubolta.
- 09.50 Meistaradeildin í fótbolta á Sýn.
- 11.30 Enski bikarinn á Sýn. Ítarleg umfjöllun um alla leiki í 6. umferð ensku bikarkeppinnar í fótbolta.
- 12.00 Enski bikarinn á Sýn. Bein útsending frá leik Bolton og Arsenal í 6. umferð ensku bikarkeppinnar í fótbolta.
- 14.10 Bestu bikarmörkin á Sýn.
- 14.25 Íslandsmótið í handbolta á RÚV. Bein útsending frá leik Vals og FH í DHL-deild kvenna í handbolta.
- 15.05 Bandaríska mótaröðin í golfi 2005 á Sýn.
- 15.35 Meistaradeildin í handbolta á Sýn. Bein útsending frá leik Fotex Veszprem og Ciudad Real í meistaradeildinni í handbolta.
- 16.00 Handboltakvöld á RÚV.
- 16.20 Íslandsmótið í handbolta á RÚV. Bein útsending frá leik Vals og HK í DHL-deild karla í handbolta.
- 17.05 Enski bikarinn á Sýn. Bein útsending frá leik Southampton og Manchester United í 6. umferð ensku bikarkeppinnar í fótbolta.
- 19.05 Spænski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik Barcelona og Athletic Bilbao í spænsku 1. deildinni í fótbolta.
- 20.55 World Supercross á Sýn.
- 21.50 Hnefaleikar á Sýn. Útsending frá bardaga Jose Luis Castillo og Julio Diaz.

Dregið í riðla fyrir undankeppni HM kvenna:

Íslensku stelpurnar í öðrum styrkleikaflokki

FÓTBOLTI Óvissa hefur verið um verkefni íslenska kvennalandsliðsins á þessu ári þar sem enn á eftir að draga í næstu undankeppni. Nú sér fyrir endann á því þar sem dregið verður í riðla fyrir undankeppni HM kvennalandsliða 18. mars næstkomandi og því ætti nýráðinn landsliðsbjálfi, Jörundur Áki Sveinsson, að geta farið að setja upp verkefni landsliðsins í kjölfarið.

Í undankeppninni verður leikið í fimm riðlum og verður hver riðill skipaður fimm liðum, einu úr hverjum potti innan efsta styrk-

leikaflokks. Íslensku stelpurnar eru í öðrum styrkleikaflokki og geta því ekki lent með Rússum, Ítölum, Engendingum eða Finn-um í riðli en þrjú þau fyrstnefndu hafa verið andstæðingar liðsins í síðustu undankeppnum.

Efsta lið hvers riðils kemst í úrslitakeppni HM í Kína 2007, en neðstu liðin leika aukaleiki um fall í annan styrkleikaflokk. Sextán þjóðir spila í úrslitakeppninni í Kína, fimm frá Evrópu, tvær frá Asíu, tvær frá Afríku, tvær frá Norður- og Mið-Ameríku, tvær frá Suður-Amer-



HVERJIR VERÐA MÓTHERJAR ÍSLANDS? Eftir viku ræðst hvaða fjórar þjóðir verða með íslensku stelpunum í riðli í undankeppni HM 2007.

ku og ein frá Eyjaálfu auk gestgjafanna frá Kína og sigurvegara umspils milli þriðju bestu þjóð-

anna úr undankeppni Asíu og undankeppni Norður- og Mið-Ameríku.

RENÉE ZELLWEGER HUGH GRANT COLIN FIRTH

BRIDGET JONES

THE EDGE OF REASON

SAME BRIDGET. BRAND NEW DART.

BRIDGET JONES

THE EDGE OF REASON

Það er alltaf eitthvað skemmtilegt að gerast í kringum þessa elsku en eftir að hún hafði loksins fundið hinn fullkomna mann í hinum glæsilega lögfræðingi Mark Darcy (Colin Firth), stendur hin rúmlega þrítuga, fyrrverandi einhleyingur, Bridget Jones (Renée Zellweger) frammi fyrir enn meiri áskorun...að halda í hann. Þegar efasemdir hennar um sjálfa sig kvikna á nýjan leik og fyrrverandi elskuhugi hennar, hinn kvensami Daniel Cleaver (Hugh Grant), birtist óvænt aftur óbóðinn, flækist Bridget í bráðfyndna atburðarás sem einkennist af slæmum ráðleggingum, samskiptaleysi og algjörum hörmungum sem aðeins hún gæti lent í.

Coca Cola Light fylgir DVD myndinni Bridget Jones, Edge of Reason

1.999

FYLGIR

BT



UPP AÐ VEGG Snæfell vann sex fyrstu leiki sína í úrslitakeppninni í fyrra en hefur nú tapað fjórum leikjum í röð í úrslitakeppninni.

KR tekur á móti Snæfelli: Endurtekur sagan sig?

KÖRFUBOLTI KR-ingar geta slegið út Snæfell í öðrum leik liðanna í átta liða úrslitum úrslitakeppni Inter-sportdeildar karla en leikurinn fer fram klukkan 16.00 í DHL-höllinni í dag. Á sama tíma geta Íslandsmeistararnir úr Keflavík einnig komist áfram og jafnframt slegið nágretta sína í Grindavík út þriðja árið í röð og þá alltaf á þeirra eigin heimavelli í Röstinni í Grindavík. KR vann fyrsta leikinn í Hólminum með þriggja stiga sigurkórfa Aarons Harper 7 sekúndum fyrir leikslok en Harper hefur nú tryggt sínu liði sigur tvo leiki í röð.

KR-ingar ættu að vera reynslunni ríkari. Fyrir ári síðan voru þeir í sömu stöðu, unnu fyrsta leik átta liða úrslitanna í Grindavík, 95-99, en töpuðu síðan næstu tveimur og dattu út. Í heimaleiknum skoraði Grindavík 42 stig í fyrsta leikhliða sem liðið vann með 29 stigum og leikinn á endanum með 13 stigum, 95-108. Grindavík vann síðan oddaleikinn í Grindavík með fimm stigum, 89-84.

ooj@frettabladid.is

33 Íslandsmeistararitlar á tólf árum

Guðmundur E. Stephensen varð þrefaldur Íslandsmeistari í borðtennis um síðustu helgi. Þetta var tólfta árið í röð sem Guðmundur verður meistari í einliðaleik en titillinn vann hann fyrst ellefu ára gamall.

BORÐTENNIS Það kemur kannski fáum á óvart að Guðmundur E. Stephensen, borðtennisþjálfari úr Víkingi, hafi tryggt sér Íslandsmeistararitilinn um helgina en um helgina varð hann Íslandsmeistari tólfta árið í röð.

Guðmundur, sem verður 23 ára gamall í sumar, vann fyrsta Íslandsmeistararitilinn sinn 20. mars 1994, þá enn ellefu ára gamall, en síðan, þegar flestir jafnaldrar hans eru að fóta sig í sínum íþróttagreinum, hefur



ELLEFU ÁRA MEISTARI Guðmundur Stephensen varð fyrst Íslandsmeistari í borðtennis 20. mars 1994, fyrir ellefu árum.

strákurinn haft mikla yfirburði í sinni grein og alls unnið 33 Íslandsmeistararitla á tólf árum, 12 í einliðaleik, 11 í tvíliðaleik og 10 í tvenndarleik, en Guðmundur varð einmitt þrefaldur Íslandsmeistari um helgina í tíunda sinn á þessum tólf árum.

Markús Árnason, félagi Guðmundar úr Víkingi, þurfti að sætta sig við silfrið í einliðaleik í fjórða skiptið um helgina. Guðmundur hefur einnig unnið fjóra úrslitaleiki gegn Kjartani Briem úr KR en Kjartan er einmitt síðasti Íslandsmeistarinn á undan yfirtöku Guðmundar. Markús hefur reyndar unnið Íslandsmeistararitla við hlið Guðmundar á þessum tíma því þeir félagar unnu tvíliðaleikinn í sjöunda skiptið um helgina.

Guðmundur vann einnig tvenndarleikinn, nú með Magneu Ólafs, en síðustu þrjú árin á undan hafi Guðmundur unnið titilinn með systur hennar, Halldóru Ólafs.

Yfirburðir Guðmundar eru ótrúlegir, hann hefur sem dæmi unnið 40 af 44 lotum í þessum tólf úrslitaleikjum og það var aðeins fyrir níu árum síðan sem hann lenti í kröppum dansi þegar úrslitaviðureign hans og Kjartans fór alla leið í oddalotu en hana vann Guðmundur reyndar sannfærandi. Guðrún Björnsdóttir úr KR varð Íslandsmeistari í kvennaflokki í einliðaleik er hún sigraði Kristínu Hjálmarsdóttur KR í úrslitaleik 4-0.

ooj@frettabladid.is

NÁÐI VARLA UPP FYRIR BORÐIÐ Guðmundur Stephensen sést hér á fleygiferð í úrslitaleikum fyrir ellefu árum.



MEISTARI TÓLFTA ÁRIÐ Í RÖÐ Guðmundur Stephensen sést hér með bikarinn sem Íslandsmeistari í borðtennis karla tólfta árið í röð.



Chevrolet gæði, frábært verð!

Við kynnum Chevrolet Lacetti Station, veglegan og einstaklega vel búinn bíl á frábæru verði. Staðalbúnaður innifelur m.a.: 1,8 ltr. 122 hestafla vél, regnskynjara á framrúðu, TCS veggríps-stýringu, spólvörn, þokuljós, útvarp með 5 diska geislaspilara og kassettutæki, 8 hátalarar, rafknúnar rúðuvindur og útispeglar, leðurklætt velti- og aðdráttarstýri og m.fl.

Allt þetta fyrir aðeins
kr. 1.749.000 beinskíptur
kr. 1.899.000 sjálfskíptur

Komdu, skoðuðu og reynsluaktu Chevrolet Lacetti. Opið virka daga 09 - 18. Laugardaga 12 - 16.



Kr. 20.947,-*

Nýtið ykkur hagstætt gengi!



Kalos SE
kr. 1.249.000,-



Lacetti Sport
kr. 1.549.000,-



Lacetti CDX
kr. 1.649.000,-



Lacetti CDX Station
kr. 1.749.000,-



Tacuma CDX
kr. 1.749.000,-



Evanda Sport
kr. 2.489.000,-

Bílabúð
Benna

Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23 • Sími 590 2000 • www.benni.is

*Bílasamningur Glitnis með 20% út og eftirstöðvar í 84 mánuði. 50% erlend og 50% íslensk mynt kr. 20.947,-

Einnig hægt að velja um 100% Íslenska mynt.

Glitnir



CHEVROLET

ÚR ÍPRÓTTAHEIMINUM

Jon Wardle, stjórnarformaður Manchester City, segist munu gera allt sem í hans valdi stendur til að hindra það að **Shaun Wright-Phillips** fari frá félaginu á hæla **Kevin Keegan**.

Phillips er verðmætasti leikmaður félagsins og hefur staðið sig vel í vetur, en hann er í sífellu orðaður við stóru klúbbana á Englandi í sumar. Manchester City er skuldum vafið félag og gæti því neyðst til að selja landsliðsmann sinn, en stjórnarformaðurinn er ekki hrifinn af þeirri hugmynd þó svo að liðið vanti sárlaga fé inn í reksturinn. Auk þess kostaði það örugglega skilninginn að láta Kevin Keegan fara í gær.



Martin O'Neill, knattspyrnustjóri skosku meistaranna í Glasgow Celtic, hefur brugðist reiðilega við orðrómnum sem tengir hann við stjórnstöðuna hjá Manchester City, eftir að **Kevin Keegan** fór frá félaginu. „Ég hef verið spurður hvort ég væri að fara frá Celtic hvern einasta dag síðan ég tók við stjórn liðsins og svara alltaf á sama hátt – ég fer ekki fet og það er asnalegt að spyrja svona spurninga á þessum tímabundi á leiktidinu þegar við erum í baráttunni um meistaratitilinn. Þetta er allt saman bara skrípaleikur í fjölmiðlum,“ sagði norður-írski knattspyrnustjórinn reiðilega, þegar hann var spurður út í stöðuna hjá City-liðinu.



Stuart Pearce hefur viðurkennt að hann hafi mikinn áhuga á að verða næsti knattspyrnustjóri Manchester City, en hann sér um að stýra liðinu út leiktíðina eftir að **Kevin Keegan** tók pokann sinn í gær. „Mig langar að nota þetta tækifæri og þakka Kevin fyrir allt sem hann hefur gert fyrir mig sem þjálfara og leikmann. Nú er það ég sem er knattspyrnustjóri félagsins og ég hef í hyggju að vera hérna á næsta tímabili og jafnvel lengur ef ég fæ tækifæri til þess,“ sagði **Pearce**, en hann hefur starfað sem þjálfari hjá félaginu síðustu árin.



Markvörðurinn **Albert Sævarsson** sem lengst af hefur varið mark Grindvíkinga í úrvalsdeildinni, hefur samið við fyrrum félagi sína í B-68 í Færeyjum. **Albert** er 31 árs og lék með færeyska liðinu árið 2003 og var valinn í úrvalslíð mótsins fyrir frammistöðu sína með liðinu. Nú leikur B-68 hinsvegar í annari deildinni og stefnir að því að komast upp aftur. Þjálfari liðsins er **Julian Johnsson**, sem var eitt sinn á mála hjá Skagamönnum, en hann leikur einnig með liðinu.

Úrslitakeppni

INTERSPORT
DEILDIN

KR - Snæfell

DHL - Höllin

12. mars
kl. 16.00

Þór hefur kært Keflavík fyrir að ræða við samningsbundna leikmenn án leyfis:

Þeir reyna að vaða yfir allt og alla

FÓTBOLTI Unnsteinn Einar Jónsson, formaður knattspyrnudeildar Þórs, sendi formlega kæru inn á skrifstofu KSÍ á fimmtudag. Hann er verulega ósáttur við framkomu Keflvíkinga en hann segir þá hafa rætt við leikmennina Hallgrím Jónsson, Gunnar Línal og Baldur Sigurðsson án leyfis félagsins. Reyndar kæra Þórsarar ekki vegna Baldurs enda er hann lánsmaður hjá þeim frá Völsungi.

„Þeir eru að tala við leikmenn á samningi bæði beint og óbeint. Þá meina ég að þeir tala líka við þessa strákanna. Slíkt ætti að skila sér rétta leið,“ sagði Unnsteinn frekar ósáttur. „Þetta er

mjög óþægilegt á þessum tíma því slík atvik koma ókyrrð á hópinn. Þeir töluðu við föður Hallgríms fyrir tveim vikum síðan en það er lengra síðan þeir ræddu við Gunnar. Kristján Guðmundsson, aðstoðarþjálfari Keflavíkur, sá um að ræða við Gunnar og það ekki með okkar leyfi. Okkur finnst það ólíðandi vinnubrögð að menn komi svona og reyni að vaða yfir allt og alla.“

Rúnar Arnarsson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, skildi hvorki upp né niður í kæru Þórsara og hafði litlar áhyggjur af henni.

„Þetta kemur mér í opna skjöldu og ég vísa þessu til föður-

húsanna. Við teljum okkur hafa staðið eðlilega að þessu máli og ég hef engar áhyggjur af þessu máli,“ sagði Rúnar en hann neitar því ekki að Keflvíkingar hafi rætt við föður leikmannanna. „Þeir hafa frekar hringt í okkur en öfugt.“

Það er heldur ekkert sem bannar okkur að tala við feðurna. Þessir drengir eru áhugasamir um að koma til okkar og vilja endilega koma en Þór stendur í vegi fyrir þeim,“ sagði Rúnar, sem segist hafa rætt við Baldur með leyfi Völsungs en Gunnar Línal sagðist Rúnar aldrei hafa heyrt minnst á.

henry@frettabladid.is



SEFUR RÓLEGA Rúnar Arnarsson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, hefur engar áhyggjur af kæru Þórsara.

Viltu sjá

á undan öllum?

PlayStation 2

ROBOTS

SIERRA

4.999
PS2 leikur

2.799
PC leikur

Robots:
Platformleikur byggður á samnefndri kvikmynd frá Fox. Leikmenn fara í hlutverk Rodney Copperbottom á ævintýrum hans úr Robots myndinni. Robots heimurinn er að verða yfirtekin af illum einræðisherra og þurfa leikmenn að bjarga heiminum frá þeim slæmu örlögum. Leikmenn taka lest til stórborgarinnar sem er full af tannhjólum, gírum og allskyns mekanisma, og hitta þar fyrir ógleymanlegan hóp af persónum og vélum.

Robots playstation 2 leikur plús 2 bíomíðar á sérforýningu á Robots á meðan birgðir endast.

BT

FYLGIR

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

KOKOS-SISAL TEPPI



Falleg - sterk - náttúruleg
Verð frá kr. 2.840,- pr. m²

Suburandsbraut 1D
Sími 533 5800
www.sinnet.is/strond

STRÖND
EFT.

Viðurkennd virkni

Bogense sápan



Nuddsápan sem stinnir og grennir líkamann
Vinnur á appelsínuhúð

Fæst í apótekum

STUÐ MILLI STRÍÐA : Hversdagsleikinn er fyndnastur

FREYR BJARNASON SKRIFAR UM PÁ HÁRFÍNU LÍNU SEM GÓÐUR GRÍNISTI PARF AÐ FETA



MYND: HELGI SIGURSSON

Breski grínistinn og Íslandsvinurinn Eddie Izzard er í miklu uppáhaldi hér á bæ. Ein af ástæðum fyrir því er sú að hann virðist aldrei falla í þá gryfju að gera lítið úr öðru fólki, eins og til dæmis

konum, fötludum eða lituðu fólki. Kannski er ástæðan sú að hann er klæðskiptingur en ég held samt ekki.

Í uppstandi sínu á miðvikudagskvöld á Broadway talaði hann um dýr sem höldi ekki og vildi helst losna við, s.s. vespur, köngu-

lær og hákarla. Einnig gerði hann grín að þorskastríðinu og hversu hlægilegt það væri enn þann dag í dag. Ýmislegt fleira bar á góma og flest hitti það beint í mark hjá áhorfendum.

Izzard er það góður grínisti að hann þarf ekki að gera lítið úr öðrum. Það er fyrir neðan hans virðingu. Þó svo að slíkt grín geti alveg verið fyndið verður það fljótt þreytandi og sóðalegt og fer þar af leiðandi að missa marks. Það hversdagslega getur nefnilega verið ótrúlega fyndið og það eina sem menn þurfa að gera er að fylgjast betur með mörgu því sem er að gerast allt í kring og sjá fáránleikann í því.

Jerry Seinfeld er líka einn af þessum spaugurum sem nota hvers-

dagslegt umhverfið sem uppsprettu fyrir grín sitt. Þættir hans voru frábærir og Seinfeld er sannarlega einn af betri grínistunum í heiminum í dag. Aðrir hafa þó spröttið upp í gegnum tíðina sem hafa haft sóðalegt grín að leiðarljósi og öðlast vinsældir fyrir það. Dæmi um þá eru Andrew Dice Clay og Eddie Murphy, sem kölluðu ekki allt ömmu sína í þeim bransa.

Vonandi fylgja íslenskir uppstandarar í fótspor þeirra Izzard og Seinfeld og fjalla um íslenskan hversdagsleika án þess að niðast á öðru fólki. Enginn Íslendingur er enn kominn í þeirra klassa en vonandi eiga kappar eins og Þorsteinn Guðmundsson eftir að koma enn sterkari inn í framtíðinni. ■

Eintak á 199 kr?

Sendu SMS skreytið BTL STF á númerið 1900 og þú gætir unnið

10. hver vinnur

Aðalvinningur er: Mustek DVD spilari og SHARK TALE á DVD



Með Íslensku og ensku tali

Fallega brún á 15 mín.

... komdu í brúnkutjaldið



DEKURHORNID SNYRTISTOFA | FAXAFENI 14, 2. HÆÐ | S. 567 7227

BAYLINER

Sportbátar



www.velasalan.is

Skoðið úrvalið á heimasíðu okkar og tryggðu ykkur bát fyrir sumarið.

VÉLASALAN

Ánanaust 1 - Sími 580 5300
velasalan@velasalan.is

THE RETURN OF HOUDINI UM PÁSKANA



MIÐASALA Í SÍMA 568 8000
WWW.HOUDINI.IS

LAUGARDAGSMORGUNN

Í umsjón Eiríks Jónssonar
Alla laugardaga frá kl. 10-12

Eiríkur Jónsson fær til sín sérvalda gesti sem hafa örugglega eitthvað til skemmtilegt og jafnvel ófyrirsjáanlegt til málanna að leggja.

Eiríki til aðstoðar er Reynir Traustason ritstjóri.

Þátturinn er endurtekinn kl. 20 í kvöld.

Talstöðin
FM 90,9

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



BRAUTRYÐJENDUR Í LÆKKUN BENSÍNVERÐS



VELJUM
VERÐSAMKEPPNI





MÓÐUR VIKUNNAR


> MARTA SMARTA FER YFIR MÁLIN

Stíg engin feilsþor



Nýjustu „trendin“ í skótískunni koma eins og köld vatnsgusa framan í marga. Sérstaklega þá sem hafa upplifað þessa tísku áður og jafnvel oft en einu sinni. Ég verð þó að viðurkenna að ég fékk smá hland fyrir hjartað þegar ég fór að rekast á „stultuskóna“ í tiskublöðunum en um leið poppuðu skemmtilegar minningar upp í hugann. Ég var

mjög hrifin af þessari skótísku sem unglingur. Á þeim tíma var hippatískan svoltið vinsæl, allavega í Árbænum. Ég er þó alls ekki viss um hvort hippatískan hafi náð flugi í öðrum hverfum? Á þessu tímabili versluðum við Árbæjarætur fötin okkar í Spútník og komumst í feitt þegar við uppgötvuðum flóamarkað Hjalpræðishersins, foreldrum okkar til mikillar mæðu. Á þessu tímabili keypti ég „stultuskó“ í Spútník sem voru úr plasti og botninn á þeim minnti á bastkórfa. Þeir voru ekki sérlega þægilegir en ég gekk á þeim heilan vetur og fílaði mig vel. Vinkona mín var þó örlítið flottari á því en hún hafði afnot af „stultuskóm“ úr fataskáp ömmu sinnar. Þeir voru mun flottari en mínir, úr grænu leðri og botninn á þeim var úr ekta við. Ég var svo heppin að fá þá stundum lánaða en skilaði þeim alltaf aftur með trega. Það sem var svo gott við þessa skó var hvað þeir gerðu mann spengilegan og hávaxinn og segja má að þessi skótíska hafi verið himnasending fyrir lágvaxnar. Það voru þó ekki allir jafn hrifnir af „stultuskómum“. Þegar gesti bar að garði áttu foreldrarir það til að draga fram gersemarnar til þess eins að gera gys að þeim. Ég lét það ekki á mig fá og notaði skóna bara þeim mun meira eða þangað til þeir urðu ónýtir. Nú get ég tekið gleði mína á ný því „stultuskómir“ eru komnir aftur í tísku. Nú er bara að æfa réttu taktana, ganga bein í baki og passa mig að stíga engin feilsþor.



Yfirmáta smekklegt!

Hin snjalla Stella McCartney hefur fengið lof fyrir Adidas-línuna.

Stjörnurnar klæðast Rock & Republic

Ameríska gallabuxnamerkið Rock & Republic er eitt vinsælasta gallabuxnamerkið hjá fræga fólkinu í útöndum. Kryddpían Victoria Beckham hefur verið það hrifin af merkinu að einn af hönnuðum merkisins, Michael Ball, fékk hana til samstarfs við sig og saman bjuggu þau til sjóðheita gallabuxnalínu.

Að sögn Victoríu var þetta æði spennandi verkefni fyrir hana þar sem tískuáhugi hennar er mikill. Alicia Silverstone, Renée Zellweger og Cameron Diaz eru líka miklir Rock & Republic aðdáendur. Það sem einkennir þessar stjörnugallabuxur er hvað þær eru klæðilegar og úr góðum efnum. Á dögnum kom gallabuxnasending frá Rock & Republic til Íslands og eru þær seldar í Gallerí 17 og í Centrum.



Vegur breska tískuhönnuðarins Stelli McCartney hefur legið upp á við síðan hún útskrifaðist úr St. Martins's skólanum í Lundúnum árið 1995. Tveimur árum eftir útskrift var hún ráðin sem listrænn stjórnandi Chloe-tískuhússins í París. Hún kom með ferska strauma inn í tískuheiminn og lagði megináherslu á að búa til kvenleg og þokkafull föt sem væru uppfyll af hómor. Í apríl 2001 yfirgaf hún Chloe til að stofna tískuhús undir eigin nafni í samvinnu við GUCCI Group.

Síðastliðið haust tók Stella það verkefni að sér að hanna dömulínu fyrir íþróttamerkið Adidas. Þetta er í fyrsta skipti sem hátískuhönnuður hennar sportfatnað fyrir íþróttamerki. Vor- og sumarlinan kom í verslanir úti í heimi á dögnum en hún kemur ekki til Íslands fyrr en í ágúst þegar haustvörurnar koma. Samningur Stelli við Adidas hljómar upp á að hún geri tvær

línur á ári, vor- og haustlínu. Í Adidas-línu Stelli er að finna hlaupaföt, líkamsræktarföt ásamt sundfötum. Hönnunin er framúrsteftuleg, smart og kvenleg og óhætt er að segja að þessi föt eigi eftir að hvetja konur til íþróttadæmunnar og er það vel. Lítasamsetningarnar spila skemmtilega sínfóníu. Ljósgrái liturinn er áberandi ásamt fölbleikum, lilla-bleikum, ferskjulituðum og eyðimerkurlituðum. Einnig er töluvert um gyllta tóna út í bláa og græna. Mikil er lagt í sniðagerð og nostrarð er við hvert smáatriði. Adidas hefur lengi verið framarlaga í sportfatnaði en óhætt er að fullyrða að þetta sé það heitasta sem er að gerast í íþróttatískunni sem helst í hendur við ráðandi tískustraua. Eina neikvæða við þessa dýrðlegu hönnun er að gersemarnar munu ekki berast til Íslands fyrr en í ágúst þegar haustlinan kemur í hús í Adidas concept store í Kringlunni.

martamaria@frettabladid.is



Í tilefni af 30 ára afmæli verslunar Láru gullsmiðs bjóðum við 30-50% afslátt af völdum vörum áfram til 17. mars



SKÓLAVÖRÐUSTÍG 10
sími 561 1300

> BERGLIND ÓMARSÐÓTTIR FATAHÖNNUÐUR

Eyði mestum peningum í efni



>>>

Uppáhaldshönnuðir?

„Alexander McQueen er alltaf jafn flottur og svo er ég hrifin af íslensku hönnun. Ég fíla Jón Sæmund og Selmu mjög vel en þau standa sig vel í bolahönnun.“

Fallegustu litirnir?

„Svartur er alltaf flottastur en ég er líka hrifinn af grænu, rauðu og appelsínugulu.“

Hverju ertu mest svag fyrir?

„Ég hef alltaf verið jakkafrík, veit ekki hvað ég á marga en þeir hlaupa á einhverjum tugum.“

Hvaða flik keyptir þú þér síðast?

„Ég keypti mér gallajakka hjá Rögnu Fróða, en hún er að selja vörur eftir finnskan hönnuð.“

Hvað finnst þér mest sjarmerandi í vor- og sumartískunni? „Mér finnst svo skemmtilegt þegar sólin fer að skína og allt verður litríkara í verslunum. Ætli mér finnst ekki öll léttu pilsin mest sjarmerandi.“

Hvað ætlar þú að kaupa þér fyrir vorið? „Það er svo sem ekki ákveðið. Ég er að fara til Kúbu og það er aldrei að vita nema ég finni mér eitthvað þar.“

Uppáhaldsverslun?

„Ég versla svoltið í Vila í Smáralind. Þar er hægt að fá flotta bolí.“

Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði? „Ekki miklum. Ég sauma meira og minna allan fatnað sem ég nota. Ég eyði meiri peningum í efni en í föt.“

Hvaða flikur gætir þú ekki verið án? „Hermannáulpunnar sem ég er alltaf í.“

Uppáhaldsflik?

„Levis-gallajakki sem ég keypti í Þýskalandi fyrir nokkrum árum.“

Ljótasta flik sem þú hefur keypt?

„Ég hef keypt mér svo margt ljótt um ævina. Ætli fermingarfötin mín toppi þetta ekki. Ég fermdist í fölbleikum stretsbuxum og var í fölbleikum jakka við með skærbleikt ennisband og hvítum mokkasinum.“

VERTU Í STÍL

VIÐ SJÁLFA ÞIG OG VORIÐ



SÉRÞJÓNUSTA DEBENHAMS KYNNT Á TÍSKUVIKU 12. - 20. MARS

GLÆSILEG STÍLISTASÝNING
- VORLÍNAN -
MISMUNANDI TÝPUR
OG VIÐEIGANDI FATASTÍLL

Lau. 12. mars kl. 14 og 16
Sun. 13. mars kl. 15
Fim. 17. mars kl. 17
Fös. 18. mars kl. 17
Lau. 19. mars kl. 14 og 16
Sun. 20. mars kl. 15



KYNNINGAR Á SÉRÞJÓNUSTU

- Snyrtivöru- og ilmvatnskygningar
- Förðunarsýning

UTANLANDSFERÐ MEÐ PLÚSFERÐUM

Allir sem bóka tíma hjá Persónulegum stílista út apríl eiga möguleika á að vinna ferð í sólina með Plúsferðum.

VÖRUÚTEKT OG SNYRTIMEÐFERÐ

Aðrir vinningar eru vöruúttekt hjá Persónulegum stílista, naglaásetning hjá Professionals naglastúdíói og snyrtimeðferð á Snyrtistofu Jónu.

-Þrjú nöfn verða dregin úr pottinum 2. maí.

GJÖF FRÁ LANCÔME OG 15% AFSLÁTTUR

50 fyrstu viðskiptavinir, sem bóka sig hjá Persónulegum stílista, fá flotta gjöf frá Lancôme þegar þeir koma í tímann og 15% afsláttur í eitt skipti af fatnaði, fylgihlutum og skóm.



DEBENHAMS

SMÁRALIND

Rafmögnuð flamenco-tónlist á Nasa

Franska hljómsveitin Von Magnet verður með tónleika á Nasa í dag þar sem flutt verður tilraunakennd blanda af flamenco-tónlist og raftónlist. Von Magnet er ekki bara hljómsveit, því með í för eru leikarar, dansarar og myndlistarmenn sem í sameiningu búa til fjölskrúðuga sýningu með tónlist, leiklist, vídeóinnsetningu og flamencodans. Hljómsveitin var stofnuð í London árið 1985 og hefur mikið komið fram á neðanjarðarsviði Lundúnaborgar. Fyrstu plöturnar gerðu þeir undir stjórn Ken Thomas, sem er framleiðandi Sigur Rósar og starfaði einnig á sínum tíma með Sykurmolunum. Nýjasta platan þeirra, sú tíunda í röðinni, heitir De l'aimant og koma þeir hingað til lands í telfni af útkomu hennar. Sveitina skipa Phil Von sem dansar, leikur á trommur, gramsar í tölvum og syngur, Flore Magnet söngvari sem einnig sér um mynd-



böndin, sviðslistina og leiklistina, Yana Maizel sem dansar, Sabine Van Den Oever á flamenco-gítar og Nikho Def, sem er hljóðmaður. Tónleikarnir á Nasa hefjast klukkan 17 og aðgangur er ókeypis.

EKKI MISSA AF...

... sýningu **Sigríðar Salvardóttur** frá Vígur, í menningarmiðstöðinni Gerðubergi sem lýkur nú um helgina. Hún sýnir þar listaverk sem gerð eru úr mannhári og hefur sýningin vakið verðskuldaða athygli.

... tónleikum í Salnum í Kópavogi klukkan 13 í dag þar sem flutt verða svokölluð Sononymous-verk eftir **Hilmar Þórðarson**, sem eru gagnvirk tónverk samin fyrir tölvu og klassísk hljóðfæri, mannsródd og mannslíkama.

... áströlsku kvikmyndinni **Picnic at Hanging Rock**, sem **Peter Weir** gerði árið 1975. **Kvikmyndasafn Íslands** sýnir hana í Bæjarbíói í Hafnarfirði klukkan 16 í dag.

menning

menning@frettabladid.is



Kl. 15.00

Sigríð Valtíngar opnar í dag sýninguna **Hörund jarðar** í Listasafni ASÍ við Freyjugötu þar sem hún sýnir innsetningu og frottage-myndir. Einnig opnar **Kristín Garðarsdóttir** sýningu á keramikverkum á sama stað.



VERÐUR Á BLÚSHÁTÍÐ KK kemur fram með gömlu félögum sínum í Grinders á Blúshátíðinni.

Miðasala á Blúshátíð

Blúshátíð í Reykjavík verður haldin í dymbilvikunni í ár eins og í fyrra. Hátíðin verður prýdd fjölmörgum blústónlistarmönnum, bæði landsliðinu sem og frábærum erlendum gestum.

Meðal þeirra sem koma fram á hátíðinni er hljómsveitin Kentar en sérstakur gestur þeirra er Björgvin Gíslason gítarleikari, Smokie Bay Blues band, Hot Damn! og Mood. Einnig kemur hinn ástsæli tónlistarmaður KK fram með hljómsveitinni Grinders í fyrsta sinn í meira en áratug en þeir mældu götur stórborga saman hér á árum áður.

Hátíðin hefst þriðjudaginn 22. mars á Hótel Borg og lýkur á negrasálmátónleikum í Fríkirkjunni í Reykjavík á föstudaginn langa. ■

Stórtenór með fiðring í tánum

Á sunnudaginn verða haldnir tónleikar með spænska tenórnum **Plácido Domingo**. Hann er oft kallaður konungur óperunnar og er ein skærasta stjarna sigildrar tónlistar.

Domingo hélt blaðamannafund í gær ásamt sópransöngkonunni Ana Maria Martinez, en auk þeirra tveggja koma fram á tónleikum Óperukórinn undir stjórn Garðars Cortes og Sinfóníuhljómsveit Íslands, en stjórnandi tónleikanna verður Eugene Kohn.

„Það var yndislegt að vakna við þetta veður en ég bjóst við meiri snjó. Kannski er það bara gott, ég verð að passa upp á röðina,“ sagði Domingo léttur í bragði þegar fundurinn hófst.

Tenórinn, sem er þekktur fyrir mikinn knattspyrnuáhuga, dreymdi um að verða knattspyrnukappi. Hann segist samt feginn að hafa valið sönginn. „Ef fótboltann hefði orðið ofan á væri ég sestur í helgan stein fyrir þrjátíu árum síðan,“ segir þessi viðkunnanlega stórstjarna og hlær. „Í dag leikur tónlistin svo stórt hlutverk í mínu lífi að mér finnst ómögulegt að sjá fyrir mér að ég hefði gert nokkuð annað en að syngja og ég er þakklátur fyrir það tækifæri.“

Afkastamikill og langur ferill

Domingo, sem er fæddur í Madrid, fluttist átta ára gamall til Mexíkó, þar sem hann lærði fyrst á píanó. Eftir að sönghæfileikar hans voru uppgötvaðir sneri hann sér að söngnámi og kom fyrst fram sem Alfredo í óperunni La Traviata í lok sjöunda áratugarins. „Ég hef verið ótrúlega heppinn að fá að syngja. Að ná frama í óperuheiminum kostar mikla vinnu.“ Domingo verður seint sakaður um að hafa setið með hendur í skauti. Á fjörutíu ára ferli hefur hann leikið yfir hundrað hlutverk, tekið upp meira en hundrað plötur og leikið í þremur kvikmyndaútgáfum af óperum. Þá hefur hann hlotið níu Grammy-verðlaun og yfir einn milljarður manna í 117 löndum sá sjónvarpsútsendinguna frá óperunni Tosca, sem sett var upp í Róm 1992 þar sem Domingo fór með aðalhlutverkið. „Ferill minn er orðinn það langur að ég sé söng með móður Ana Maria,“ segir Domingo og fær viðstadda til þess að hlæja. Hann leyfir sér þó að efast um að honum tækist að syngja með dóttur Ana Maria.

Kemur ungu fólki á framfæri

Þrátt fyrir að vera ein skærasta stjarna óperuheimisins leggur Domingo sitt af mörkum til þess að koma óperusöngvurum á framfæri, því hann stendur fyrir alþjóðlegri keppni, Operiala, þar sem ungu hæfileikafólki gefst kostur á að taka þátt. Þess má til gamans geta að



DOMINGO ÁSAMT ANA MARIA „Ferill minn er orðinn svo langur að ég sé söng með móður hennar.“

Ana Maria Martinez vann Pepita Emil-verðlaunin í þeirri keppni 1995. Domingo vill greinilega vera viss um að óperuheimurinn verði í góðum höndum þegar hann kveður sviðið. Hann segir enn fremur að það sé honum ekki erfitt að starfa með ungum stjórnendum og hann forðist að taka fram fyrir hendurnar á þeim. „Þeir sjá um sitt og ég um mitt. Röðdin er viðkvæmasta hljóðfærið og söngvarar verða að geta treyst sínum stjórnanda og að þeir vinni saman. Þrátt fyrir að vera stjórnandi sjálfur tek ég ekki fram fyrir hendurnar á þeim sem eiga að stjórna mér.“

Fær ennþá sömu tilfinninguna

Domingo segist enn þann dag í dag fá sömu spennutilfinninguna þegar hann stígi á sviðið. „Ég veit vel að

við sem erum í þessu erum ekki að bjarga heiminum, síður en svo. En þegar fólk kemur til þess að sjá okkur og hlusta á okkur vill það gleyma sínum vandamálum. Ég gef því allt í alla mína tónleika,“ segir Domingo. Hann lofar því að tónleikarnir verði fyrir alla, því auk aria úr óperum verði lög sem allir ættu að þekkja. Domingo vildi ekkert gefa upp um hvort hann myndi syngja á íslensku eða hvaða lag. „Það verður bara rússínin í pylsuendanum, og ef ég segði ykkur það væri það svona svipað eins og að fá eftirréttinn á undan að alréttinum.“ Fundinum lauk svo með frekar óvæntu atriði. Gestir fundarins fengu þá einstakt tækifæri til þess að syngja afmælissönginn með meistaranum sjálfum, þegar í ljós kom að Ana Maria átti afmæli. **freyrgija@frettabladid.is**

Schlingensief til Íslands

Hinn þekkti þýski leikstjóri Christoph Schlingensief frumflytur nýtt verk, Animatograph, í Klink og Bank á Listahátíð í vor.

Schlingensief hefur undanfarið undirbúið verkefnið hér á landi, en að því koma allmargir íslenskir listamenn bæði frá Klink og Bank og Þjóðleikhúsinu sem er samstarfsaðili að verkefninu auk Landsbankans.

Um er að ræða að hluta til kvikmynd, sem varpað er á hringsvið þar sem ýmsar verur eru á kreiki. Vinnur leikstjórinn út frá ýmsum minnum úr verkum Wagners, afrískum trúarhefðum, Íslendingasögnum og íslenskum samtíma.

Verk leikstjórans hafa jafnan vakið mikla athygli og á Bayreuth-hátíðinni í Þýskalandi í fyrra var frumsýnd sýning hans á óperunni Parsifal eftir Wagner. Vakti sýningin gríðarlegar deilur.



CHRISTOPH SCHLINGENSIEF Mætir með nýtt verk í Klink og Bank á opnunardag Listahátíðar.

Þetta nýja verkefni sem hér verður frumflutt á opnunardegi Listahátíðar hefur verið lengi í undirbúningi og verður sýnt í Berlín, New York og Vín. ■

Pilobolus á æfingu með Íslenska dansflokknum

Pilobolus-hópurinn tók þátt í æfingu Íslenska dansflokksins á föstudagsmorgun. Blaðamaður Fréttablaðsins fékk að fylgjast með æfingunni og áttaði sig þá á því af hverju liðsmenn flokksins eru sagðir sterkustu íþróttamenn heims. Styrkur þeirra er augljóslega gífurlegur og sést helst þegar þau halda á hverju öðru í erfiðum stellingum og mynda stórkostlega skúlptúra.

Renée Jaworski er einn með-



limur hópsins og er ánægð með að vera loksins komin til Íslands. „Þetta er í fyrsta sinn sem við komum hingað og við erum mjög spennt. Þetta er áhugaverður salur sem við eigum að koma fram í, mjög stór. Það verður gaman að sjá hvernig fólkið tekur við okkur og ég vona að margir sjái sér fært að mæta. Það er mjög mismunandi eftir löndum hvernig viðtökurnar eru.“

Það vekur athygli að hreyfingar dansaranna virðast margar tengjast dýraríkinu eða náttúrunni og nöfn hreyfinganna sömuleiðis. „Já það er rétt, alltaf þegar við búum til nýjar hreyfingar horfum við á þær og finnum út hvað þær minna okkur á og nefnum þær eftir því. Það er mjög gott að nota náttúruna sem áhrifavald.“

Aðspurð hvort hópurinn muni hafa tíma til að gera eitthvað annað en að sýna á meðan dvöl þeirra stendur segir Renée æst: „Við förum í Bláa Lónið! Það var æðislegt. Við förum örugglega þangað



PILOBOLUS DANSFLOKKURINN Í þessari æfingu hentu dansararnir sér niður í gólflið líkt og þeir væru að stinga sér í sundlaug.

aftur. Í dag ætlum við að röltu um í bænum og fara í búðir og á veitingastaði. Svo hef ég heyrt að það eigi að kólna rosalega yfir helgina, þá ætlum við að fara,“ segir hún og hlær. Dansflokkurinn sýnir í Laugardalshöll í kvöld.

Íslenska **BLOGG** samfélagið er á **fólk.is...**
Ert þú með?

folk.is

viðir
...UM ALLT!

dagskrá kvöldsins

12. mars 2005 í Laugardalshöll

Megavött	16 mínútur
– Hvíld	2-3 mínútur
Svartklædda konan	7 mínútur
– Hvíld	2-3 mínútur
Walklyndon	5 mínútur
Hlé	
Samlíf	13 mínútur
– Hvíld	2-3 mínútur
Annar dagur	35 mínútur

Húsið opnar kl. 19:00.
Sýningin varir í rúmar 90 mínútur með hléi.
Við erum að selja ósóttar pantanir í Skifunni
á Laugaveginum og í síma 575-1522.

PiLOBOLUS

Í KVÖLD KL. 20:00

Fjölskrúðug menning er okkur hjartans mál. Heimsókn Pilobolus dansleikhússins til Íslands er kærkomin viðbót í annars blómlegt listalíf landsins. Það er okkur ánægjuefni að eiga þátt í að greiða götu þeirra til landsins enda um heimsviðburð að ræða sem á engan sinn líkan.

Landsbankinn

Tangóball

Leikfélagið Snúður og Snælda sýnir:

Ástandið

Tangósveit Lýðveldisins
Þri. 15/3 kl. 21Miðasala í
síma 562 9700
www.idno.isSjarnarbakkinn
RESTAURANTSögur kvenna
frá hernámsárunumMið. 9/3 kl. 14.00 **Uppselt**

Sun. 13/3 kl. 14.00

Mið. 16/3 kl. 14.00

Takmarkaður sýningarfjöldi

MYNDLISTARSÝNING

Upplausn
landamæra

Í dag verða opnaðar í Reykjavík tvær sýningar á myndefni frá Vestur-Íslendingaslóðum í Kanada og Manitóba.

Önnur sýningin verður opnuð í Gallerí Skugga að Hverfisgötu 39. Þar eru myndlistarkonurnar Anna Jóa og Ólöf Oddgeirsdóttir á ferðinni með sýningu sem nefnist Mæramerking II. Þær sýna þar efni frá Manitóba og Norður-Dakóta þar sem þær heimsóttu Kanada- og Bandaríkjamenn af íslenskum ættum sumarið 2002.

Hin sýningin verður opnuð í myndasali Þjóðminjasafns Íslands klukkan 15. Þar verða sýndar ljósmyndir Guðna Þórðarsonar sem teknar voru árið 1955 á svipuðum slóðum og Anna og Ólöf heimsóttu árið 2002.

Á sýningunni í Gallerí Skugga gefur að líta myndbandsverk þar sem ferðasaga Önnu og Ólafar er rakin með óformlegum hætti. Þar er hugað að samspieli tveggja þráða í sjálfsvitundinni, þ.e. þess sem skilgreina mætti sem kanadískan/bandarískan annars vegar og íslensks hins vegar.

Titill sýningarinnar, Mæramerking, vísar til merkingar landamæra í tengslum við upplausn þeirra.

Í myndbandsverkinu er m.a. leitast við að sýna það sérstak-



SKÁPUR Þennan skáp rákust þær Anna Jóa og Ólöf Oddgeirsdóttir á þegar þær ferðuðust um slóðir Vestur-Íslendinga árið 2002.

lega sem minnr á Ísland í daglegu umhverfi fólksins og þá einkum inni á heimilunum: svipmyndir af fólki að tala vestur-íslensku, málverk á veggjum og ýmsa hluti eins og útsaum, leirker og veggdiska auk minjagripa frá Íslandi á borð við uppstoppaða lunda, þjóðbúninga-dúkkur og litla aska. ■

HVAD? HVENÆR? HVAR?

MARS

9 10 11 12 13 14 15

Laugardagur

KVÍKMYNDIR

16.00 Kvíkmyndasafn Íslands sýnir áströlsku myndina **Picnic at Hanging Rock** eftir Peter Weir frá árinu 1975.

TÓNLEIKAR

13.00 Sononymus-tónleikar **Hilmars Þórðarsonar** verða í Salnum í Kópavogi. Flutt verða gagnvirk verk fyrir klassísk hljóðfæri og tölvu.15.00 Hljómsvítin **Miri** kemur fram í Smekkleysu Plötubúð, Laugavegi 59.16.00 **KaSa hópurinn** og **Dimitri Ashkenazy** klarinettuleikari flytja kammerverk eftir Brahms á tónleikum í Norræna húsinu.16.00 Sönghópurinn **Sopranos**, sem skipaður er þremur sópransöngkonum ásamt píanóleikara, heldur tónleika í Laugaborg í Eyjafirði. Gestur á tónleikunum verður heftjunórinn **Ari Jóhann Sigurðarson**.17.00 **Mínus** verður með síðdegis-tónleika á Gauk á Stöng. Um upphitun sér **Solid IV**.17.00 Electroflamenco tónleikar verða á Nasa með frönsku hljómsveitinni **Von Magnet**, sem flytur blöndu af rafrænni tónlist og þjóðlagatónlist.21.00 **Big Kahuna** flytur indísktíð nýbylgjuopp í Kaffi Hljómsalind.22.00 Hljómsveitirnar **Hanoi Jane** og **Glasamar further then far far** koma fram ásamt **Þóri** á tónleikum í Stúdentakjallaranum.23.00 **Vínly** verður með tónleika á Grand Rokk.Risatónleikar á Gauknum með **Mínus** og **Brain Police**. Upphitun verður í höndunum á **Nifisk** og **Days of our Lives**. **Dj Stef** verður svo með lætin á efri hæðinni.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

MÝRARLJÓS

HREINASTI GULLMOLI!

■ Stóra sviðið kl. 20.00

MÝRARLJÓS - Marina Carr
9. sýn. lau. 12/3 örfá sæti laus, 10. sýn. lau. 19/3 örfá sæti laus, 11. sýn. fim. 31/3 örfá sæti laus, fös. 1/4.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR - Ævintýraheimur H.C. Andersen. Ármann Guðmundsson, Sævar Sigurgeirsson og Þorgeir Tryggvason.
Frumsýning sun. 13/3 kl. 15:00 örfá sæti laus, sun. 20/3 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 3/4 14:00, sun. 10/4 kl. 14:00.

ÖXIN OG JÖRÐIN - Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.
Fim. 17/3 örfá sæti laus. Síðasta sýning.

EDITH PIAF - Sigurður Pálsson
Fös. 18/3 uppselt, sun. 20/3 60. sýning uppselt, lau. 2/4 uppselt, sun. 3/4 uppselt, fim. 7/4 örfá sæti laus, fös. 8/4 uppselt, lau. 16/4 örfá sæti laus, lau. 23/4 nokkur sæti laus.

■ Smíðaverkstæðið kl. 20.00

GRJÓTHARÐIR - Hávar Sigurjónsson
Í kvöld lau. 12/3 uppselt, sun. 13/3 uppselt, lau. 19/3 nokkur sæti laus, fim. 31/3 örfá sæti laus, fös. 1/4. Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: midasala@leikhusid.is Veffang: www.leikhusid.is
Opnið kl. 12:30-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 12:30-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.
Þjóðleikhúsið sími 551-1200

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

STÓRA SVIÐ

DRAUMLEIKUR

e. Strindberg. Samstarf: Leiklistardeild LHI.
Í kvöld kl 20, Lau 19/3 kl 20, Su 20/3 kl 20, Lau 9/4 kl 20, Su 10/4 kl 20

HÍBYLI VINDANNA

leikgerð Bjarna Jónssonar eftir
vesturfarasögum Böðvars Guðmundssonar
Su 13/3 kl 20 - **UPPSELT**,
Fi 17/3 kl 20 - **UPPSELT**, Fi 7/4 kl 20,
Fö 8/4 kl 20, Lau 16/4 kl 20, Su 17/4 kl 20

HÉRI HÉRASON

e. Coline Serreau
Lau 23/4 kl 20, Fö 29/4 kl 20

LÍNA LANGSOKKUR

e. Astrid Lindgren
Lau 2/4 kl 14 - **AUKASÝNING**
Su 3/4 kl 14 - **AUKASÝNING**
Lokasýningar

HOUDINI SNÝR AFTUR

Fjölskyldusýning um páskana.
Mi 23/3 kl 20, Fi 24/3 kl 15, Fi 24/3 kl 20,
Lau 26/3 kl 15, Lau 26/3 kl 20

LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA

- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI

Kl 18:00 Gleðistund í forsal - veitingasalan opin
Kl 18:30 Kynniserfð um leikhúsið
- kynning á verki kvöldsins
Kl 19:00 Matseðill kvöldsins
Kl 20:00 Leiksýning kvöldsins
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKID Í TÍMAMiðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.isMiðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjuga,
10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga

SEGÐU MÉR ALLT

e. Kristínu Ómarsdóttur
Su 13/3 kl 20, Lau 19/3 kl 20, Su 20/3 kl 20

BELGÍSKA KONGÓ

e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki
Í dag kl 16 - **AUKASÝNING**
í kvöld kl 20 - **UPPSELT**,
Lokasýningar

AUSA eftir Lee Hall

Í samstarfi við LA.
Su 13/3 kl 20, Su 20/3 kl 20, Su 3/4 kl 20
- Ath: Miðaverð kr. 1.500

AMERICAN DIPLOMACY

eftir Þorleif Örn Arnarsson. Í samstarfi við
Hið lífandi leikhúsið.
Lau 18/3 kl 20, Fi 31/3 kl 20, Fö 1/4 kl 20
Síðustu sýningar

SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR

eftir Agnar Jón Egilsson. Í samstarfi við TÓBIAS.
Fi 17/3 kl 20 **Síðasta sýning**

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Einleikur Eddu Björgvinsdóttur.
Í kvöld kl 20 - **UPPSELT**,
Fö 18/3 kl 20 - **UPPSELT**,
Lau 19/3 kl 20 **UPPSELT**, Su 20/3 kl 20,
Mi 23/3 kl 20, Fi 24/3 kl 20,
Fö 1/4 kl 20 - **UPPSELT**,
Lau 2/4 kl 20 **UPPSELT**,

SVIK

eftir Harold Pinter
Samstarf: Á SENUNNI,SÖGN ehf. og LA
í kvöld kl 20, Lau 19/3 kl 20**Börn 12 ára og yngri fá frítt í
Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna
- gildir ekki á barnasýningar**

SÍÐUSTU SÝNINGAR

VODKAKÚRINN

Helga Braga Steinn Ármann
AUSTURBÆR

Lau. 12/03 '05 kl: 20:00
Lau. 19/03 '05 kl: 20:00 **Síðasta sýning**

Pantanir í síma 551 4700
miðasala opin 14 - 18 Alla daga

Brotið
eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann

**HAFNARFIJARDAR
LEIKHÚSIÐ**

Sun 13/3 kl. 20
Fim 17/3 kl. 20
Lau 19/3 kl. 20
Sun 20/3 kl. 20

Síðustu sýningar
Miðasala í síma 555 2222
eða á www.hhh.is

WELCOME TO THE JUNGLE

Nemendamátsnefnd Vesturlarskóla Íslands kynsir

e. Agnar Jón Egilsson

Mán. 14. Mars kl. 20:00 laus sæti
Þri. 15. Mars kl. 20:00 LOKASÝNING

Pantanir í síma 552-3000 og á netinu á mid.is
www.welcometothetjungle.is
Sýnt í Loftkastalanum

TOSCA

9. sýn. 12. mars kl. 19 - Uppselt - Allra síðasta sýning
Ósöttar pantanir seldar í miðasölunni
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýningin hefst

„Tveir bassar og annar með strengi“
Hádegistónleikar þriðjuga 15. mars kl. 12.15
Davíð Ólafsson, bassi, Dean Ferrell, kontrabassi og Kurt Kopecky, píanó
flytja verk eftir, meðal annars, Mozart og Bach.

Miðasala á netinu: www.opera.is

Landsbankinn

MasterCard

ÍSLENSKA ÓPERAN

www.opera.is | midasala@opera.is | Sími miðasölu: 511 4200
Miðasalan er opin kl. 14-18 virka daga, kl. 13-18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala frá kl. 10 virka daga.

GERÐUBERG

HRATT OG HÖMLULAUST
- Raunveruleiki íslensku fjölskyldunnar
Sýning á vegum Ljósberahópsins

PETTA VAR NÚ ÓSVIKIN SAGA
Ráðstefna um barnabókmenntir
Í dag kl. 10.30 - 13.30 Ókeypis aðgangur!

SIGRÍÐUR Í VIGUR
sýnir listaverk úr mannhári í Boganum
Síðasta sýningarhelgi!

www.gerduberg.is

Leikfélag Mosfellssveitar

Ævintýrabókin
barnaleikrit eftir Pétur Eggertz
í Bjarleikhúsinu Mosfellsbæ
Leikstjóri Ingrid Jónsdóttir

Frums. Föstud. 11. mars kl. 18:00
2. sýning Sunnud. 13. mars kl. 14:00
3. sýning Sunnud. 20. mars kl. 14:00
4. sýning Sunnud. 03. apríl kl. 14:00

Leikritið segir frá hinum ýmsu persónum
ævintýranna sem allir þekkja svo vel þó
á annan hátt en í hinum raunverulegu
ævintýrim. Persónur eru m.a. Mjallhvít,
Rauðhetta og úlfurinn, Prinsessan á
bauninni, Óskubuska, Stigvéladi
kötturinn og fl.

Miðasala í síma 5 66 77 88
Miðaverð kr. 1500,-

einkamal.is

Sprellifandi myndasögusýning


Stærsta myndasögusýning sem nokkurn tímann hefur verið haldin hér á landi verður opnuð klukkan 16 í dag. Sýningin gengur undir nafninu Nían, enda er myndasagan talin til níundu listgreinarinnar. Það er Hafnarhús Listasafns Reykjavíkur sem hýsir myndasögumessuna, sem inniheldur verk frá Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Kanada, Bretlandi, Bandaríkjunum og Íslandi.

